

**SKOÐUN** Orkan hrekkur skammt þegar kemur að tugmilljónaþjóðum, skrifar Örn Helgason. 27



**MENNING** Dansarinn Þyri Huld Árnadóttir ferðaðist alla leið til Rússlands með Gus Gus. 66



**SPORT** Tíu eftirminnilegustu stundirnar á sautján ára landsliðsferli Eiðs Smára Guðjohnsen. 62







# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Fimmtudagur**
21. nóvember 2013
274. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


# Fleiri fái öruggt og ódýrt leiguhúsnæði

Reykjavíkurborg vill breyta hlutverki Félagsbústaða þannig að fleiri fái leigt á góðum kjörum. Borgin tæki þátt í fjármögnun. Breyta þarf byggingarreglugerð.

**HÚSNÆÐISMÁL** Mun fleiri leigjendur munu eiga kost á ódýru húsnæði og búa við meira öryggi á leigumarkaði, nái ný tillaga borgaryfirvalda fram að ganga. Tillagan, sem nú er til umsagnar innan borgarkerfisins, gerir ráð fyrir nýrri tegund leigufélags.

Fyrirmyndina er sagt að finna víða á Norðurlöndunum þar sem sveitarfélög bjóði ódýran og öruggan valkost fyrir leigjendur. Dagur B. Eggertsson, formaður borgarráðs og borgarfulltrúi Samfylkingarinnar, segir tillöguna nefnast „Bland í borg – blönduð íbúðarhús“. Hún felur í sér að Félagsbústaðir byggi 400 til 800 íbúðir á næstu fimm til tíu árum. Borgin leggi til allt að 10 prósent af framkvæmdakostnaði í eiginfjárframlag, lóðir og gatnagerðargjöld.

**10%** Gert er ráð fyrir að borgin leggi til allt að tíunda part framkvæmdakostnaðar við nýjan húsnæðiskost.

Meðal nýjunga er að Félagsbústaðir færu í samstarf við önnur leigufélög, svo sem Búseta, leigufélög námsmanna og jafnvel verkalýðshreyfinguna. Í sama húsi yrðu því íbúðir leigðar út af ólíkum leigufélögum til ólíkra hópa.

Fyrirstöðu er þó að finna í nýrri byggingarreglugerð, sem gerir ítarlegri kröfur en áður um hönnun bygginga, og segist Dagur vilja sjá breytingar á reglugerðinni svo mögulegt sé að bjóða húsnæði sem fólk hefur efni á.

- eb / sjá síðu 4



**Á HÁLUM ÍS** Þessir fjórir unglingspiltar sem gengu út á frosna Reykjavíkurtjörnina í gær virtust ekki treysta því fullkomlega að svellið myndi halda þeim. Þeir ákváðu þó að taka áhættuna. Óvíst er samt að það borgi sig næstu daga því hitinn í kortunum virðist fyrir ofan frostmark að mestu næstu daga og hlýnar rækilega á sunnudag. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Loftslagsbreytingar teknar að hafa áhrif á komutíma íslenskra farfugla:

# Hlýrra veður flýtir komu fugla

**NÁTTÚRA** Varptími íslenska vaðfuglsins jaðrakans er að færast fram vegna hlýnandi veðurfars. Vitað var að þeir eru með afbrigðum heimakærir og stundvísir en ný rannsókn sýnir að nýjar kynslóðir sækja hingað töluvert fyrr en áar þeirra.

Þetta sýna niðurstöður Tómasar G. Gunnarssonar, forstöðumanns Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Suðurlandi, og kollega hans við Háskólann í Austur-Anglíu (UEA). Þær renna stoðum undir þá kenningu að fuglar séu í sífellt meiri mæli að laga sig að loftslagsbreytingum.

Tómas segir að lengi hafi verið vitað að farfuglastofnar stjórnist bæði af atburðum á sumri og vetri. Eina leiðin til að skilja þetta samspil sé að elta þá allt árið um kring.

Hann segir að verkefnið hafi notið þess að víða um Evrópu er fuglaáhugafólk sem lætur vita ef það sér merkta jaðrakana, en um tvö þúsund sjálfboðaliðar víða um Evrópu lögðu þessari tilteknu rannsókn lið.

- shá / sjá síðu 6



**JAÐRAKAN** Hefur lagað sig að hlýrra veðri, sem að líkum á við um fleiri tegundir. MYND/TGG

## FRÉTTIR



### Eiturúrgangur ógnar milljónum

Heilsu meira en 200 milljóna víða um heim er talin stafa veruleg hætta af eiturefnaúrgangi í nágrenni heimila þeirra. Af tíu hættulegustu stöðunum eru þrír í Evrópu. 18

**Afsögn með upplestri** Elías Pétursson, formaður skipulagsnefndar Mosfellsbæjar, segist ekki hafa efni á embættinu lengur. 2

**Brottvísun mótmælt** Lögmaður hælisleitanda sem vísa á úr landi segir eðlilegt að maðurinn fái að njóta vafans þar til niðurstaða fæst í faðernismáli. 6

**Fæðingarorlof styst hér** Á Íslandi er fæðingarorlof styttra en gerist á hinum Norðurlöndunum. Landið er jafnan sagt hafa verið á eftir í þessum efnum. 20




26

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 4° | | SV | 15 |
| Akureyri | 4° | | SV | 8 |
| Egilsstaðir | 3° | | SV | 5 |
| Kirkjubæjarkl. | 4° | | V | 5 |
| Reykjavík | 5° | | VSV | 6 |

**Strekkingur** eða sums staðar hvassviðri vestan og norðan til með lítilsháttar vætu. Hægari vindur og úrkomulaust fram eftir degi suðaustanlands. 4

## 2 SÉRBLÖÐ

Rannís | Fólk






**ÁSA BALDURSDÓTTIR** Fjallar um erfitt hlutskipti sem bíður allra. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Dauðans alvara bíður allra:

# Farið yfir ferlið í nýrri bíómynd

**MENNING** „Það er margt sem maður veit ekki um þetta ferli en þetta er eitthvað sem allir þurfa að kljást við einhvern tíma á lífsleiðinni, því miður,“ segir Áslaug Baldursdóttir, leikstjóri heimildarmyndarinnar Dauðans alvara sem frumsýnd er í kvöld í Bíó Paradís.

Í myndinni er sagt frá því ferli sem á sér stað frá andláti til grafar en Áslaug setti sig í samband við útfararþjónustu í Reykjavík og fylgdist með starfi hennar í viku við gerð myndarinnar.

- lkg/sjá síðu 50

Úranvinnsla á Grænlandi:

# Orðspor Íslands gæti spillst

**UMHVERFISMÁL** Orðspor Íslands sem framleiðanda hreinnar vöru í óspilltri náttúru gæti beðið hnekki ef upp koma vandamál vegna úranvinnslu á Grænlandi. Hins vegar stafar Íslandi ekki bein hætta af slíkri námavinnslu.

Þetta var meðal þess sem kom fram á fundi umhverfis- og auðlindanefndar í gær.

Þar kom fram að helsta álitamálið varðandi slíka vinnslu lyti að umhverfismálum á Grænlandi. Kom fram að við vinnsluna fellur til gríðarlegt magn af geislavirkum úrgangi, sem er í raun geislavirkari en úranið sjálft.

- shá / sjá síðu 12







## SPURNING DAGSINS



Helga, er ekki hægt að panta hjá þér hlýraboli?

**„Það er ekkert mál, laxmaður.“**

Helga Friðbjörnsdóttir, fyrrverandi textílkennari í Varmahlíð, saumar og selur þverslaufur úr laxa- og hlýraroði auk hörpuða með ísaumuðu roði.

Nýtt aðalskipulag samþykkt í umhverfis- og skipulagsráði Reykjavíkur:

# Þéttari og „lífvænlegri“ byggð

**SKIPULAGSMÁL** Aðalskipulag fyrir Reykjavík til ársins 2030 var samþykkt í umhverfis- og skipulagsráði í gær. Páll Hjaltason, formaður ráðsins, segir um að ræða gríðarlega stóran áfanga í skipulagssögu borgarinnar og ákveðinn viðsnúning.

„Það er hætt að þenja borgina upp til heiða og ákveðið að þétta hana og búa til mannlegri og lífvænlegri borg,“ segir Páll.

Í bókun sjálfstæðismanna var skipulagið meðal annars sagt lýsa „þröngsýnum viðhorfum“ þar sem val um búsetuform væri takmarkað og fjölbreytileiki borgarinnar kæfður niður. „Flestum borgarbúum er ætlað að búa eins á þéttingarreitum í vesturborginni. Verði skipulagið samþykkt munu ungar fjölskyldur í ríkari mæli leita til annarra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu,“ segir í bókuninni. Þeir greiddu atkvæði gegn tillögunni og lögðu fram breytingartillögur sem voru felldar.

Aðalskipulagið verður rætt á aukafundi í borgarstjórn á þriðjudag. - gar



**REYKJAVÍK** Nýtt aðalskipulag er sagt eiga að stuðla að mannlegri borg. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Garðeigendur fá áminningu:

# Passi trjágróður við lóðamörkin

**REYKJAVÍKURBORG** Fjórtán hundruð garðeigendur hafa fengið bréf frá Reykjavíkurborg með hvatningu um að klippa tré sín svo þau hvorki hindri vegfarendur, hylji umferðarskilti, dragi úr götulýsingu, né hindri snjóruðningstæki.

„Verði ekki brugðist við þessari áskorun mun Reykjavíkurborg klippa á kostnað lóðarhafa,“ segir í bréfinu sem er ítrekun á bréfi frá því fyrr í haust. Skylt er að halda vexti trjáa eða runna innan lóðarmarka samkvæmt reglugerð. - gar



**ENGIN SÁTT Í SJÓNMÁLI** Á meðan rauðliðar í Taílandi fagna úrskurði Hæstaréttar um að fella úr gildi stjórnarskrárbreytingu mótmæla aðrir hópar ákvörðuninni. Forsaga málsins er löng og hefur klofið þjóðina í fylkingar eftir afstöðu. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Rauðliðar fagna úrskurði hæstaréttar í Taílandi:

# Stjórnarskrárbreyting slegin af

**TAÍLAND, AP Hæstiréttur Taílands felldi í gær úr gildi stjórnarskrárbreytingu, sem átti að breyta samsetningu öldungadeildar þjóðþings landsins.**

**Úrskurðurinn er áfall fyrir ríkisstjórn Yinglucks Shinawatra, en stuðningsmenn stjórnarinnar, svonefndir rauðliðar, sáu þó ástæðu til að fagna vegna þess að dómstóllinn komst ekki að þeirri niðurstöðu að leysa ætti upp stjórnarflokkinn. - gb**

Barði og Bjartur afla vel:

# Góð veiði en rysjótt tíðarfar

**SJÁVARÚTVEGUR** Togarar Síldarvinnslunnar, Barði NK og Bjartur NK, hafa verið að veiðum í rysjóttu tíðarfari að undanförnu en afli hefur verið góður þegar færi hefur gefist til veiða.

Frystitogarinn Barði kom til heimahafnar í Neskaupstað í fyrradag og var með blandaðan afla, alls 334 tonn upp úr sjó. Stærstur hluti aflans var ufsi og þorskur en einnig var töluvert af gullkarfa og grálúðu.

Ísfisktogarinn Bjartur kom til Neskaupstaðar á mánudagskvöld með um níutíu tonn en aflinn var mest þorskur. Veðurfar var aftur á móti leiðinlegt. - fb

Helmingur er uggandi:

# Ránalda skelfir íbúa Óslóar

**NOREGUR** Helmingurinn af íbúum í Ósló segist finna fyrir óöryggi á ferð um borgina. Þetta kemur fram í skoðanakönnun sem gerð var fyrir blaðið VG, en mikil bylgja rána hefur gengið yfir borgina það sem af er mánuðinum.

Alls var tilkynnt um 58 rán á götum úti á fyrstu átján dögum mánaðarins, en 22 hafa verið handteknir vegna þeirra. Innan við einn þriðji svarenda segir það ekki hafa áhrif á líf sitt.

Roger Andresen, aðstoðarlögreglustjóri í Ósló, segist skilja að íbúar séu skelkaðir, en undirstrikar að líkurnar á því að lenda í ræningjum séu giska litlar. - þj

# Afsögn með upplestri úr Davíð Stefánssyni

Elías Pétursson, formaður skipulagsnefndar Mosfellsbæjar, segist ekki hafa efni á embættinu lengur og ekki vilja vera sakaður um spillingu með því að hann hafi verkefni fyrir bæinn. Elías kvaddi nefndina með lestri á ljóði Davíðs Stefánssonar.

**FÓLK** „Ég vildi komast á spjöld sögunnar með því að verða fyrstur til að setja part úr ljóði í fundargerð skipulagsnefndar,“ segir Elías Pétursson, sem sagt hefur af sér sem formaður skipulagsnefndar Mosfellsbæjar.

Elías hefur setið í skipulagsnefnd í um fjögur ár. Frá því um mitt þetta kjörtímabil hefur hann gegnt formennsku í nefndinni. Á þriðjudag kvaddi hann með ljóði eftir Davíð Stefánsson.



**DAVÍÐ STEFÁNSSON**

„Að vera í samfélagsverkefni eins og skipulagsnefnd tekur gríðarlegan tíma. Ég rek eins manns ráðgjafarfyrirtæki og í hvert skipti sem ég geri eitthvað fyrir skipulagsnefnd er ég kauplaus. Þannig að peningalega hafði ég ekki efni á að vera í þessu lengur,“ segir Elías og bætir við að það sé meginástæða afsagnarinnar.

Hina skýringuna segir Elías vera vaxandi mælingaverkefni fyrirtækis hans fyrir Mosfellsbæ, jafnvel þótt það sé aðeins lítill hluti af rekstri fyrirtækisins og hafi ekkert með verkefni hans í skipulagsnefnd að gera.

„Ég vil ekki að nokkur geti efast um heilindi mín eða gert því skóna að ég njóti einhverra gæða út á setu í nefndinni. Ég hætti til að fyrirbyggja það,“ segir Elías. Hefðin hérlendis sé að telja alla óheiðarlega fyrirfram nema þeir geti sannað hið gagnstæða.

„Þeir sem reka fyrirtæki í örlitlum viðskiptum við sveitarfélagið eru jafnvel dæmdir frá því að taka þátt í samfélagslegri umræðu í sinni heimabyggð,“ segir Elías. „Ég nenni einfaldlega ekki að standa í rifrildi við fólk sem sér samsæri í hverju horni. Samfélagið verður því að vera án mín hvað þetta varðar.“

Setan í skipulagsnefnd hefur að sögn Elíasar verið með því allra skemmtilegasta sem hann hefur gert. „Mér finnst því leitt að þetta skuli vera svona,“ segir hann um brotthvarfið sem hann kryddaði með upplestri á þremur erindum úr ljóðinu Einn kemur þá annar fer eftir Davíð Stefánsson.

„Þessu er ekki beint gegn neinum sérstökum en punkturinn sem ég vil koma til skila er að hvorki stjórnmálamenn né aðrir eru ómissandi,“ segir Elías sem kveður fundarmenn hafa verið nokkuð undrandi á ljóðalestrinum. „Það sló að minnsta kosti þögn á hópinn.“

gar@frettabladid.is



**ELÍAS PÉTURSSON** Fráfarandi formaður skipulagsnefndar í Mosfellsbæ heldur mikið upp á Davíð Stefánsson og las úr einu ljóða hans á síðasta nefndarfundi sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> **Ég nenni einfaldlega ekki að standa í rifrildi við fólk sem sér samsæri í hverju horni.**
>
> *Elías Pétursson, fráfarandi formaður skipulagsnefndar Mosfellsbæjar*

## EINN KEMUR ÞÁ ANNAR FER

Það heldur allur fjöldinn, sem
hefur mörgu að sinna,
að hætta sé á ferðum, ef breytt
er gömlum sið,
að gæfa heimsins hvíli á
verkum sem þeir vinna,
og vonlaust sé um allt – ef
þeirra missti við.

Úr ljóði Davíðs Stefánssonar.

Sóttvarnalæknir segir mögulegt að smitsjúkómar berist með pin-slætti:

# Pin-númerafólk iðki hreinlæti

**SÓTTVARNIR** Aukin smithætta getur fylgt pin-númeravæðingu sem hér hefur gengið yfir að mati Haraldar Briem sóttvarnalæknis. Nú þarf fólk víðast hvar sjálft að slá inn pin-númerin þegar greitt er með korti.



**HARALDUR BRIEM**

„Þetta er eins og með yfirborð sem margir snerta á, hvort sem það eru takkar eða eitthvað annað,“ segir Haraldur. „En almenna reglan er að menn þvoi sér um hendurnar. Hvort pin-númerin eru eitthvað verri en hurðarhúnn eða annað er erfitt að segja til um. Þetta er möguleiki og smitsjúkdómar berast meðal annars um út af þessu. Þetta er eitthvað sem menn ættu að hugsa um.“ Haraldur bendir á að í Asíu noti menn yfirleitt hanska þegar þeir koma við takka. „En ég er ekkert að mæla með því, heldur almennu hreinlæti. Að fólk þvoi sér oft og minnki þannig líkurnar á að menga yfirborð og annað.“

Dæmi eru um að sýklahrætt fólk þori ekki að slá inn pin-númer með höndunum. „Fólk getur gert það með því að hafa blýant eða eitthvað annað. Það er möguleiki að fara í kringum þetta ef menn vilja. En það eru engin gögn sem sanna að pinnúmerainnsláttur sé skæðari eða varasamari en annað.“ - fb



**PIN-NÚMER SLEGIÐ INN** Viðskiptavinur slær inn pin-númer í verslun. Sóttvarnalæknir mælir með hreinlæti fyrir þá sem slá inn númerin sín. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


Locobase® REPAIR

Fyrir þurra og skaddaða húð

- Afar hentugt fyrir þurra og skaddaða húð t.d. hjá fólki með exem
- Inniheldur ekki rotvarnar-, ilm- eða litarefni
- Mikið notað sem viðbót við húðmeðferð til að byggja upp varnir húðarinnar
- Rannsóknir hafa sýnt fram á lágmarksertingu
- Dönsku og sænsku Astma- og ofnæmissamtökin mæla með Locobase Repair®




Locobase® REPAIR fæst í næsta apóteki

*Við elskum jólin*

# 20% afsláttur AF ÖLLUM ÚTISERÍUM*
fimmtudag-sunnudags




**LED ÚTISERÍA**
**999kr** ~~1.490~~
40 LJÓSA LED

# STÓRA SERÍUHELGIN
## JÓLALJÓS OG JÓLASERÍUR Á BRJÁLUÐU VERÐI!

## OPIÐ TIL 21:00
ALLA DAGA TIL JÓLA Í SKÚTUVOGI

## JÓLAHLAÐBORÐ
Húsasmiðjunnar Kaffi Garði Skútuvogi

**HEFST Í DAG KL.18:00**

Ekta jólahlaðborð alla daga kl.18-20
- Síldarréttir
- Kjötréttir
- Eftirréttur

Börn yngri en 10 ára borða frítt

Aðeins **1.690kr**





**JÓLASTJARNA**
**999kr** ~~1.490~~
HELGAR TILBOÐ

**JÓLASÝPRIS**
**399kr**
ÓDÝRT



**RUSSELL HOBBS BLANDARI DESIRE**
**11.990kr** ~~15.495~~
TILBOÐ



**TRUE NORTH ÚLPUR GÆSADÚNN**
**19.990kr** ~~24.990~~
TILBOÐ



Snjóskófla ál
Lengd 118cm
blað 27x40 cm
5082798
ÓDÝRT
**2.595 kr.**

Snjóskófla ál
Lengd 118cm
blað 23x30 cm
5082796
ÓDÝRT
**1.995 kr.**

Snjóskófla ál
Lengd 100cm
blað 25x30 cm
5082487
ÓDÝRT
**1.395 kr.**

blómaval

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

*Afsláttur gildir ekki af vörum merktum Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar

## SVONA ERUM VIÐ



**123.900** **heimili voru á Íslandi á síðasta ári samkvæmt talningu Hagstofu Íslands.**

**Árið 2007 voru heimilin 117.900 talsins.**

Meðalfjöldi einstaklinga á hverju heimili var 2,4 í fyrra, en 2,5 árið 2007. *Heimild: Hagstofa Íslandsx*

Nærri hálfum mánuði eftir hamfarirnar er enn gríðarleg þörf fyrir aðstoð:

# Mikil neyð enn á Filippseyjum

**FILIPPSEYJAR, AP** Mikil neyð er enn á Filippseyjum og brýn þörf fyrir aðstoð, nærri hálfum mánuði eftir að fellibylurinn Hayian reið þar yfir. Nærri 4,5 milljónir manna hafa misst heimili sín. Þar af eru 1,7 milljónir barna, sem eru á vergangi og þurfa á aðstoð að halda.

Fjölskyldur eru enn að flýja þau svæði sem verst urðu úti og leita að skjóli. Hrakningar síðustu vikna hafa reynst hundruðum þúsunda afar erfiðar. Fólk hefur hvorki haft aðgang að mat né drykkjarvatni, búið sér til bráðabirgðaskýli úr hverju því sem til fellur. Læknishjálp og lyf eru af skornum skammti og biðin eftir aðstoð hefur dregist hvern daginn á fætur öðrum. Enn er verið að finna lík í rústunum í Tacloban, borginni sem varð verst úti. Erfitt er að bera kennsl á mörg þeirra.

Sameinuðu þjóðirnar telja að safna þurfi 301 milljarði dala til að standa straum af brýnustu aðstoð. Enn hafa ekki safnast nema rúm tíu prósent þeirrar fjárhæðar. **- gb**



**ÞVÆR SÉR Í RÚSTUNUM** Íbúar í Tacloban hafa ekki aðstöðu til eins eða neins eftir að fellibylurinn Haiyan lagði borgina í rúst þann 8. nóvember. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Skorað á Reykjavíkurborg:

# Vilja auðveldari flokkun sorps

**UMHVERFISMÁL** Fulltrúar ungliðahreyfingarinnar Breytendur – Changemaker á Íslandi afhentu í gær Jóni Gnarr borgarstjóra undirskriftalista með áskorun um aukna endurvinnslu á sorpi.

Sagt er öfugsnúið að kosti peninga að flokka. Ódýrast og einfaldast sé að henda öllu sorpi í gráu tunnuna. Þau sem flokki þurfa að greiða fyrir endurvinnslutunnu eða gera sér ferð í móttökustöðvar. „Þetta er ekki hvetjandi sorphirðustefna,“ segir í bréfinu. **- gar**

Framboðslisti Framsóknar:

# Óskar Bergsson í efsta sætinu

**STJÓRNMÁL** Kjördæmaþing framsóknarfélaganna í Reykjavík hefur samþykkt tillögu kjörstjórnar um skipan í efstu sjö sæti framboðslista fyrir sveitarstjórnarkosningar í vor.



**ÓSKAR BERGSSON**

Efstu sjö sætin skipa í réttri röð: Óskar Bergsson, Guðrún Bryndís Karlsdóttir, Valgerður Sveinsdóttir, Guðlaugur Gylfi Sverrisson, Hafsteinn Ágústsson, Hallveig Björk Höskuldsdóttir og Trausti Harðarson. Eitt af stóru málum Framsóknarflokksins í borgarmálunum er að tryggja núverandi staðsetningu flugvallarins í Reykjavík. **- fb**

Einn grænfriðungur úr haldi:

# Var látinn laus gegn tryggingu

**RÚSSLAND, AP** Ana Paula Alminhana Maciel var látin laus gegn tryggingu í Pétursborg í gær. Þegar hún gekk út úr fangelsinu hélt hún á spjaldi sem á stóð: Bjargið norðurskautinu.

Hún er fyrsti grænfriðungurinn af 30, sem voru handteknir í september eftir að hafa reynt að efna til mótmæla við olíuborpall í Norður-Íshafinu, sem rússnesk yfirvöld láta lausan gegn tryggingu.

Rússneskir dómstólar samþykktu í vikunni að sautján þeirra fengju frelsi gegn tryggingu, en enn á eftir að fjalla um mál 12 annarra. Einum hefur verið neitað. **- gb**

# Íbúðir fyrir „alls konar fólk“

**Reykjavíkurborg leitar nú umsagnar um tillögu að nýrri gerð leigufélags með aðkomu Félagsbústaða. Verkefnið nefnist „Bland í byggð“ og á að nýtast stærri hópi leigjenda en önnur húsnæðisúrræði sem borgin hefur boðið.**

**HÚSNÆÐISMÁL** Reykjavíkurborg vill breyta starfsemi Félagsbústaða og gefa fleirum kost á að leigja hjá félaginu en þeim sem mæta skilyrðum um félagslegt húsnæði. „Þetta er ekki óskylt því sem er gert víða á Norðurlöndum að sveitarfélög komi inn með lóðir sem eigið fé, sem á að tryggja að venjulegt fólk geti verið á leigumarkaði. Þetta á ekki að vera eingöngu fyrir þá sem eru með allra lægstu tekjurnar, heldur millitekjuhópana líka,“ segir Dagur B. Eggertsson, formaður borgarráðs, um tillögurnar sem fela í sér aðkomu Félagsbústaða í samstarfi við önnur leigufélög. „Það er alls konar fólk sem vill ekki binda peningana sína í fasteignum, fólk sem er með góðar tekjur en er samt ekki í aðstöðu til að leggja fram milljónir í innborganir á íbúðum. Það þarf að tryggja þessu fólk öryggi engu síður,“ segir Dagur.

Tillagan, sem gengur undir nafninu „Bland í byggð – blönduð íbúðahús“, er nú til umsagnar hjá fjármálaskrifstofu og velferðarsviði borgarinnar, ásamt stjórn Félagsbústaða.

Í meginatriðum er hugmyndin að Félagsbústaðir, sem eru í eigu Reykjavíkurborgar, byggi leiguíbúðir í svokölluðum blönduðum húsum sem byggð eru í samstarfi við önnur leigufélög á borð við Búseta, leigufélög námsmanna og jafnvel verkalýðshreyfinguna. Félagsbústaðir yrðu því kjölfestan í nýrri tegund af leigufélagi.

Dagur segir að skoðað hafi verið sérstaklega hvort huga þyrfti að samkeppnislögum þar sem breytingarnar gætu haft áhrif á almennan leigumarkað. Verið sé að undirbúa kynningu málsins fyrir ESA, eftirlitsstofnun EFTA-ríkjanna, og samkeppnissjónarmið séu vissulega eitt af því sem þurfi að huga að. Borgin telji þó að verkefnið falli innan þess ramma sem önnur sveitarfélög í Evrópu hafa fylgt.

Samhliða tillögunni var ný eigendastefna unnin fyrir Félagsbústaði. Kjarni stefnunnar felst í að Félagsbústaðir taki beinan þátt í uppbyggingu á leiguhúsnæði með því að standa fyrir byggingu 400-800 íbúða í fimmtán til þrjátíu fjölbýlishúsum á þéttingarreitum á víð og dreif um Reykjavík á næstu fimm til tíu árum.

Fjármögnun er enn á umræðustigi, en samkvæmt tillögunni er gert ráð fyrir að Reykjavíkurborg leggi Félagsbústöðum til lóðir, gatnagerðargjöld og allt að 10% framkvæmdakostnaðar sem eiginfjárframlag, en að öðru leyti er gert ráð fyrir að framkvæmdir verði fjármagnaðar með lánsfé frá Íbúðalánasjóði eða á almennum markaði. Reykjavíkurborg hefur áður úthlutað lóðum til leigu- og búseturéttarfélaga, en það er nýmæli að borgin gefi eftir gatnagerðargjöld og að fjármunir séu lagðir til sem eigið fé. **eva@frettabladid.is**

### ➜ Breyting á byggingarreglugerð forsenda



**Dagur** segir að markmiðið með verkefninu Bland í byggð sé að slá nýjan tón á leigumarkaði og er stefnan að fá Samtök iðnaðarins og Hönnunarmiðstöð til samstarfs um hönnun nýrrar tegundar húsa sem yrðu minni, umhverfisvænni og hagkvæmari en nú þekkist. Ný byggingarreglugerð, sem tók gildi á síðasta ári, setur þó strik í reikninginn ef byggja á minni og ódýrari húsakost. Reglugerðin gerir ítarlegri kröfur en áður um hönnun bygginga sem leiða til hærri byggingarkostnaðar. Dagur vill sjá breytingar á reglugerðinni. „Það er hægt að finna betri leiðir að sömu markmiðum. Það er mikilvægt að byggingarreglugerð sé skýr og traust, en hún standi ekki í vegi fyrir að fólk fái íbúðir sem það hefur efni á,“ segir hann.

## Hvað er **Bland í borg?**

**Reykjavíkurborg** leggur til allt að **10%** framkvæmdakostnaðar.

**Bygging** **400-800** nýrra leiguíbúða á næstu 5-10 árum.

**Félagsbústaðir** byggja húsin og leigja út í samstarfi við fleiri félög.

**Í sama húsi** verða íbúðir leigðar út af ólíkum leigufélögum til ólíkra leigjendahópa.

**Millitekjuhópar** munu eiga kost á að leigja í nýju húsunum.



➜ Hugmyndin gengur út á að Félagsbústaðir byggi, í samstarfi við önnur leigufélög, leiguíbúðir í blönduðum húsum.






## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi







**Á morgun**
Strekkingur með SA-ströndinni annars hægari.




**Laugardagur**
Víða fremur hæg breytileg átt.

**UMHLEYPINGAR** verða á landinu næstu daga. Í dag verður hiti á bilinu 1 til 8 stig en það kólnar til morguns og verður frost víðast hvar fram á laugardag í björtu og stilltu veðri. Á sunnudag hlýnar aftur með slyddu og síðan rigningu sunnan og vestan til.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 19° | Berlín | 3° | Friedrichshafen | 5° | Las Palmas | 21° | New York | 10° | París | 4° |
| Aþena | 20° | Billund | 5° | Gautaborg | 6° | London | 8° | Orlando | 26° | San Francisco | 16° |
| Basel | 7° | Frankfurt | 5° | Kaupmannahöfn | 6° | Mallorca | 15° | Ósló | 0° | Stokkhólmur | 5° |

**Ingibjörg Karlsdóttir**
veðurfréttamaður



**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson gudmundur@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

# 25% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM ÚTISERÍUM OG AÐVENTULJÓSUM

ÓTRÚLEGT ÚRVAL AF JÓLAVÖRU Á GÓÐU VERÐI. Á LAUGARDAG OG SUNNUDAG MILLI 13:00-17:00, GETA ALLIR KRAKKAR KOMIÐ OG MÁLAÐ Á PIPARKÖKUR OG TEKIÐ ÞÁTT Í LÉTTUM LEIK.




ÓTRÚLEGT ÚRVAL AF AÐVENTU-LJÓSUM Í MÖRGUM STÆRÐUM OG GERÐUM.




Auglýst verð gildir frá föstudeginum 22. nóvember til og með sunnudeginum 24. nóvember 2013. Gildir á meðan birgðir endast.

BAUHAUS®

**BAUHAUS REYKJAVIK** - Lambhagavegur 2-4 - 113 Reykjavik - www.bauhaus.is

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hver er samanlögð velta íslenskra bókaútgefenda?
**2.** Hverjir skoruðu mörk Króata í leiknum við Ísland á þriðjudag?
**3.** Hversu marga landsleiki lék Eiður Smári Guðjohnsen?

**SVÖR:**
**1.** 4,6 milljarðar króna. **2.** Mario Mandzukic og Darijo Srna. **3.** Hann lék 78 landsleiki.

Lögmaður hælisleitandans segir hann eiga að fá að njóta vafans þar til niðurstaða fæst í faðernismáli:

# Óeðlilegt að henda manninum úr landi

**LÖGREGLUMÁL** „Ef hann er þátttakandi í mansalsmáli á Íslandi þá er óeðlilegt að henda manninum úr landi áður en rannsókn málsins er lokið,“ segir Stefán Karl Kristjánsson, lögmaður nígeríska hælisleitandans sem átti að vísa úr landi í fyrradag og lögreglan leitar enn að.

Maðurinn er grunaður um aðild að mansalsmáli sem átti sér stað fyrir fjórtán mánuðum en maðurinn hefur dvalist á Íslandi í tvö ár. „Hann lá undir grun á síðasta ári og var yfirheyrður en ekki hefur enn verið lögð fram ákæra. Málið er í biðstöðu, það hefur ekkert gerst í því í rúmt ár. Maðurinn ætti að fá að dvelja á landinu á meðan málið er leitt til lykta en hann hefur alltaf haldið fram sakleysi sínu,“ segir Stefán Karl.

Í rökstuðningi ráðuneytisins fyrir brottvísun mannsins kemur fram að ætluð barnsmóðir hans, sem einnig er hælisleitandi frá Nígeríu, beri við að hún sé mansalsfórnarlamb. Grunur leiki á að hún sé beitt þrýstingi um að segja manninn vera föðurinn. Því þyki ekki sannað að maðurinn hafi fjölskyldutengsl á Íslandi.

„Það liggja fyrir í málinu ákveðnar vísbendingar um fjölskyldutengsl. Á meðan svo er og á meðan hælismál hans er rekið fyrir héraðsdómi, þá ætti maðurinn að fá að njóta vafans eins og hefðin er í íslensku dómskerfi,“ segir Stefán Karl.

- ebg




**MÓTMÆLI** Um tuttugu manns mótmæltu fyrirhugaðri brottvísun við innanríkisráðuneytið í gær. Þar voru Stefán Karl og ætluð barnsmóðir hælisleitandans. FRÉTTABLAÐIÐ/

Breytingar verða frá prófkjöri á lista sjálfstæðismanna:

# Þorbjörg gefur ekki kost á sér



**ÞORBJÖRG HELGA VIGFÚSDÓTTIR**

**STJÓRNMÁL Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, ætlar ekki að taka sæti á lista flokksins fyrir borgarstjórnarkosningarnar á næsta ári.**

**Þorbjörg gaf kost á sér í fyrsta sæti í prófkjöri flokksins en hafnaði í því fjórða. Í yfirlýsingu segir hún að áherslur hennar hafi ekki átt upp á pallborðið hjá kjósendum í prófkjörinu og því finnist henni eðlilegt að stíga til hliðar.**

**„Á undanförnum árum hefur oft blásið hressilega um Sjálfstæðisflokkinn og afar dræm þátttaka í prófkjörinu núna sýnir að honum hefur ekki tekist að endurheimta að fullu það traust sem flokksmenn – og borgarbúar – báru til hans. Á því ber ég að sjálfsögðu mína ábyrgð,“ segir hún.**

**„Með nýju fólki koma nýjar áherslur og ég óska nýjum lista Sjálfstæðisflokksins góðs gengis í vor. Ég mun starfa áfram sem borgarfulltrúi fram á vorið og sinna málefnum Reykvíkinga af kostgæfni, hér eftir sem hingað til.“**

- fb







# Farfuglar verpa fyrr með hlýnandi veðri

Loftslagsbreytingar hafa haft áhrif á komutíma íslenska vaðfuglsins jaðrakans. Þetta sýnir íslensk/bresk rannsókn. Fuglaáhugafólk víða um Evrópu safnaði upplýsingum um merkta fugla. Sama er talið eiga við um fleiri fuglategundir.

**NÁTTÚRA** Varptími íslenska vaðfuglsins jaðrakans er að færast fram vegna hlýnandi veðurfars. Vitað var að þeir eru með afbrigðum heimakærir og stundvísir, en ný rannsókn sýnir að nýjar kynslóðir sækja hingað töluvert fyrr en áar þeirra.

Þetta sýna niðurstöður Tómasar G. Gunnarssonar, forstöðumanns Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Suðurlandi, og kollega hans við Háskólann í Austur-Anglíu (UEA). Þær renna stoðum undir þá kenningu að fuglar séu í sífellt meiri mæli að laga sig að loftslagsbreytingum. Stofn íslenska vaðfuglsins jaðrakans hefur verið vaktaður í um 15 ár og liggja þær rannsóknir þessum niðurstöðum til grundvallar.

„Það hefur verið vitað lengi að farfuglastofnar stjórnast bæði af atburðum á sumri og vetri, og eina leiðin til að skilja þetta samspil er að elta þá allt árið,“ segir Tómas, sem hefur rannsakað þennan stóra og fallega vaðfugl um langt árabil. Hann segir að verkefnið hafi notið þess að víða um Evrópu er fuglaáhugafólk sem lætur vita ef það sér merkta jaðrakana, en um tvö þúsund sjálfboðaliðar víða um Evrópu lögðu þessari tilteknu rannsókn lið.

Tómas segir að meginniðurstaðan sé að hver einstakur fugl fylgi nær ávallt sama mynstri; hann sæki á sama stað á sama tíma þrátt fyrir sveiflur í veðráttu. „En ungu fuglarnir, sem eru að fara í fyrsta skipti, ferðast fyrr að vori en ungfuglar fyrri árganga gerðu. Því vorið hefur varptími jaðrakana færst fram. Árgangar fugla sem koma fyrr úr eggi ferðast fyrr til Íslands þegar þeir loks snúa aftur að 2-3 árum liðnum. Þeir halda sig svo við sama komutíma á fullorðinsaldri. Þannig hnikast komutíminn smám saman fram,“ útskýrir Tómas og bætir við: „Margar tegundir farfugla hafa svipaða lífshætti og jaðrakan. Við getum því gert ráð fyrir að þessar niðurstöður eigi við um margar tegundir farfugla,“ segir Tómas.

Þetta er í fyrsta skipti sem sýnt er fram á að varptími íslenskra farfugla er að færast fram. Það er nokkuð sem nágrannaþjóðir okkar hafa vitað í allnokkurn tíma, eða frá aldamótum.

svavar@frettabladid.is



**JAÐRAKAN** er stór, háfættur og hálslangur vaðfugl á stærð við spóa. Íslenskir jaðrakanar eru sérstök deilitegund sem verpir nær eingöngu á Íslandi. mynd/TGG



> **Við getum því gert ráð fyrir að þessar niðurstöður eigi við um margar tegundir farfugla.**
>
> *Tómas G. Gunnarsson, forstöðumaður Rannsóknaseturs HÍ á Suðurlandi*

Niðurstöður nýrrar japanskrar rannsóknar varpa alvarlegu ljósi á gosdrykki:

# Tvær gosdósir á dag geta skaðað

**HEILSA** Neysla á sem nemur tveimur dósum af gosi á dag getur haft skaðleg áhrif á heilsu fólks. Þetta sýnir ný rannsókn vísindamanna í háskólanum í Osaka sem sagt hefur verið frá í erlendum miðlum.

Rannsóknin fór fram með þeim hætti að hátt í átta þúsund starfsmönnum skólans, með eðlilega nýrnastarfsemi, var skipt í þrjá hópa. Einn hópurinn fékk tvö gosglös á dag á meðan annar fékk eitt glas á dag og loks hélt síðasti hópurinn sig alfarið frá gosdrykkju.

Eftir að tilrauninni hafði staðið í þrjú ár hafði tíundi hver þátttakandi í þeim hópi sem hafði neytt tveggja gosdrykkja á dag þróað með sér of hátt próteinmagn í þvagi. Það eykur svo líkur á nýrnabilun.

Ekki hefur verið sýnt með óyggjandi hætti fram á hvað veldur þessu, en talið er líklegt að frúktósi í drykkjunum valdi bólgum í nýrum.

Þetta gildir jafnt um sykraða gosdrykki og sykurlaust gos.

- þj



**MÖGULEGUR VÁGESTUR** Ný rannsókn dregur fram áhrif jafnvel hóflegrar gosdrykkju. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# GEFÐU MÉR GOTT Í JÓLASKÓINN...

# TAX FREE DAGAR

## AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT* AF **ÖLLUM SKÓM**

21.-25. NÓVEMBER.



*Jafngildir 20,32% verðlækkun. Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups. Tilboðin gilda út mánudaginn 25. nóvember.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## HEIMURINN




### Tekinn af lífi í Missouri


JOSEPH PAUL FRANKLIN

**1** **BANDARÍKIN** Joseph Paul Franklin, 63 ára maður sem á árunum 1977 til 1980 myrti fjölda manns, var tekinn af lífi í Missouri í gær. Hann myrti eingöngu gyðinga og þeldökkt fólk, og stóð sjálfur í þeirri trú að fólk sem er ljóst á hörund sé æðra öðru fólki. Aftökunni var frestað um nokkrar klukkustundir meðan beðið var úrskurðar hæstaréttar Bandaríkjanna. Dómstóllinn tók ekki til greina beiðni um frekari frest á aftökunni.

### Malala fékk viðurkenningu


MALALA JÚSÚFSAÍ

**2** **BRUSSEL** Pakistanska stúlkan Malala Júsúfsaí tók í gær við Sakharov-verðlaunum úr hendi forseta Evrópuþingsins. Hún ávarpaði þingið og hvatti Evrópusambandið til að koma til hjálpar milljónum barna, sem ekki hafa tækifæri til að njóta formlegrar skólagöngu. Malala særðist illa í heimabæ sínum í Pakistan á síðasta ári þegar maður úr talibanahreyfingunni reyndi að myrða hana.

### Sósíaldemókratar stærstir

**3** **DANMÖRK** Jafnaðarmenn eru enn stærsti flokkurinn í sveitarstjórnum Danmerkur eftir kosningar þriðjudagsins. Flokkurinn fékk rétt tæp þrjátíu prósent atkvæða sem er þó heldur minna en í síðustu kosningum og sótti hægriflokkurinn Venstre aðeins í sig veðrið. Úrslitin komu nokkuð á óvart en samkvæmt könnunum virtust jafnaðarmenn tapa miklu fylgi en sú reyndist ekki raunin. Þá halda þeir borgarstjórastólunum í fjórum stærstu borgum landsins, í Óðinsvéum, Árósum og Álaborg, auk Kaupmannahafnar.

# Hernaðaríhlutun á leið út af kortinu

**Ólíklegra er að alþjóðasamfélagið stöðvi þjóðarmorð á borð við það sem átti sér stað í Rúanda vegna misheppnaðrar hernaðaríhlutunar í Írak og Afganistan. Ólíklegt er að Kína, Brasilía eða Indland beiti sér með sama hætti og Bandaríkin hafa gert.**


**STRÍÐSÁTÖK** Borgarastyrjöld hefur geysað í Sýrlandi í rúmlega tvö ár án þess að alþjóðasamfélagið hafi brugðist við. NORDICPHOTOS/AFP

**UTANRÍKISMÁL** Eftir misheppnaða hernaðaríhlutun Bandaríkjanna og bandalagsríkja í Íran og Afganistan er ólíklegt að gripið verði til svo stórfelldrar hernaðaríhlutunar í framtíðinni, segir Andrew Cottey, deildarforseti stjórnmálafræðideildar Háskólans í Cork á Írlandi.

Það þýðir að ríki heims eru líklegri til að forðast misheppnaðar innrásir á borð við innrásirnar í Írak, Afganistan og Víetnam. Á móti kemur að alþjóðasamfélagið er líklegra til að halda að sér höndum þó þjóðarmorð á borð við það sem átti sér stað í Rúanda eigi sér stað fyrir allra augum.


ANDREW COTTEY

Í fyrirlestri Cotteys í Norræna húsinu í gær sagði hann tíunda áratug síðustu aldar hafa einkennst af þeirri stefnu alþjóðasamfélagsins að reyna að stöðva átök í ríkjum á borð við Sómalíu, Haítí, Bosníu, Kósóvó og Austur-Tímor.

Í kjölfar árásarinnar á Tvíburaturnana 11. september 2001 hafi Bandaríkin lagt í umfangsmeiri hernaðaraðgerðir sem hafi leitt af sér tilraunir til að byggja upp ríki með vopnavaldi. Þær tilraunir hafi mistekist, og kostað bæði mörg mannslíf og óhemjumikið fé.

Hann sagði þó loftárásir Bandaríkjanna, Breta, Frakka og Kanadamanna á Líbíu árið 2011 stílbrot á þessari þróun. Það skýrist af því að Líbíustjórn hafi verið alræmd, loftvarnir landsins lélegar og mikill þrýstingur á Vesturveldin að styðja við bakið á þeim sem boðuðu arabískt vor í Norður-Afríku.

Ef innrásirnar í Írak og Afganistan eru öfgarnar í eina áttina eru öfgarnar í hina áttina alger skortur á hernaðaríhlutun í borgarastyrjöldina í Sýrlandi. Þar hafa yfir hundrað þúsund látið lífið í borgarastyrjöld og milljónir hrakist á flótta án þess að alþjóðasamfélagið hafi reynt að skakka leikinn með vopnavaldi.

Ólíklegt er að önnur ríki taki upp þráðinn ef Bandaríkin og bandalagsríki þeirra hætta hernaðaríhlutun að mestu, segir Cottey. Ríki á borð við Kína, Indland og Brasilíu hafi sýnt að þau fari mjög varlega í að beita önnur ríki hervaldi.

Cottey telur líklegt að vilji ríki heims bregðast með einhverjum hætti við ástandi sem upp kunni að koma verði það gert á minni skala en hingað til. Mögulega verði íhlutun í Sómalíu og Kongó fyrirmynd, en enn sé ekki komið í ljós hver raunvörulegur ávinningur í þeim ríkjum verði. brjann@frettabladid.is


## Söluferli Ístaks hafið

Ístak hf. er eitt stærsta og öflugasta byggingarfyrirtæki landsins, með stóran hluta tekna sinna erlendis, aðallega í Noregi, á Grænlandi og í Færeyjum. Félagið byggir á 43 ára farsælli sögu, miklum mannauði og góðu orðspori.

Landsbankinn hf. býður til sölu 99,9% af hlutafé í Ístaki.

Áhugasömum fjárfestum er bent á að hafa samband við Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans, með tölvupósti á netfangið istak@landsbankinn.is.

Fjárfestar þurfa að gera grein fyrir þekkingu og reynslu, fjárhagslegum styrkleika og stefnu sinni varðandi framtíð Ístaks.

Nálgast má stutta sölukynningu, trúnaðaryfirlýsingu og eyðublað vegna hæfismats á vef bankans, landsbankinn.is. Þeir fjárfestar sem uppfylla skilyrði fyrir þátttöku í söluferlinu fá afhent ítarleg kynningargögn um Ístak og býðst að gera tilboð, með fyrirvara um áreiðanleikakönnun, á grundvelli þeirra gagna.

**Frestur til að skila tilboðum er til kl. 12:00, föstudaginn 20. desember 2013.**

Ístak var stofnað árið 1970 og hefur um áratugaskeið verið eitt öflugasta verktakafyrirtæki landsins. Félagið er einn af fáum innlendum valkostum þegar kemur að stórri mannvirkjagerð. Ístak hefur náð góðum árangri í verktöku á sviði virkjanagerðar, jarðgangagerðar og smíði hafnarmannvirkja. Hjá félaginu starfa um 550 manns, þar af ríflega helmingur á Íslandi.

ÍSTAK




**ÓHAPP Í LENDINGU** Hér sést braut vélarinnar eftir lendingu. MYND/RANNSÓKNARNEFND FLUGSLYSA.

Flugslys á Egilsstaðaflugvelli í haustið 2012:

# Flaug vél sinni of hægt og hlekktist á

**SAMGÖNGUMÁL** Flugmaður eins hreyfils flugvélar sem endaði utan brautar á Egilsstaðaflugvelli í september í fyrra flaug vélinni of hægt.

Rannsóknarnefnd samgöngumála segir að þar sem flogið hafi verið of hægt hafi vélin misst flugið í tveggja eða þriggja metra hæð og við það ofrisið svo stélið hafi skollið á flugbrautinni og skemmst. Í kjölfarið missti flugmaðurinn stjórn á vélinni sem endastakkst áður en hún endaði á hjólunum 38 metra utan brautar. Flugmaðurinn meiddist ekki. - gar



**BROTIÐ STÉL** Flugvélin endastakkst áður en hún endaði á hjólunum utan flugbrautar. MYND RANNSÓKNARNEFND FLUGSLYSA

Hafna með öllu ásökunum um þátttöku í vörusvikum:

# Pakka ekki erlendu fuglakjöti

**NEYTENDUR Þrjú fyrirtæki sem slátra og pakka kjúklingi hafna þeirri fullyrðingu Ásmundar Friðrikssonar alþingismanns, að þau þíði og vinni erlendan kjúkling og pakki honum síðan í umbúðir fyrirtækisins.**

**Neytendasamtökin sendu fyrirspurnir til fyrirtækjanna Reykjagarðs, Ísfugls og Matfugls. Öll fyrirtækin neita ásökuninni í svörum sínum.**

**Neytendasamtökin segja að eftirlit með þessum fyrirtækjum tryggi rekjanleika varanna svo alltaf sé hægt að rekja hana til viðkomandi kjúklingaframleiðenda. Ásmundur hefði því átt að leita sér frekari upplýsinga áður en hann tók málið upp.** - skó


DEBENHAMS
25% AF
ÖLLUM KJÓLUM,
SKYRTUM OG
JAKKAFÖTUM
Opið 11 - 21 í dag
Gerðu lífið skemmtilegra
Finndu okkur á facebook
DEBENHAMS SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR



# Nýjar aðferðir skapa verðmætari útflutning

Landsbankinn er í fararbroddi þegar kemur að fjármögnun nýrra verkefna sem stuðla að framþróun í sjávarútvegi. Við styðjum frekari vöxt og fleiri verkefni sem renna styrkari stoðum undir atvinnulífið.

Á síðustu árum hafa hugvit, áreiðanleiki, aukin gæði og betri nýting skilað mikilli verðmætaaukningu í útflutningi sjávarafurða. Á sama tíma og afli hefur almennt dregist saman hafa nýjar aðferðir og veiðar á nýjum tegundum drifið framþróun í greininni.

Landsbankinn hefur tekið virkan þátt í þessari þróun í samræmi við þá stefnu bankans að vera hreyfiafl í samfélaginu. Við erum öflugur og traustur samherji og höldum áfram að styðja nýsköpun. Við fögnum velgengni í sjávarútvegi og erum tilbúin til samstarfs.



Árið 2012
277
Árið 2008
247
Árið 2010
238
Árið 2006
242
EIMSKIP
Verðmæti útfluttra sjávarafurða á tonn.
Fast verðlag desember 2012, þúsundir króna.
Landsbankinn
landsbankinn.is
410 4000

# METSÖLULISTI EYMUNDSSON

VIKAN 13.11.13 – 19.11.13







**1** Skuggasund
Arnaldur Indriðason

**2** Ólæsinginn sem kunni að reikna
Jonas Jonasson







**3** Hemmi Gunn - Sonur þjóðar
Orri Páll Ormarsson

**4** Vísindabók Villa
Vilhelm Anton Jónsson







**5** Fiskarnir hafa enga fætur
Jón Kalman Stefánsson

**6** Rangstæður í Reykjavík
Gunnar Helgason







**7** Gröfin á fjallinu
Hjorth & Rosenfeldt

**8** Árleysi alda
Bjarki Karlsson







**9** Ár drekans
Össur Skarphéðinsson

**10** Guðni - Léttur í lund
Guðni Ágústsson

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í PENNANUM EYMUNDSSON UM LAND ALLT



**GRÆNLAND** Við vinnslu úrans úr málmgrýti fellur til gríðarlegt magn af geislavirkum úrgangi. Í því felst helsti vandinn í umhverfislegu og efnahagslegu tilliti fyrir Grænlendinga og nágranna þeirra. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Úranvinnslan getur spillt ímynd Íslands

Úranvinnsla á Grænlandi ógnar ekki Íslandi með beinum hætti. Aðeins orðrómur um geislamengun á Grænlandi gæti ógnað efnahagslegum hagsmunum Íslands.

Ekki er talið líklegt að fyrirhuguð úranvinnsla á Grænlandi feli í sér hættur fyrir Ísland. Öðru gegnir um Grænland. Ímynd norðurslóða gæti hins vegar beðið hnekki sem er hagsmunamál Íslands sem og annarra ríkja á norðlægum slóðum.

Að frumkvæði Höskuldar Þórhallssonar, formanns umhverfis- og samgöngunefndar, tók nefndin í gær til umræðu hugmyndir um úranvinnslu á Grænlandi og hugsanlega þýðingu þeirra áforma fyrir Ísland. Eins liggur fyrir frá Helga Hjörvar, þingmanni Samfylkingarinnar, fyrirspurn til forsætisráðherra um sama mál, en landsþing Grænlendinga, Inatsisartut, samþykkti að aflétta banni við vinnslu á úrani í lok október.

### Fjarlæg hætta

Sigurður M. Magnússon, forstjóri Geislavarna ríkisins, efast um að Íslandi sé hætta búin vegna úranvinnslu á Grænlandi. Heimild grænlenska landsþingsins lúti að því að heimilt verði að leita að úrani og til vinnslu. „En það er langur vegur frá slíkri heimild að sótt sé um leyfi til vinnslu úrans. Síðan er spurning um það hvað Grænlendingar ætla að gera. Það eru fjölmörg álitamál sem þarf að leysa áður en vinnsla hefst – ekki síst vegna alþjóðlegra skuldbindinga sem Danir hafa undirgengist og hvernig þær snúa að Grænlandi.“

Sigurður segir miklu skipta hvort málmgrýtið verður flutt óunnið frá Grænlandi eða hvort úranið yrði leyst úr málmgrýtinu þar í landi og síðan flutt til annarra landa. Síðari kosturinn er líklegri vegna þess að flutningur á málmgrýtinu er vart raunhæfur vegna kostnaðar.

„Úranvinnslu fylgja mörg álitamál varðandi geislavarnir og umhverfismál almennt séð, en það er vandséð að þetta skaði okkar hagsmuni með einhverjum hætti,“ segir Sigurður og bætir við að úrannámur hafi verið starfræktar áratugum saman, og úran flutt um heimshöfin, án teljanlegra áfalla.

Vegna álitamála sem tengjast skuldbindingum Dana á alþjóðavettvangi er úranvinnsla fjarri því að vera handan við hornið. Hins vegar segir Sigurður að Grænlendingar verði að hafa þýðingu úranvinnslu í huga í umhverfis- og efnahagslegu tilliti innanlands. „Í svona námurekstri fylgja staðbundin vandamál, sem vilja gleymast. Það má nefna að til þess að ná úraninu úr málmgrýtinu þarf að mala það og leysa það upp með sýru, til að skilja úranið frá. Við þetta verður til mikið magn úrgangs – reyndar er meira af geislavirkum efnum í úrganginum en geislavirknin í úraninu sjálfu. Úranið hefur mjög langan helmingunartíma og öll dótturefni úrans verða eftir í úrganginum. Úran er oft innan við eitt prósent af massanum svo auðvelt er að sjá að mikið af úrgangi situr eftir. Svo aðalvandi Grænlendinga gæti orðið úrgangurinn af námarekstrinum.“

### Ímynd Íslands

Helgi Jensson, ráðgjafi hjá Umhverfisstofnun, sagði, og tók undir sjónarmið Sigurðar, að út frá umhverfislegu sjónarmiði væri námagröfturinn á Grænlandi, og hugsanlegur flutningur sjóleiðina, ekki alþjóðlegt vandamál heldur miklu frekar staðbundið vandamál vegna þess mikla úrgangs sem fellur til.

„Menn hafa yfirleitt mestar áhyggjur af umhverfisáhrifunum; að menn séu að brjóta niður heilt fjall fyrir einhverja afurð. Þá eru 80 til 90 prósent af fjallinu skilin eftir í einhverjum óskipulegum haug. En hins vegar verða menn alltaf að gera sér grein fyrir því að komi upp orðrómur um geislamengun, þá er það orðin efnahagsleg spurning um sölu afurða sem hugsanlega tengjast því. Ég hef lýst því yfir að ég tel ekki hættu á skaðlegri geislamengun í hafinu í kringum Ísland miðað við þá þekkingu sem við höfum. En komi upp kvittur um mengun getur það haft gífurleg áhrif á sölu okkar afurða. Ef það verður slys á Grænlandi gæti það þannig haft áhrif hingað á óbeinan hátt,“ sagði Helgi og vísaði til þess að ímynd óspilltra svæða gæti fljótt tapast þó óraunhæft væri að áhrifa umhverfisslyss gætti þar.

### Með puttann á púlsinum

Hermann Örn Ingólfsson, sviðsstjóri alþjóða- og öryggissviðs utanríkisráðuneytisins, kynnti fyrir nefndinni að íslensk stjórnvöld væru í góðu sambandi við dönsk og grænlensk stjórnvöld almennt séð og það ætti við um námavinnslu, eins og annað. „Við fylgjumst grannt með þessu og gerum okkur grein fyrir að þessi mál varða að sjálfsögðu Ísland og næsta nágrenni,“ sagði Hermann og bætti við að stjórnvöld í Danmörku og á Grænlandi tækju þessi mál alvarlega, eins og komið hefði fram í samskiptum við hérlend stjórnvöld að undanförnu.

Ernst Hemmingsen, fulltrúi frá danska sendiráðinu, sagði dönsk og grænlensk stjórnvöld hafa skipað vinnuhóp til að greina einstök álitamál. Kom fram í máli hans að Danir eru bundnir af ýmsum alþjóðasamningum sem ekki gilda um Grænland. Það væri Grænlendinga að ákveða hvort þeir vinna úran í landinu en um útflutning á úrani þyrfti samvinnu landanna beggja. Hann sagði einnig að vinna hópsins hefði leitt í ljós að „fjárfestar standa ekki í biðröðum til að fjárfesta á Grænlandi“, og það ætti við hugsanlega námuvinnslu og bæri að hafa hugfast.

svavar@frettabladid.is

## Fiskverð féll strax eftir að kafbátur sökk

Höskuldur Þórhallsson, formaður umhverfisnefndar, spurði sérstaklega út í hugsanleg áföll fyrir orðspor Íslands ef upp kæmu aðstæður þar sem geislamengun yrði.

Sigurður Magnússon, forstjóri Geislavarna, varð til svars og sagði í samhengi, þó ólíku sé saman að jafna, frá því þegar sovéskur kjarnorkukafbátur sökk við Bjarnarey 7. apríl árið 1989, á föstudagskvöldi. „Á mánudagsmorgni varð verðfall á fiskmörkuðum í Japan. Þá skipti engu að fiskurinn var veiddur áður en kafbáturinn fórst. Það voru bara þessi sálrænu áhrif. Þannig að orðsporið skiptir miklu máli,“ sagði Sigurður og bætti við að ef minnsti grunur kæmi upp um mengun í íslenskum afurðum væru ítarleg gögn um hið gagnstæða Íslands besta vopn til varnar.

# MATREIÐSLUBÓK HAGKAUPS 2013 ER KOMIN ÚT!



Friðrika Hjördís Geirsdóttir

Þetta er 14. bókin í þessum vinsæla bókaflokki sem allir þurfa að eiga.

**Höfundur uppskrifta er Rikka**

## Verði þér að góðu!




## 2.499 KR

**HAGKAUP**

*Ein ferð betra verð*

# Hundskastu




## iPod touch 16/32/64GB
Nýr og endurhannaður iPod touch með stærri skjá (4"), innbyggð myndavél.

Verð frá: 59.990.-

## iPod nano 16GB
Nýi iPod nano hefur verið algjörlega endurhannaður.

Verð: 29.990.-

## iPod shuffle 2GB
iPod shuffle fæst nú í nýjum og flottum litum.

Verð: 9.990.-

Birt með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar.



Work Mate
iPod touch hlíf

Verð: 4.990.-



Flexi Case
iPod nano hlíf

Verð: 3.990.-



Skullcandy Jib
Ódýr og góð "In-Ear" heyrnatól

Verð: 1.990.-



JBL hátalari
iPod, iPhone5 / lightning tengi

Verð aðeins: 9.990.-

# útaf Mandžukić-ið þitt
## hvað þetta eru góð verð!

**2.000 kr.**
símnotkun á mán. í 12 mán. fylgir iPhone 5s og 5c hjá
**NOVA**



iPhone 5c 16GB
Litaglaður og klár. **Verð: 109.990.-**

iPhone 5s 16/32/64GB
Framtíðin er hér. **Verð frá: 159.990.-**



Hipkey
Og þú týnir lyklunum aldrei aftur
**Verð: 14.990.-**



FitBit Flex
Einkaþjálfarinn þinn
**Verð: 19.990.-**



Mophie Helium
Hulstur m. innb. rafhlöðu
**Verð: 14.990.-**



Olloclip
Fisheye, víðlinsa eða Macro fyrir iPhone
**Verð: 11.990.-**

**Smáralind**
Virka daga 11 - 19 | Fimmtudaga 11 - 21 | Laugardaga 11 - 18
Sunnudaga 13 - 18 | Sími 512 1330

**epli.is**

**Laugavegi 182**
Virka daga 10 - 18 | Laugardaga 12 - 16 | Sími 512 1300



**LOKS RIGNDI Í KALIFORNÍU** Vegfarendur þurftu að taka upp regnhlífar í San Francisco í fyrrakvöld, en á þessum slóðum hefur ekki rignt svo heitið geti í tvo mánuði, og reyndar sáralítið allt árið. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



**FORSETI FAGNAR AUKNUM VÖLDUM Í VENESÚELA** Nicolas Maduro, arftaki Hugos Chavez í Venesúela, tekur formlega við nýjum lögum úr hendi forseta þjóðþings landsins. Lögin veita forsetanum sérstök völd næsta árið og gera honum jafnvel kleift að hunsa vilja þingsins. Aukin harka hefur færst í stjórnmálin í landinu undanfarið og Mauro hikar ekki við að kalla andstæðinga sína afætur, fasista og glæpamenn. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



**MÁLAÐ YFIR VEGGJAKROT Í NEW YORK** Ungur maður virðir fyrir sér vegg 5 Pointz-vöruhússins í New York þar sem eigandinn lét í skjóli nætur mála yfir veggjalist sem húsið var orðið frægt fyrir. Listamenn götunnar hafa þarna fengið útrás fyrir sköpunarkraftinn síðan 1990. NORDICPHOTOS/AFP






**DÚFUM GEFIÐ Í MOSKVU** Kona þessi gaf dúfunum brauðmola í almenningsgarði í Moskvu. NORDICPHOTOS/AFP



**PÁFANUM FAGNAÐ Á PÉTURSTORGI** Á Péturstorginu í Róm tók mannfjöldinn fagnandi á móti Frans páfa þegar hann kom þangað í gær til að flytja ávarp. NORDICPHOTOS/AFP



**SPRENGJUÁRÁS Í BAGDAD** Íbúar í Bagdad, höfuðborg Íraks, skoða skemmdir á vettvangi sprengjuárásar í Karrada-hverfinu. Tugir manna létu lífið í nokkrum sprengjuárásum þar í landi í gær. NORDICPHOTOS/AFP



**SÆTINDI TIL SÖLU Í KABÚL** Afganskur sölumaður raðar upp vörum sínum, sem hann bauð til sölu í höfuðborginni Kabúl. NORDICPHOTOS/AFP



**FORSETI KÝS Í MÓSAMBÍK** Armando Guebuza var mættur á kjörstað í Maputu, þar sem borgarstjórnarkosningar voru haldnar í gær. Spenna hefur verið í tengslum við kosningarnar og stjórnarandstöðuflokkurinn Renamo ákvað að hunsa þær. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

ENNEMM / SÍA / NM7618

**Rauðir dagar** 18.-22. nóvember

# Komdu í heimsókn í dag
# Opið til kl. 17

Í dag höldum við fjölskyldudag í öllum útibúum Íslandsbanka og bjóðum upp á skemmtilegar uppákomur og kaffiveitingar.

**Við hlökkum til að sjá þig!**

### Gjöf frá Georg og félögum

Krakkar sem koma með baukinn sinn fá flottan glaðning frá Georgi og félögum í Íslandsbanka.*

### Má bjóða þér nýja mynd í kortin þín?

Komdu í dag á Kirkjusand eða í útibúið þitt á landsbyggðinni milli kl. 15-17 og láttu taka nýja mynd í kortin þér að kostnaðarlausu.






*Gildir á meðan birgðir endast

### Fræðsludagskrá á Rauðum dögum
### Fimmtudagur 21. nóvember

**Árangur í ávöxtun**
Fræðslufundur VÍB um uppbyggingu eignasafna. Íslandsbanki Kirkjusandi kl. 12.15-12.45.

**Eru rafmagnsbílar framtíðin?**
Fundur um samgöngur framtíðarinnar og fjármögnun. Íslandsbanki Suðurlandsbraut kl. 16.30.

ergo

**Ergo er opið til kl. 17 í dag**

**Við bjóðum góða þjónustu**

islandsbanki.is | Sími 440 4000

Íslandsbanki




# Eiturúrgangur ógnar milljónum

Heilsu meira en tvö hundruð milljóna manna víða um heim er talin stafa veruleg hætta af eiturefnaúrgangi í næsta nágrenni heimilis síns. Tíu hættulegustu staðirnir eru tilgreindir í nýrri skýrslu. Þrír þeirra eru í Asíu, þrír í Evrópu, þrír í Suður-Ameríku og einn í Afríku.

**BANDARÍKIN** Eiturefnamengun er alvarlegt vandamál víða um heim. Talið er að meira en 200 milljónum manna stafi beinlínis hætta af henni.

Þetta kemur fram í nýrri skýrslu frá Græna krossinum í Sviss og Blacksmith-stofnuninni í New York. Sambærilegar skýrslur voru gefnar út árin 2006 og 2007, og sýnir samanburðurinn við þær að sums staðar hefur tekist að ná góðum árangri við að hreinsa burt eiturefnamengun.

Ástandið virðist þó hafa versnað. Í það minnsta er talið að fleira fólk sé nú í hættu vegna eiturefnamengunar en var fyrir nokkrum árum. Hugsanlega stafar sú breyting þó af því að þekking manna á útbreiðslu og áhrifum eiturefnamengunar er orðin meiri.

Stofnanirnar hafa fylgst með meira en þrjú þúsund stöðum í 49 löndum og niðurstaðan varð sú að ruslahaugur í Agbobloshie í Gana er hættulegasti eiturefnastaður jarðar. Þangað er hent ósköpunum öllum af ónýtum rafmagnstækjum, en á hverju ári flytur Gana inn 215 þúsund tonn af slíkum úrgangi, beinlínis í þeim tilgangi að henda honum á haugana í Agbobloshie.

Talið er að þessi innflutningur muni aukast á næstu árum, en heilsufari fólks í nágrenninu stafar veruleg hætta af. Hættan þar stafar ekki síst af blýmengun, en mikið blý hefur mælst í jarðvegi þar undanfarið.

Næstverst er ástandið metið í Tsjernóbyl í Úkraínu, þar sem alvarlegasta kjarnorkuslys sögunnar varð árið 1986. Ekki er búist við öðru en að Tsjernóbyl verði áfram á þessum lista næstu áratugina, enda hverfur geislavirknin þar ekki í bráðina.

Í þriðja sæti lendir svo Citarum-fljótið í Indónesíu. Vatnasvæði þess nær yfir 13 þúsund ferkílómetra, og þar búa um níu milljónir manna. Þaðan kemur megnið af drykkjarvatni íbúa höfuðborgarinnar Djakarta, auk þess sem vatnið þaðan er notað við landbúnað og í iðnframleiðslu.

Mengunin í ánni er af margvíslegum toga og kemur bæði frá heimilum og iðnaði. Mikið magn af blýi mælist til dæmis í vatninu, sem og ál, mangan og járn. Stjórnvöld eru byrjuð að fást við þennan vanda, en verkefnið er gríðarstórt og mun taka allmörg ár.

gudsteinn@frettabladid.is



**MENGAÐASTI STAÐUR HEIMS ER Í GANA** Ungir menn hafa náð sér í rafmagnskapla og fleira rafmagnsdót á ruslahaugunum í Agbobloshie í von um að geta selt það. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA




Skíðamenn geta farið að hlakka til opnunar í Bláfjöllum og Hlíðarfjalli:

## Vona að kuldatíðin haldist

**ÚTIVIST** „Við erum að vonast til að kuldatíðin haldist næstu daga því þá ætti að vera mögulegt að opna fyrir mánaðamót. Það hefur bara gerst einu sinni frá árinu 2007 að við höfum getað opnað í Bláfjöllum í nóvember,“ segir Magnús Árnason, framkvæmdastjóri skíðasvæðis höfuðborgarsvæðisins.

Talsvert hefur snjóað í Bláfjöllum síðustu daga og vinna starfsmenn skíðasvæðisins nú að því að ýta snjónum til og þjappa hann. Magnús segir að margir skíðaiðkendur séu orðnir óþreyjufullir og fjöldi manns hringi á hverjum degi til að spyrja hvenær verði opnað.

Skíðasvæðið í Hlíðarfjalli við Akureyri verður opnað næstkomandi föstudag.

Guðmundur Karl Jónsson, forstöðumaður skíðasvæðisins, segir að snjóframleiðsla hafi hafist í október. Um miðjan þann mánuð hafi líka snjóað mikið í fjallinu.

„Þetta var blautur og þungur snjór sem þjappaðist vel. Það hefur ekki hlánað hjá okkur það sem af er svo þetta lítur mjög vel út enda getum við opnað viku fyrr en venjulega,“ segir hann.

- jme



**TILHLÖKKUN** Það lítur út fyrir að skíðasvæðin bæði sunnan- og norðanlands verði opnuð óvenjusnemma í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL













Jólaleikur barnanna
TEIKNAÐU GARÐHEIMA
—HVER FÆR VERÐLAUN?

GARÐHEIMAR

Garðheimar • Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

Sænski kvensjúkdómalæknirinn Lennart Blomqvist rannsakar hvort blóðtappar valdi fósturlátum og hvernig bregðast megi við:

# Virka efnið í aspiríni kann að vinna gegn fósturmissi

Sænskur kvensjúkdómalæknir, Lennart Blomqvist, rannsakar nú hvort acetýlsalicýlsýra, sem er í verkjalyfjum (til dæmis aspiríni) og hitalækkandi lyfjum, geti komið í veg fyrir fósturlát snemma á meðgöngunni. Hann rannsakar einnig hvort öryggistilfinning geti aukið líkurnar á fullri meðgöngu.

Samkvæmt fréttum sænskra fjölmiðla rannsakar Blomqvist hvort endurtekin fósturlát snemma á meðgöngu geti stafað af agnarsmáum blóðtöppum í æðum fylgjunnar sem takmarki blóðstreymi til fóstursins. Hann kveðst þess vegna vera að rannsaka hvort meðferð með acetýlsalicýlsýru, sem dregur úr hættunni á blóðtöppum, geti verið lausn.

Í byrjun gaf kvensjúkadómalæknirinn tuttugu konum lítinn skammt af acetýlsalicýlsýru í þeim tilfellum þar sem engin skýring fannst á fósturlátunum. Allar konurnar eignuðust börn eftir eðlilega meðgöngu. Hann ákvað að víkka út rannsóknina árið 2008 sem 287 konur hafa hingað til tekið þátt í. Alls hafa 208 þeirra fætt börn og 32 börn eru á leiðinni.

Blomqvist tekur fram að hafa þurfi í huga að líkurnar á að meðganga verði eðlileg eftir þrjú fósturlát séu fimmtíu prósent. Þess vegna þurfi að taka mörg atriði til athugunar. Hann telur nauðsynlegt að rannsaka áhrifin hjá 400 konum áður en hægt sé að tala um örugga niðurstöðu.

Kvensjúkdómalæknirinn greinir frá því að rannsóknir við Ullevålssjúkrahúsið í Ósló bendi til að öryggistilfinning dragi úr hættunni á fósturmissi. Hann reynir þess vegna að draga úr streitu og kvíða hjá pörum. Hann ræður þeim frá því að leita sér upplýsinga á netinu og hvetur þau til að leita í staðinn til hans með spurningar. Þess vegna sé hann alltaf með farsímann sinn opinn.

-ibs



**ÓFRÍSK** Virka efnið í aspiríni kann að draga úr líkum á fósturmissi. NORDICPHOTOS/GETTY




2. sæti
Bóksölulistinn
Fræði og almennt efni
11.-17. nóvember

BÆTIR, HRESSIR, KÆTIR!

★★★★

„Hvað eftir annað skellir lesandinn upp úr."
REYNIR TRAUSTASON, DV

„Bráðsmellin bók fyrir alla."
JÓN AÐALSTEINN BERGSVEINSSON, VIÐSKIPTABLAÐINU

Guðni Ágústsson fer á kostum í sögum af sjálfum sér og öðrum – og þjóðþekktir menn rifja upp litríkar sögur af Guðna. Sannkallaður lífsins elixír sem bætir, hressir og kætir. Skemmtilegasta bók ársins!

DYNAMO REYKJAVÍK

VERÖLD


## FÆÐINGARORLOF Á NORÐURLÖNDUM




# Fæðingarorlof styst á Íslandi

Fæðingarorlof er styttra hér á landi en á hinum Norðurlöndunum. Ísland hefur jafnan verið á eftir hinum í þróuninni. Framkvæmdastýra Jafnréttisstofu segir brýnast að hækka hámarksgreiðslur í orlofi.

Ísland hefur lengi verið eftirbátur hinna Norðurlandanna þegar kemur að fæðingarorlofsmálum. Í skýrslu sem Jafnréttisstofa gaf út árið 2005 segir meðal annars að Ísland hafi, fyrir það fyrsta, verið seint til að setja lög um fæðingarorlof og eins hafi Ísland yfirleitt verið seinna til en hin Norðurlöndin að breyta lögunum og bæta þau.

Fyrstu lögin um fæðingarorlof voru sett hér á landi árið 1946, en með þeim fengu allar konur rétt á fæðingarstyrk og eins áttu einstæðar mæður sem unnu úti rétt á aukastyrk í þrjá mánuði. Þá var liðin rúm hálf öld frá því að Noregur setti slík lög, fyrst Norðurlanda, og Danmörk og Svíþjóð fylgdu í kjölfarið árin 1900 og 1901 áður en Finnland tók skrefið árið 1917. Þá voru Íslendingar síðastir Norðurlandaþjóða til að binda hluta fæðingarorlofs feðrum, en það var árið 1998.

Fæðingarorlofsmál voru enn í brennidepli síðasta vetur þegar samþykkt var á Alþingi að lengja fæðingarorlofið í þrepum úr níu mánuðum í tólf mánuði og hækka þakið á mánaðarlegum greiðslum upp í 350.000. Í frumvarpi til fjárlaga árið 2014 er hins vegar gert ráð fyrir því að lenging orlofsins verði dregin til baka og þakið á greiðslum hækkað um 20.000 á mánuði.

Eins og sakir standa er fæðingarorlofið styttra hér á landi en á hinum Norðurlöndunum.

Í Danmörku geta foreldrar skipt með sér heilu ári samtals. Konur fá þar fjórar vikur fyrir fæðingu og fjórtán vikur eftir fæðingu, og karlar fá tvær vikur á fyrstu fjórtán vikunum eftir fæðingu. Þess utan geta foreldrar skipt með sér 32 vikum í orlofi. Hluta orlofs má fresta þar til barnið verður níu ára gamalt.

Í Svíþjóð fá foreldrar samtals 480 daga í orlof sem skiptist þannig að 60 orlofsdagar eru bundnir hvoru þeirra en restinni geta foreldrarnir skipt á milli sín. Hægt er að nýta orlofið allt þar til barn nær átta ára aldri.



> Það ætti að vera heilt ár og skiptast jafnt milli foreldra, en hins vegar liggur frekar á því að hækka þakið, sem hefur orðið til þess að feður hafa síður tekið fæðingarorlof.
>
> *Kristín Ástgeirsdóttir, framkvæmdastýra Jafnréttisstofu.*

Í Noregi er fæðingarorlof 47 vikur ef miðað er við fullar bætur, en þar af eru 14 vikur bundnar feðrum og falla niður ef þeir nýta þær ekki.

Í Finnlandi fá konur fjögurra mánaða leyfi sem hefst í síðasta lagi mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag. Þá eiga feður í sambúð með mæðrum rétt á 54 dögum í orlof og foreldrarnir eiga sameiginlega um hálft ár sem þeir geta ráðstafað eftir hentugleik.

Kristín Ástgeirsdóttir, framkvæmdastýra Jafnréttisstofu, segir að þrátt fyrir að fæðingarorlof sé vissulega styttra hér en á hinum Norðurlöndunum séu margar hliðar á þessum málum. „Til dæmis eru það bara Norðmenn sem standa okkur framar hvað varðar sérstakt orlof bundið feðrum, en svo er álitaefni hversu fæðingarorlof eiga að vera löng, með tilliti til fjarveru frá vinnumarkaði og framgöngu í starfi."

Kristín segir að fæðingarorlof hér á landi sé of stutt. „Það ætti að vera heilt ár og skiptast jafnt milli foreldra, en hins vegar liggur frekar á því að hækka þakið, sem hefur orðið til þess að feður hafa síður tekið fæðingarorlof. Svo þegar ástandið skánar verði orlofið lengt."

- þj


A WORLD OF INSPIRATION
the PIER
FOR YOUR HOME
JÓLIN BYRJA
Í THE PIER
59.900
29.900
MIKIÐ ÚRVAL
AF FALLEGU
JÓLASKRAUTI
Jólatré
9.990
Búsáhöld
-20%
MIKIÐ ÚRVAL AF
BÚSÁHÖLDUM
Á 20% AFSLÆTTI
GILDIR TIL 27.NÓV.
Jólastyttur 690 og 2.490
Lampar 5.990
Styttur 3.990
Matarstell frá 590 mikið úrval
Búsáhöld
-20%
Reykelsi,
olíur, kerti
og híbýlailmir
frá 390
Jólastyttur frá 890
16 cm, 24 cm og 29 cm
Verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl
ÍRIS
the PIER
Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880

Jói Fel

BAKARÍ

Kökur og kruðerí að hætti Jóa Fel



FERSK JARÐARBERJAPÆJA



BROSKALLAKÖKUR



GULRÓTARKAKA



SÚKKULAÐI- OG MARSÍPANPÆ

SÍMI: 588 8998

www.joifel.is




**NEYTANDINN** Jón Óttar Ólafsson

## Keypti Weber í fornbókabúð



„Ég held að bestu kaupin hafi verið þegar ég fékk frumútgáfu af The Protestant Ethic and the Spirit of Capitalism eftir Max Weber í fornbókaverslun í Heidelberg á áttatíu mörk," segir Jón Óttar Ólafsson, höfundur glæpasögunnar Hlustað, spurður út í bestu kaupin sín.

Hann var á vikuferðalagi um Þýskaland árið 1996 þegar hann kom auga á bókina en þýski fræðimaðurinn hefur lengi verið í uppáhaldi hjá honum. „Fræðirit hans notaði ég í gegnum eiginlega allt mitt háskólanám. Ég notaði Weber meira að segja þegar ég skrifaði doktorsritgerðina [í afbrotafræði]."

Hvað verstu kaupin varðar segir Jón Óttar að konan hans hafi verið fljót að benda á þau: „Það eru þrjú árin í röð sem ég keypti árskort í World Class og fór aldrei."

Einnig segir hann auðvelt að finna misheppnuð kaup tengd fötum. „Gulur bolur frá Kanaríeyjum kemur upp í hugann," segir hann og hlær. „Reyndar þegar ég var sautján ára keypti ég mér mittisleðurjakka sem ég var í þangað til ég var 22 eða 23 ára, sem mér þótti ákaflega flottur en er vægast sagt ljótur. Það voru góð kaup þá en núna sér maður eftir þessu." - fb

# Mikilvægt að huga að öryggisvottunum

Slysavarnafulltrúi segir fólk þurfa að vera á varðbergi varðandi kaup á vörum í gegnum netsíður. Á síðum eins og AliExpress sé oft erfitt að sannreyna hvort vörur uppfylli öryggisstaðla. Einnig er varað við óvottuðum fjarskiptatækjum.

**NEYTENDAMÁL** Mikilvægt er fyrir neytendur að gæta að því að hlutir sem keyptir eru á netinu standist öryggiskröfur og beri vottun því til sönnunar.

Þetta segir Herdís Storgaard, verkefnisstjóri slysavarna hjá Landlæknisembættinu, en eins og komið hefur fram í umfjöllun Fréttablaðsins að undanförnu hefur verið mikill vöxtur í vörukaupum frá kínverskum sölusíðum, sérstaklega AliExpress, síðustu mánuði.

Herdís segist hafa kannað síðuna eftir að hafa fengið fyrirspurnir frá foreldrum um hana.

„Ég hnaut um að þarna er til dæmis verið að selja barnabílstól, sem er, þegar nánar er að gáð, bara sessa úr taui sem fest er við bílsæti og lítur út eins og bílstóll, sem er stórhættulegt og alls ekki í samræmi við staðla."

Herdís segir auk þess ómögulegt að kanna hvort vörur sem þar eru til sölu, til að mynda reiðhjólahjálmar, hafi staðist öryggisprófanir og slíkt.

„Ég er ekki að fullyrða að hjálmarnir séu ekki í lagi en það vakna spurningar, sérstaklega ef litið er til bílstólsins."

Slíkir staðlar eru afar mikilvægir, að sögn Herdísar, en í Evrópu eru almennt gerðar miklar öryggiskröfur til barnavöru almennt.

„Til dæmis að smellur innihaldi ekki eiturefni og detti ekki af fötunum þannig að barnið geti tínt þær upp í sig og þess háttar. Fólk verður að vera á varðbergi gagnvart öllu þessu."

thorgils@frettabladid.is



**ÖRYGGI Í FYRIRRÚMI** Herdís Storgaard segir að erfitt sé að ganga úr skugga um hvort vörur sem keyptar eru á AliExpress uppfylli íslenskar öryggiskröfur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### Ólögleg án CE-vottunar

CE

Í tilkynningu frá Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) eru kaupendur fjarskiptatækja, til dæmis farsíma, talstöðva og fjarstýrðra leikfanga, varaðir við því að kaupa tæki sem ekki bera CE-vottun.

Tæki án CE-merkinga eru ólögleg hér á landi því að þau ganga gegn svokallaðri R&TTE-tilskipun sem gildir á Evrópska efnahagssvæðinu. Ef fjarskiptabúnaður er í fullu samræmi við R&TTE-tilskipunina er hann CE-merktur, en tæki sem eru almennt í notkun í löndum utan Evrópu geta verið ólögleg.

**➜ PFS gefur góð ráð til að hafa í huga áður en fjárfest er í fjarskiptatæki til nota hér á landi**

- Öll fjarskiptatæki eiga að vera CE-merkt. Ef þau eru það ekki eru þau ólögleg á Íslandi.
- CE-merkið skal vera greinilegt á umbúðum og á tækjunum. Að auki skal tækið vera merkt með framleiðslunúmeri.
- Ofangreint á við, hvort heldur tækin eru keypt á Íslandi, erlendis eða koma til landsins sem gjöf, t.d. frá ættingjum.
- Ofangreint á einnig við ef tækin eru keypt á netinu.
- Athuga þarf hvort hvort afla þurfi tilskilinna leyfa til að nota tækið á Íslandi.

Síminn og Auðkenni kynna nýja rafræna lausn fyrir neytendur:

# Skilríkin komin í farsímana

Ný farsímakort frá Símanum eru nú orðin fullgild rafræn skilríki sem gilda fyrst um sinn inni á þjónustusíðum Símans, en innan tíðar munu fleiri fyrirtæki og stofnanir bjóða upp á slíkt.

Í fréttatilkynningu segir að rafræn skilríki muni í framtíðinni gera notenda- og lykilorð óþörf, þar sem aðeins eitt PIN-númer muni gilda fyrir alla þjónustu.

Innleiðing rafrænna skilríkja fyrir farsíma er afrakstur samstarfs Símans, Auðkennis og viðskiptabankanna, en Þór Jes Þórisson, framkvæmdastjóri þróunarsviðs Símans, segir í tilkynningunni að netbankar, tryggingafélög og ríkisstofnanir muni væntanlega bjóða slíka þjónustu fljótlega.

Haraldur A. Bjarnason, framkvæmdastjóri Auðkennis, segir róttækar breytingar fram undan þar sem skilríki á farsíma sé hægt að nota hvar og hvenær sem er.

„Hvort sem þjónustan er sótt í gegnum símann, spjaldtölvuna, fartölvuna eða gömlu góðu borðtölvuna, þá virka skilríkin. Allt sem þarf er farsími og PIN."

Haraldur segir að í framtíðinni verði jafnvel hægt að kjósa með hjálp farsímans. „Þetta er ekki aðeins öruggari leið en þekkist með hefðbundnu notendanafni og lykilorði heldur mun þægilegri þar sem viðskiptavinir þurfa ekki að muna fjölmörg ólík notendanöfn og lykilorð inn á vefi sem notaðir eru sjaldan." - þj



**ALLT Í SÍMANUM** Möguleikum sem fylgja fjarskiptabyltingunni fjölgar stöðugt. MYND/SÍMINN

# ALLT TIL AÐ FEGRA HEIMILIÐ FYRIR JÓLIN

Búðu til persónuleg kerti






Krans úr könglum.
Ummál 35 sm.
4.495,-

EFNI Í JÓLA-KRANSINN

Krans úr greinum.
Ummál 35 sm.
2.995,-

Kertalím fyrir pappír.
Inniheldur eldtefjandi efni
1.990,-



ÓDÝRT

Jólaföndursett
Úrval af jólaföndursettum á frábæru verði.
1.295,-



Jólaföndursett „Uglur í óróa"
Inniheldur allt efni í 3 stk.
Hæð 6 sm
2.495,-



TILBOÐ

Jólatréhjörtu
Inniheldur allt efni í 3 stk.
Stærð 6,5 x 18 sm
999,-



Jólaföndursett „Þrír sveinar"
Inniheldur allt efni í 3 stk.
Hæð 12 - 20 sm.
2.995,-



Jólaföndursett „Litlir jólasveinar"
Inniheldur allt efni í 12 stk. Hæð 6 sm.
2.695,-



Jólaföndursett „Snjókarlafjölskylda"
Inniheldur allt efni í 5 stk.
Hæð 3,5 - 13,5 sm.
3.225,-



Jólasveinn LED
10 ljósa, stærð 24,5 x 28 sm
Fyrir 3 x AAA rafhlöður
1.499,-

ÓDÝR LJÓS Í BARNA-HERBERGIÐ



Engill LED
10 ljósa, stærð 25,5 x 28,5 sm
Fyrir 3 x AAA rafhlöður
1.499,-



Hreindýr LED
10 ljósa, stærð 18,5 x 28,5 sm
Fyrir 3 x AAA rafhlöður
1.499,-

**www.a4.is / sími 580 0000**
**A4 Skeifunni 17 / A4 Smáratorgi 1 / A4 Reykjavíkurvegi 66, Hafnarfirði**
**A4 Dalsbraut 1, Akureyri / A4 Miðvangi 13, Egilsstöðum / A4 Austurvegi 65, Selfossi**
**Sjá má afgreiðslutíma verslana A4 á www.a4.is**

A4

Nazar opnar heimasíðu:

## Leggja í fyrstu Tyrklandsferðina næsta vor

Ferðaskrifstofan Nazar, sem er í eigu einnar stærstu ferðasamsteypu í heimi, TUI Travel PLC., opnar í dag íslenska heimasíðu.

„Við munum bjóða upp á ferðir til Antalya í Suður-Tyrklandi og fyrsta ferðin verður farin í maí. Ferðirnar verða eingöngu seldar á internetinu en starfsmenn okkar munu svara öllum fyrirspurnum í gegnum íslenskt símanúmer og á internetinu,“ segir Heiðrún Þórsteinsdóttir, verkefnastjóri hjá fyrirtækinu.



HEIÐRÚN ÞÓRSTEINSDÓTTIR

Nazar er að hennar sögn tíu ára gömul ferðaskrifstofa með starfsemi í Svíþjóð, Danmörku, Noregi og Finnlandi.

„Við erum með samning við flugfélag sem heitir Corendon Airlines og ætlum að fljúga einu sinni í viku og bjóða viku og tveggja vikna langar ferðir,“ segir Heiðrún. - hg

Árshlutareikningur birtur:

## Hagnaður TM jókst milli ára

Heildarhagnaður Tryggingamiðstöðvarinnar (TM) á fyrstu níu mánuðum ársins nam 1,9 milljörðum króna samanborið við 1,8 milljarða króna hagnað á sama tíma árið 2012.

Sigurður Viðarsson, forstjóri TM, segir í uppgjörstilkynningu fyrirtækisins að rekstur TM hafi gengið vel það sem af er ári.

„Afkoma af fjárfestingastarfsemi var mjög góð á tímabilinu og tryggingastarfsemin er í samræmi við áætlanir,“ segir Sigurður. - hg

# Reisa veitingastað á súlum við Vestmannaeyjahöfn

Eigendur ferðaþjónustufyrirtækisins Rib-safari í Vestmannaeyjum vilja reisa veitinga- og þjónustuhús við höfnina í bænum. Húsið verður reist á landfyllingu en stór viðarpallur í kringum það mun hvíla á stólpum. Það verður um 170 fermetrar að grunnfleti og framkvæmdaaðilar gera ráð fyrir að það verði tilbúið vorið 2015.



TEIKNINGIN Húsið á að líkjast gömlum veiðikrám sem stóðu áður við Vestmannaeyjahöfn. MYND/MARGRÉT KRISTÍN GUNNARSDÓTTIR.

„Húsið verður reist á landfyllingu og svo verður stór viðarpallur í kringum það og hann mun hvíla á stólpum sem eru nú þegar komnir niður,“ segir Hilmar Kristjánsson, framkvæmdastjóri ferðaþjónustufyrirtækisins Rib-safari.

Hann og aðrir eigendur fyrirtækisins, sem selur ferðir með slöngubátum sem er siglt umhverfis Vestmannaeyjar, hafa sótt um byggingarleyfi fyrir veitinga- og þjónustuhúsi sem á að rísa á lóð fyrirtækisins í Vestmannaeyjahöfn.

„Okkur langar að mynda smá stemningu niðri á bryggju og við horfum til þess hvernig mál hafa þróast á Húsavík, Siglufirði og í Reykjavík þar sem veitingastaðir og ferðaþjónusta blómstra við höfnina. Okkar hugmynd er sú að húsið verði eins og veiðikrárnar í Eyjum voru í gamla daga en þær voru byggðar á pöllum og voru staðsettar á þessum slóðum,“ segir Hilmar.

Hann segir að húsið verði um 170 fermetrar að grunnfleti.

„Ef byggingarleyfið verður samþykkt þá verður húsið líklega tilbúið á vormánuðum 2015. Við höfum hingað til ekki verið með neitt almennilegt húsnæði undir starfsemi okkar en við erum með lítinn gám niðri á bryggju þar sem viðskiptavinir okkar geta klætt sig í björgunarvesti og annan klæðnað. Það verður því gott að fá húsnæði þar sem þeir geta sest niður og fengið sér kaffi og aðrar veitingar.“

Spurður hvort fyrirtækið ætli í frekari fjárfestingar segir Hilmar að hann og aðrir eigendur þess ætli að láta framkvæmdina vegna veitinga- og þjónustuhússins duga að sinni.

„Við ætlum ekki að kaupa fleiri báta í bili. Við byrjuðum með einn bát fyrir fjórum árum og erum búnir að vera með tvo báta í um þrjú ár. En það var minna um ferðir í sumar en árið áður því veðrið var eins og allir vita frekar slæmt. Svo vorum við stoppaðir í vor þegar Samgöngustofa stöðvaði allar okkar ferðir þar sem farþegar voru ekki í svokölluðum neyðarbjörgunarbúningum,“ segir Hilmar og undirstrikar að allir viðskiptavinir fyrirtækisins klæðist flotgöllum og björgunarvestum.

„En það var bakkað með það og það mál er nú komið í góðan farveg,“ segir Hilmar.

„Annað atriði sem gerði reksturinn erfiðari var að við höfum einungis heimild frá Samgöngustofu til að sigla með tólf farþega en bátarnir geta borið tuttugu. Af þeim sökum þurfum við að fara fleiri ferðir til að anna eftirspurn. Það mál er allt í ferli og við viljum ekki afskrifa það að við fáum að fara með fleiri farþega í hverri ferð.“

haraldur@frettabladid.is



**„Ef byggingarleyfið verður samþykkt þá verður húsið líklega tilbúið á vormánuðum 2015. Við höfum hingað til ekki verið með neitt almennilegt húsnæði undir starfsemi okkar en við erum með lítinn gám niðri á bryggju þar sem viðskiptavinir okkar geta klætt sig í björgunarvesti og annan klæðnað.**

*Hilmar Kristjánsson*
*framkvæmdastjóri Rib-safari*



REYKJAVÍK Íbúðir í sérbýli hafa hækkað nokkuð í verði. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Raunverð húsnæðis hefur hækkað um 9,8%:

## Íbúðaverð enn 29% lægra en fyrir hrun

Íbúðaverð á höfuðborgarsvæðinu hækkaði um 1,6 prósent í október og er það mesta hækkun í einum mánuði síðan í júní.

Sú hækkun kemur til vegna mikillar hækkunar á verði íbúða í sérbýli en hún var upp á 2,6 prósent á milli mánaða. Þetta kom fram í Morgunkorni Greiningar Íslandsbanka í gær.

„Raunverð húsnæðis hefur nú hækkað um 9,8% frá því að það stóð lægst eftir hrunið 2008, og er það nú álíka og það var undir lok árs 2004,“ segir í Morgunkorninu. Þar segir að hækkunina undanfarið megi meðal annars rekja til vaxandi kaupmáttar launa, fjölgunar starfa og leiðréttingar á skuldum heimilanna.

„Húsnæðisverð er þó enn um 29% lægra en þegar það var hæst fyrir hrun.“

Sömuleiðis hefur velta með íbúðarhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu aukist og á síðustu þremur mánuðum var 1.563 kaupsamningum um fasteignir þinglýst. Það eru 11,4% fleiri samningar en á sama tímabili í fyrra og var heildarveltan í þessum viðskiptum 49,7 milljarðar króna.

„Vöxtur hefur verið í veltu með íbúðarhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu nær samfellt síðan í byrjun árs 2010 og var þinglýst 263% fleiri kaupsamningum með íbúðarhúsnæði á síðustu þremur mánuðum en á sama tíma 2009.“ - skó



tl.is

# TÖLVU LISTINN JÓLAGJAFIR

nextbook

## DUAL CORE ÖRGJÖRVI !

Þessi verður vinsæl í jólapakkana fyrir börnin. 7" er mjög handhæg og hentug stærð fyrir börn þar sem þær eru léttari og meðfærilegri en stærri spjaldtölvur. Nú fyrir jólin koma Nextbook líka með Dual Core örgjörva sem gerir þær mun hraðvirkari og öflugri. Android 4.1 Jelly Bean og aðgangur að þúsundum ókeypis leikja í Google Play.

Google play



19.990

NEX-NEXT701T

**23" FULL HD SKJÁR MEÐ 5MS SVARTÍMA**
PHILIPS 29.990
PHS-236V4LSB

**10" MEMOPAD MEÐ FULL HD OG INTEL ATOM**
ASUS 89.990
ASU-ME302C1B015A

**VINSÆLASTA MEKANÍSKA LYKLABORÐIÐ FRÁ RAZER**
RAZER 19.990
RAZ-BLACKWIDOW2013

**15,6" INTEL DUAL CORE MEÐ 1TB DISKI OG 8GB VINNSLUMINNI**
TOSHIBA 99.990
TOS-L50A152

**SÉRHÖNNUÐ MMO LEIKJAMÚS FRÁ RAZER**
RAZER 14.990
RAZ-DEATHADDER2013

**HÁTALARAKERFI MEÐ DJÚPUM BASSA**
Logitech 11.990
Logitech Z323

**ÞRÁÐLAUS 500GB WI-FI FLAKKARI Í VASA**
BUFFALO 22.990
BUF-HDWP500U3EU

**ÖFLUGUR 2TB NAS NETFLAKKARI**
Seagate 27.990
SEA-STCG2000200

**27" MEÐ AH-IPS OG HDMI**
PHILIPS 49.990
PHS-274E5QHSB

**GEFORCE GTX660 SKJÁKORT**
msi 39.990
MSI-N660GAMING2GD5OC

**ÞRÁÐLAUS BLUETOOTH HEYRNARTÓL**
Bluetooth
noontec 19.990
NOO-ZOROWIRELESSWH

**FLOTTASTA SKJÁTÖLVAN OKKAR MEÐ ÖLLU ÞVÍ BESTA**
TOSHIBA 279.990
TOS-PX30TA120




## NÝ VERSLUN TÖLVULISTANS Á HÚSAVÍK !

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | HAFNARFJÖRÐUR |
|---|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | GARÐARSBRAUT 18A | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | REYKJAVÍKURVEGI 66 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 464 1600 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | Sími 414 1750 |

Samstaða um veigamiklar stjórnlagabreytingar:

# Já, það er hægt að breyta stjórnarskrá

Vinna við breytingar á stjórnarskránni er enn og aftur komin í gang með því að forsætisráðherra hefur skipað nýja stjórnarskrárnefnd. Hún er skipuð í samræmi við samkomulag allra þingflokka frá því í sumar og á að hafa til hliðsjónar meðal annars tillögur stjórnlagaráðs og stjórnlaganefndar frá síðasta kjörtímabili, vinnu stjórnarskrárnefndar frá kjörtímabilinu þar á undan og niðurstöður þjóðaratkvæðagreiðslunnar um tillögur stjórnlagaráðs.



Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is

Saga þeirrar heildarendurskoðunar á stjórnarskránni, sem átti að eiga sér stað fljótlega eftir að lýðveldisstjórnarskráin var sett saman í hasti 1944, er hálfgerð sorgarsaga. Margar stjórnarskrárnefndir hafa gert atlögu að verkinu, en það hefur iðulega dottið ofan í einhverjar flokks- og kjördæmaskotgrafir og aldrei klárazt.

Endurskoðuninni sem stefnt var að á síðasta kjörtímabili var klúðrað af ýmsum orsökum. Mistök við framkvæmd stjórnlagaþingskosninganna leiddu til þess að Hæstiréttur ógilti þær. Þá voru gerð þau mistök að endurtaka ekki kosningarnar, sem var eina tæka leiðin, heldur skipa þá sem höfðu fengið flest atkvæði í stjórnlagaráð. Strax þá var búið að veikja umboð ráðsins.

Stjórnlagaráðið reyndist síðan ekki vandanum vaxið. Í stað þess að gera stjórnarskrána skýrari og reyna að tryggja betur festu í stjórnarfari gerði það tillögur um alltof víðtækar breytingar, sem sumar hverjar hefðu getað haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar og búið til alls konar stjórnskipulega óvissu. Tillögurnar fengu margvíslega gagnrýni, bæði frá innlendum og erlendum sérfræðingum.

Þjóðaratkvæðagreiðslan var síðan líka gölluð; þar var spurt spurninga um sum mikilvæg atriði stjórnlaganna en ekki önnur, þannig að hún veitti heldur takmarkaða leiðsögn.

Eftir þennan skelfilega málatilbúnað var gjörsamlega útilokað að ná samkomulagi um afgreiðslu breyttrar stjórnarskrár á Alþingi fyrir kosningar, enda er stjórnarskrá ekki plagg sem á að afgreiða í bullandi pólitískum ágreiningi.

Þessi saga gefur kannski ekki tilefni til bjartsýni um að nú náist loksins einhver árangur í verkefninu. Samt grillir í grundvöll fyrir samkomulagi um að minnsta kosti nokkrar afmarkaðar breytingar á stjórnarskránni. Skúli Magnússon, héraðsdómari og einn nefndarmanna í hinni nýju stjórnarskrárnefnd, rekur þær í grein í Fréttablaðinu í gær.

Hann nefnir þannig að samkomulag sé um að hafa ákvæði um þjóðareign á auðlindum í stjórnarskránni. Almenn samstaða sé sömuleiðis um að mæla fyrir um þjóðaratkvæðagreiðslur að kröfu almennings. Þá séu flestir sammála um að bæta við ákvæði sem heimili framsal valds í þágu alþjóðasamvinnu. Styrking á eftirlitshlutverki Alþingis og endurskoðun dómsmálakaflans megi heita ágreiningslaus.

Það er rétt hjá Skúla að þetta þykir þeim sem vilja umbylta stjórnarskránni sjálfsagt ekki merkilegt. En það er líka rétt hjá honum að jafnvel þótt samstaða næðist aðeins um þessar takmörkuðu breytingar væri það veigamesta breytingin í sögu stjórnarskrárinnar. Það væri að minnsta kosti alveg klárlega betra en engin breyting og nýja nefndin ætti að stefna að því að ná samkomulagi, sem Alþingi getur afgreitt og lagt í dóm þjóðarinnar.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871

**Starfslok**

Í lok desember n.k.mun ég hætta rekstri lækningastofu minnar í **Læknastöðinni Glæsibæ.**

Skýrslur sjúklinga minna verða varðveittar í tölvukerfi Læknastöðvarinnar.

Sjúklingar mínir geta leitað til sérfræðinga þar varðandi meltingarsjúkdóma.

**Ég þakka samstarf við sjúklinga og tilvísandi lækna.**

**Birgir Guðjónsson**

Lyflækningar og meltingarsjúkdómar.

MACP, FACP, AGAF

## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Hundskammaður**

Jón Þór Ólafsson, þingmaður Pírata, fékk það óþvegið frá Hönnu Birnu Kristjánsdóttur innanríkisráðherra í óundirbúnum fyrirspurnartíma á Alþingi í gær. Jón Þór spurði Hönnu Birnu hvers vegna hún notaði ekki vald sitt til að stöðva uppboð á heimilum fólks, sem að sögn ráðherrans var í þriðja sinn sem hann lagði fyrir hana sömu spurninguna. Ráðherra virtist orðinn leiður á að svara sífellt sömu spurningunni. Hanna Birna bað Jón Þór að beita sér frekar fyrir lagasetningu um málið í stað þess að leggja ítrekað fram fyrirspurn sama efnis fyrir hana. Þingmaðurinn ítrekaði þá fyrirspurn sína til ráðherra sem svaraði: „Ástæðan fyrir að innanríkisráðherra gerir ekki það sem háttvirtur þingmaður vill að innanríkisráðherra geri er að innanríkisráðherra er ekki á sömu skoðun og þingmaðurinn.“



**Alvarleg staða**

Ritstjóri Vísbendingar, Benedikt Jóhannesson, segir í nýjasta tölublaðinu að alvarlega staða sé komin upp í þjóðfélaginu ef forsætisráðherra lýsir því yfir opinberlega að hann treysti ekki sérfræðingum Seðlabankans, þegar þeir vara við hugsanlegum afleiðingum hugsanlegra aðgerða. Bankinn hafi lögbundið hlutverk, auk þess sem bankastjórar hans hafa í gegnum tíðina verið meðal helstu ráðgjafa ríkisstjórna. Benedikt minnist betri tíma og segir: „Útilokað er að hugsa sér að orðaskipti undanfarinna daga hefðu átt sér stað meðan Jóhannes Nordal var seðlabankastjóri.“



fanney@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Rödd foreldra er sterkasta verkfærið

SAMFÉLAGSMÁL



Guðrún Helga Bjarnadóttir

leikskólakennari og fulltrúi Blátt áfram



Sigríður Björnsdóttir

framkvæmdastjóri Blátt áfram

Blátt áfram stendur fyrir auglýsingaherferð þessa dagana. Þar er lögð áhersla á ábyrgð foreldra þegar kemur að forvörnum. Það þarf að fara fram fræðsla á milli foreldra og barna til að auka líkurnar á því að barn segi frá ef það lendir í vandræðum. Í hvaða aðstæðum er barnið þitt daglega? Veit barnið þitt að þú ert upplýst og stendur með því? Veistu hvert barnið þitt leitar ef því líður illa og hverjum það treystir?

Rödd foreldra er sterkasta verkfærið. Þegar þú velur að fylgjast með og hafa skoðun á þeim aðstæðum, sem barni þínu er boðið upp á í starfi sem ætlað er börnum, ertu að gera rétt.

Það sem meðal annars knýr samtökin áfram er sú staðreynd að um 2.000 börn hafa fengið aðstoð í Barnahúsi á síðustu 12 árum. Meirihluti barna, sem verða fyrir kynferðisofbeldi, er 10 ára og yngri og þau gera sér ekki grein fyrir að það sem verið er að gera þeim sé bannað. Flest börn sem verða fyrir kynferðislegu ofbeldi segja aldrei frá, en þau sem gera það og fá hjálp í kjölfarið eiga alla möguleika á að eiga gott líf. Þeir sem beita börn kynferðislegu ofbeldi sækja í aðstæður sem veita þeim auðveldan aðgang að börnum. Samkvæmt rannsókn á afleiðingum og áhrifum ofbeldis á börn fylgja þau barninu fram á fullorðinsárin, til dæmis með aukinni hættu á áfengis- og vímuefnanotkun, brotinni sjálfsmynd, átröskun og fleiru (Sigrún Sigurðardóttir 2012).

**➜ Þegar þú velur að fylgjast með og hafa skoðun á þeim aðstæðum sem barni þínu er boðið upp á í starfi sem ætlað er börnum, ertu að gera rétt.**

Íslenskar rannsóknir um tíðni kynferðisofbeldis gegn börnum sýna að 17 prósent barna hafa verið beitt kynferðislegu ofbeldi fyrir 18 ára aldur og 27 prósent barna hafa orðið fyrir kynferðislegri áreitni fyrir 18 ára aldur (Hinn launhelgi glæpur 2011).

Ef þú upplifir óöryggi og veist ekki hvernig þú á átt að taka þessi skref hvetjum við þig til að kynna þér forvarnarfræðslu sem er í boði fyrir foreldra á vefsíðu félagsins, blattafram.is.

Verum upplýst – verndum börnin okkar.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is*
**DÆGURMÁL:** Lilja Katrín Gunnarsdóttir *liljakatrin@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kristján Hjálmarsson, *kristjan@visir.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Forseti Íslands og sæstrengur til Bretlands

ORKUMÁL



Örn Helgason
eðlisfræðingur, prófessor emeritus, HÍ

Forseti Íslands hélt ræðu á orkuráðstefnu Bresk-íslenska viðskiptaráðsins og Bloomberg-fréttaveitunnar í Lundúnum í síðastliðinni viku. Þar sagði hann m.a. „að Evrópubúar verði á næstu árum að gera upp við sig hvernig þeir ætli að nýta sér þá miklu hreinu orku sem finnist á norðurslóðum. Rafstrengur frá Íslandi til Bretlands sé mjög áhugaverður fjárfestingarkostur og hann segist verða var við mikinn áhuga fjárfesta.“

En hversu mikil er þessi orka? Á síðasta ári framleiddi Landsvirkjun alls um 12 Twst (terawattstundir, en orðið tera stendur fyrir milljón sinnum milljón). Drjúgur hluti orkunnar er þegar seldur í stóriðju eins og vel er þekkt. Samkvæmt ítarlegri vinnu í tengslum við rammaáætlun er talið að annað eins megi virkja þegar allt er talið. Hvernig hljómar þessi tala í tengslum við orkunotkun Evrópubúa? Á Bretlandi er árleg raforkunotkun um þessar mundir um 360 Twst. Þessi raforka er framleidd með kolum, olíu, gasi og einnig um 19% eða 70 Twst í kjarnorkuverum (14 alls). Nýjasta orkuverið af því tagi framleiðir árlega um 11 Twst! Ef horft er til fleiri Evrópulanda rýkur árleg notkun fljótt upp í 1000-2000 Twst. Borið saman við okkar 12 Twst (sem ekki eru enn í hendi) er erfitt að ætlast til að Evrópubúar rýni mikið til norðurs varðandi lausn sinna orkumála. Í raun má segja að „um þá miklu hreinu orku“ sem forsetinn vísar til, þá dugar hún nokkurn veginn til að fullnægja orkuþörfinni í Glasgow og nágrenni.

### Orkan hrekkur skammt

Erfitt er að sjá hvað forsetinn er að fara þegar þessar tölur er bornar saman. Sem þjóð með rúmlega 300 þúsund íbúa erum við öfundsverð hvað orku varðar, en hún hrekkur skammt þegar kemur að þjóð með tugi milljóna íbúa.

Annað atriði sem forsetinn lagði mikla áherslu á í ræðu sinni er að fjárfesting í sæstreng milli Íslands og Bretlands sé mjög áhugaverður kostur. Vísaði hann þar til eigin vitneskju „um marga fjárfesta sem hefðu áhuga á að fjárfesta í sæstreng til langframa“.

Á undanförnum árum hafa forsvarsmenn Landsvirkjunar fjallað um ýmsa kosti við hugsanlega tengingu á orkukerfi Landsvirkjunar við dreifikerfin í Bretlandi og Evrópu um sæstreng. Þar hefur verið bent á samningsbundinn orkuútflutning, sölu á tímabundinni umframorku, sem oft er til staðar í kerfinu og víðtækari sölumöguleika, ef álverin taka að draga úr orkukaupum. Þá væri í vissum tilfellum einnig unnt að fá orku að utan ef þess þyrfti með. Bent hefur verið á jákvæða reynslu og hagkvæmni af samtengingu orkukerfa landa Vestur-Evrópu varðandi tilflutning orku milli álagsvæða.

**➜ Sem þjóð með rúmlega 300 þúsund íbúa erum við öfundsverð hvað orku varðar, en hún hrekkur skammt þegar kemur að þjóð með tugi milljóna íbúa.**

Nánari athugun á þessum málum kom fram í skýrslu sem „ráðgjafarhópur um lagningu sæstrengs“ skilaði til atvinnumálaráðuneytisins í lok júní sl. Þar er tekið undir mörg almenn sjónarmið sem Landsvirkjun hefur bent á. Þar kemur einnig fram að strengur sem flutt gæti 6-9 teravattstundir til Bretlands gæti kostað 300-500 milljarða króna (ígildi tveggja til þriggja Kárahnjúkavirkjana). Til viðbótar þessu kæmi kostnaður við frekari orkuöflun til að auka hagkvæmni sæstrengsins. Þá er bent á, síðast en ekki síst, að enn sé svo margt óljóst varðandi lykilatriði sem hafa mikil áhrif á hagkvæmni verksins að rétt sé að flýta sér hægt og skoða mikilvæga þætti betur. Hér mætti einnig vísa í umfjöllun í grein sem Valdimar K. Jónsson og Skúli Jóhannsson skrifuðu í Fréttablaðið 31. október sl., en þar eru tíundaðir nánar ýmsir þættir tengdir þessu.

Hafandi kynnt sér ofangreind gögn með öllum þeim varnöglum sem þar eru slegnir, kemur mjög á óvart að hálfu ári síðar er blásið í lúðra á jafnafgerandi hátt og gert var í Lundúnum í síðustu viku. Er árið 2007 gengið í endurnýjung lífdaga?

# Vogur 30 ára

HEILBRIGÐISMÁL



Hjalti Björnsson
áfengis- og vímuefnaráðgjafi

Hinn 28. desember 2013 verða liðin 30 ár frá vígslu sjúkrahússins Vogs. Allir sem til þekkja vita að opnun Vogs á þeim tíma markaði tímamót í móttöku og meðferð áfengissjúkra á Íslandi. Sjúkrahúsið var hannað frá upphafi fyrir þá starfsemi sem þar átti að fara fram, afeitrun, greiningu og byrjandi meðferð við bestu mögulegar aðstæður. Þjóðin hafði sameinað krafta sína og lagt þessu góða verkefni lið, að byggja yfir starfsemi SÁÁ. Fram til ársins 1999 þjónaði húsið tilgangi sínum og þúsundir Íslendinga byrjuðu nýtt líf á Vogi.

Breytingar á neyslu sjúklinganna og aldurssamsetning hópsins ollu því að nauðsynlegt var að endurhanna hluta hússins og byggja við álmu fyrir þá sem yngstir voru. Samfélagslegar breytingar og kröfur um aðbúnað sjúklinga ásamt því að aðstaða starfsmanna var löngu úr sér gengin komu þar einnig til. Framkvæmdastjórn samtakanna var þetta vel ljóst og því var ráðist í endurbætur og viðbyggingu við sjúkrahúsið Vog og var því verki lokið árið 2000. Það ár var unglingadeild Vogs opnuð ásamt nýrri álmu sem hýsir skóla SÁÁ fyrir heilbrigðisstarfsmenn og hluti starfsmanna fékk aðstöðu þar. Fólk sem skildi þörfina á bættu húsnæði lagði þessu góða málefni lið og aftur voru samtökin komin með starfsaðstöðu sem var nútímaleg og hentaði því sem verið var að gera þá.

Frá þeim tíma sem liðinn er frá endurbótunum á Vogi árið 2000 hefur starfsemin tekið miklum breytingum. SÁÁ tekur þátt í alþjóðlegum rannsóknum sem útheimtir bæði starfsfólk og aðstöðu. Félagslegur vandi þeirra sem koma í meðferð vex og því hefur félagsráðgjafa verið bætt í starfsmannahópinn. Hluti sjúklinganna verður sífellt veikari og þarf þess vegna meira næði og meiri umönnun í afeitrun. Viðhaldsmeðferð er stunduð á Vogi og er hún eitt mesta framfaraspor sem orðið hefur í lækningum ópíumfíkla sem nánast voru vonlausar áður. Tugir einstaklinga eru í dag í bata og í framför.

**➜ Frá þeim tíma sem liðinn er frá endurbótunum á Vogi árið 2000 hefur starfsemin tekið miklum breytingum.**

Samlegðaráhrif alls þessa eru þau að enn og aftur þurfum við að bregðast við og laga húsin okkar að breyttum veruleika. Framkvæmdir eru hafnar á viðbyggingu sem mun stórbæta aðstöðu vaktarinnar á Vogi. Hjúkrunarfræðingar og sjúkraliðar munu fá aukið rými og stórbætta aðstöðu til að sinna mikilvægum störfum sínum ásamt því sem nýja álman mun hýsa veikustu sjúklingana sem þurfa meiri umönnun.

Það er því bjart yfir starfsemi SÁÁ þó skorið hafi verið niður til starfseminnar undanfarin ár. Það ber fyrst og fremst að þakka velvilja og hlýhug þjóðarinnar sem enn og aftur birtist í ríkulegum framlögum til þessa nýja verkefnis SÁÁ. Áfram Vogur og takk, Íslendingar, fyrir að sýna SÁÁ og Vogi í verki hvers þið metið starfsemina.



# FÖNDRAÐU INN JÓLIN!



**Málaðu þitt jólaskraut**
Vildarverð stk kr. 743
Verð áður stk kr. 929




**Límstifti Aulinn ég 2x21g blis**
Vildarverð kr. 699
Verð áður kr. 999



**Leirstytta fyrir jólakertið með litum og pensli**
Vildarverð kr. 799
Verð áður kr. 999







**Lím 35ml - Aulinn ég**
Vildarverð kr. 349
Verð áður kr. 499

**Jólaföndur málað á við**
Vildarverð kr. 1.119
Verð áður kr. 1.399



**Málaðu þitt jólaskraut**
Vildarverð kr. 1.199
Verð áður kr. 1.499






**Glimmerlím, UHU**
Vildarverð kr. 772
Verð áður kr. 969

**Gull og Silfur**
Vildarverð kr. 359
Verð áður kr. 449




**Jólaföndur úr filti**
Vildarverð kr. 639
Verð áður kr. 799




**Jólaföndur ísskápasseglar**
Vildarverð kr. 639
Verð áður kr. 799




**Jólaföndur lest**
Vildarverð kr. 639
Verð áður kr. 799




**Gull og Silfur**
3 breiddir
Vildarverð kr. 855
Verð áður kr. 1.069

## Litrík kortakarton og umslög í úrvali

Jólakort 10 stk í pk - 5 litir
Umslög 10 stk margar stærðir og margir litir




**Jólaföndur glimmer mynd**
Vildarverð kr. 639
Verð áður kr. 799



**Litaðu jólaramma**
Vildarverð kr. 479
Verð áður kr. 599

Austurs
Skólavö
Kringlu
Álfabak






**Alex Ferguson**
Málin gerð upp!
Verð kr. 4.499




**Doctor Sleep**
Stephen King er mættur með framhaldið af *The Shining*
Verð kr. 3.999




**Sycamore Row**
Grisham kominn í gamla farið – Framhald af *A Time to Kill*
Verð kr. 3.999




**Dead Water**
Ann Cleeves verður gestur á Iceland Noir um helgina
Verð kr. 3.999




**Twelfth Department**
Willam Ryan verður gestur á Iceland Noir um helgina
Verð kr. 2.999




**Cockroaches**
Harry Hole vælir ekki, heldur leysir málið - ekki komin út á íslensku
Verð kr. 2.999

## Alice Munro
Mikið úrval af bókum eftir nýjasta Nóbelsskáldið




stræti 18
örðustíg 11
nni
ka 14b, Mjódd

Smáralind
Strandgötu 31, Hafnarfirði
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Vestmannaeyjum - Faxastíg 36
Penninn - Hallarmúla 4

PENNINN | Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl. Gildistími tilboða er frá 21. nóvember til og með 24.nóvember eða á meðan birgðir endast.

# Hversu eftirsóknarvert er að vera háskólakennari á Íslandi?

MENNTUN



**Geir Sigurðsson**
varadeildarforseti Deildar erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda, Hugvísindasviði Háskóla Íslands

Aðstæður í heilbrigðismálum á Íslandi eru alvarlegar og snúast bókstaflega um líf og dauða. En fyllsta ástæða er til að huga einnig að aðstæðum menntamála sem virðast ekki síður alvarlegar sé litið til framtíðar. Í þessari grein skal sjónum einkum beint að aðstæðum akademísks starfsfólks á Hugvísindasviði Háskóla Íslands.

Í kjölfar efnahagshruns þurftu ríkisháskólarnir eins og aðrar opinberar stofnanir að taka á sig stórfelldan niðurskurð sem var mætt með ólíkum hætti innan hvers háskóla fyrir sig. Á Hugvísindasviði HÍ var kennsluskylda aukin, ráðningarbann innleitt og hætt að greiða fyrir yfirvinnu. Þessar aðgerðir voru kynntar árið 2009 sem „tímabundnar“ til að mæta niðurskurði og því var almennt mætt með miklum skilningi. Nú, rúmum fjórum árum síðar, er ekki að sjá að þessu verði breytt til fyrra horfs á næstunni.

Samtímis hafa störf háskóla breyst mikið og samfélagslegt hlutverk þeirra aukist verulega. Fjöldi háskólanema við HÍ hefur þrefaldast síðan 1990. Nemendahópurinn er breiðari en áður, sem kallar á fjölbreyttari kennsluhætti og námsmat. Hefðbundið fyrirlestrafyrirkomulag með einu prófi í lokin er á undanhaldi. Samskipti kennara við nemendur einskorðast ekki lengur við afmarkaða viðtalstíma heldur fara nú fram á öllum tímum með tilkomu tölvupóstsins. Metnaðargjarnir kennarar gera allt hvað þeir geta til að mæta þessum kröfum.

### Aukin kennsluskylda

En þessar auknu kröfur hafa ekki endurspeglast í kjörum þeirra og aðstæðum. Kennsluskylda hefur þvert á móti aukist; í núverandi stefnu Háskóla Íslands er svo gerð krafa um fjölbreyttari kennsluhætti, aukið vægi símats og samtímis ber að efla rannsóknarvirkni. Fyrir vikið þyngist álagið á akademískt starfsfólk á sama tíma og launakjör hafa staðið í stað og eru nú einungis um helmingur þess sem gildir í nágrannalöndum okkur.

Hér standa Hug- og Félagsvísindasvið HÍ sérlega illa að vígi vegna lægra framlags menntamálaráðuneytisins til hvers nemanda en á öðrum sviðum. Afleiðingarnar eru enn þyngra álag á kennara þessara sviða sem þurfa að vinna meira en aðrir fyrir sömu launum og er því beinlínis mismunað innan sömu stofnunar. Kynbundin launamismunun þykir réttilega forkastanleg en hér er á ferðinni ekki síður gjörræðisleg mismunun sem helgast einfaldlega af því að sumir sinna kennslu- og fræðastörfum í t.d. sagnfræði eða frönskum fræðum en aðrir t.d. í mennta- eða lífvísindum.

Nýverið hefur Einar Steingrímsson, prófessor við Strathclyde-háskóla í Skotlandi, gagnrýnt akademískt starfsfólk í hug-, félags- og menntavísindum við HÍ fyrir laka rannsóknarvirkni. Vera má að Einar hafi rétt fyrir sér þótt ég sé raunar efins um réttmæti ýmissa þeirra forsenda sem hann byggir á. En hér er byrjað á öfugum enda. Þótt starfsskyldum akademískra starfsmanna við HÍ sé skipt upp í tiltekin hlutföll kennslu, rannsókna og stjórnunar endurspeglar uppskiptingin ekki lengur raunveruleg störf þeirra, a.m.k. ekki við Hugvísindasvið, og væri einungis í takt við raunveruleikann ef vinnuvikan væri 70-80 en ekki 40 tímar.

**➜ En hér er byrjað á öfugum enda.**

### Rannsóknavinna í „frítíma“

Í minni deild er kennsluálag almennt svo mikið að undirbúningur, framkvæmd og eftirfylgni kennslu fyllir upp í rúma vinnuviku. Rannsóknarvinna þarf þá að mæta afgangi og er unnin í „frítíma“. Þótt HÍ titli sig sem rannsóknaháskóla sýnist mér að kennslubyrði margra slagi upp í það sem er krafist í bandarískum kennsluháskólum. Ég kalla því eftir ítarlegri samanburðarúttekt á kjörum og aðstæðum háskólakennara, jafnt innan lands sem utan. Það væri verðugt rannsóknarverkefni.

Bent hefur verið á að fáir fást til starfa við íslensk sjúkrahús vegna lélegra kjara í alþjóðlegum samanburði. Hið sama gildir um ríkisháskóla. Launakjörin freista ekki (oftast eignalausra) einstaklinga á fertugsaldri með 10-12 ára háskólanám að baki og há námslán á bakinu. Þótt eftirspurn eftir háskólakennurum kunni að vera minni en eftir starfsfólki í heilbrigðisþjónustu erum við samt að sjá á eftir framúrskarandi fræðafólki sem stuðlaði annars að vísindalegri grósku og hefði ómetanleg áhrif á stóran hóp nemenda sem síðar láta til sín taka í samfélaginu. Skiljanlega sér þetta fræðafólk sér fremur hag í því að starfa við háskóla og rannsóknarstofnanir í nágrannalöndum okkar, t.d. Skotlandi, þar sem launakjör eru tvö- og jafnvel þreföld á við það sem er í boði á Íslandi og svigrúm til rannsóknastarfa er boðlegt. Í þessu samhengi erum við að dragast verulega aftur úr og það gæti reynst okkur dýrkeypt þegar til lengri tíma er litið. Sá tími kann jafnvel að vera nær en okkur fýsir að trúa.

# Tímamót í sögu fólks með þroskahömlun

SAMFÉLAG



**Gerður Aagot Árnadóttir**
formaður Þroskahjálpar



**Friðrik Sigurðsson**
framkvæmdastjóri Þroskahjálpar

Þann 1. nóvember næstkomandi verða mikilvæg tímamót í sögu fólks með þroskahömlun á Íslandi. Þá „útskrifast síðustu tíu vistmennirnir“ af Landspítalanum í Kópavogi, fyrrverandi Kópavogshæli. Sögu Kópavogshælis sem „aðalfávitahælis ríkisins“ má rekja aftur til ársins 1952. Á Kópavogshæli bjuggu þegar flest var um 200 þroskaheftir einstaklingar á öllum aldri og á sjöunda áratug síðustu aldar voru uppi ráðagerðir um að á stofnuninni byggju í framtíðinni allt að 360 manns.

Kópavogshæli var frá upphafi hluti af heilbrigðiskerfi og spítalaþjónustu landsins og þeir sem þar bjuggu höfðu stöðu sjúklinga. Meðal annars öðluðust þeir nær engin þau réttindi sem annað fólk með þroskahömlun öðlaðist með Lögum um aðstoð við þroskahefta árið 1979 og síðar Lögum um málefni fatlaðra árið 1992. Allt fram á þennan dag hafa íbúar Landspítalans í Kópavogi ekki notið örorkubóta heldur hafa fengið greidda svokallaða „vasapeninga“, á árum áður nutu þeir meira að segja aðeins hálfra vasapeninga þar sem yfirvöld töldu að þeir hefðu ekki tækifæri til að nýta meira fé.

Með útskrift síðustu vistmanna af Landspítalanum í Kópavogi má segja að margt hafi áunnist. Endanlega er lokið þeim kafla sögunnar að þroskahamlað fólk búi á sjúkrahúsum. Þeir einstaklingar með þroskahömlun sem bjuggu á Landspítalanum í Kópavogi fá í framtíðinni greiddar örorkubætur og taka þátt í eigin framfærslu með eigin peningum.

Þeir öðlast líka ótvírætt allan þann rétt sem fatlað fólk hefur til margvíslegrar þjónustu skv. lögum um fatlað fólk og réttindagæslu skv. þar til greindum lögum. Síðast en ekki síst verða þeir borgarar í því samfélagi þar sem þeir búa, m.a. með lögheimilisskráningu á heimili sínu.

**➜ Endanlega er lokið þeim kafla sögunnar að þroskahamlað fólk búi á sjúkrahúsum.**

### Fylgjast með framkvæmd

Með samningi þeim sem Landspítalinn og Ás styrktarfélag undirrituðu 25. september sl. fylgir bókun með áherslum velferðarráðuneytisins. Þar segir m.a.: „Velferðarráðuneytið leggur áherslu á að búseta íbúa í núverandi húsnæði á vistunardeildum 18 og 20 verði tímabundin og að strax við undirskrift samkomulags þessa verði hafin vinna við það að íbúar flytjist í framtíðarhúsnæði sem fullnægi þeim skilyrðum sem fram koma í reglugerð um þjónustu við fatlað fólk á heimilum sínum. Ráðuneytið mun hafa frumkvæði að því að slík vinna eigi sér stað.“ Þessi bókun er afar mikilvæg og sérstakt fagnaðarefni.

Landssamtökin Þroskahjálp óska aðilum þessa samnings til hamingju og þá ekki síst þeim tíu einstaklingum sem samningurinn nær til. Samtökin lýsa einnig yfir vilja sínum til að fylgjast með framkvæmd samningsins og bókunum honum tengdum.




Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Aukin þjónusta Bíldshöfða 6: Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16

ford.is

Ford Focus 5 dyra/station, EcoBoost bensín 125 hö. 6 gíra beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 5,0/5,1 l/100 km. Losun koltvísýrings $CO_2$ 114/117 g/km. Fær frítt í stæði í Reykjavík í 90 mín. í senn. Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður og gerð getur verið frábrugðin mynd í auglýsingu.

markhonnun.is

# GAMANSÖGUR FRÁ FRÆKNU ÍÞRÓTTAFÓLKI




**Meðal sögumanna eru:**

Birgir Leifur golfari, Alfreð Finnbogason knattspyrnumaður, Ásdís Hjálmsdóttir frjálsíþróttakona
Sigurður Ragnar Eyjólfsson knattspyrnuþjálfari, Helena Sverrisdóttir körfuknattleikskona
Atli Eðvaldsson fyrrv knattspyrnumaður, Ragnheiður Ragnarsdóttir sundkona
Hallbera Guðný Gísladóttir knattspyrnukona, Sigurður Sveinsson fyrrv handknattleiksmaður
Hermann Hreiðarsson knattspyrnumaður, Þormóður Árni Jónsson júdókappi

**2.993 KR**

nettó bækur
Kræsingar & kostakjör

www.netto.is
Mjódd · Salavegur · Hverafold Grandi
Höfn · Grindavík · Reykjanesbær
Borgarnes · Egilsstaðir
Selfoss · Akureyri

# Danska leiðin hvað?

KJARAMÁL



Ólafur Loftsson
formaður Félags grunnskólakennara

Það er ánægjulegt að sjá að sveitarstjórnarmenn eins og aðrir sjá nauðsyn þess að lagfæra laun grunnskólakennara þannig að þau verði sambærileg við laun annarra háskólamenntaðra sérfræðinga. Það er ekki nokkur vafi á því að slík lagfæring er löngu tímabær og yrði mjög jákvæð innspýting í allt skólaumhverfið.

En hvernig á að fjármagna leiðréttingu launa? Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga og frambjóðandi í prófkjöri sjálfstæðismanna í Reykjavík, neitar að horfast í augu við þá einföldu staðreynd að leiðrétting launa muni hafa aukinn kostnað í för með sér. Þess í stað reynir hann nú að sannfæra landsmenn um að nægt fjármagn sé fyrir í skólakerfinu og til að hækka laun þurfi aðeins að gera á því „lítilsháttar“ skipulagsbreytingar.

Ég heyri því æ oftar fleygt meðal sveitarstjórnarmanna að við verðum að fara dönsku leiðina. Hvað þýðir það? Hvað gerðist í Danmörku? Í kjölfar samningaviðræðna danskra kennara og sveitarfélaga voru kennarar settir í verkbann og þeir beittir áður óþekktu óréttlæti þegar þeir voru sviptir samningsrétti. Sett voru á lög kennara. Sú lagasetning hefur verið kærð til Alþjóðavinnumálastofnunarinnar enda frændum okkar Dönum til háborinnar skammar. Meginefni laganna er að sveitarstjórnarstiginu eru færð full yfirráð yfir allri vinnu kennara og eru í dag engar skilgreiningar til með hvaða hætti vinnuframlag þeirra skuli vera.

Á fundi okkar með danska kennarasambandinu í október síðastliðnum kom fram að þeir hefðu ekki hugmynd um með hvaða hætti skólastarf yrði frá ágúst 2014 þegar lögin taka gildi. Ekki hugmynd. Er þetta það sem við viljum?

**➜ Sveitarstjórnarmenn, hvernig væri nú að forgangsraða í þágu menntunar og treysta vel menntuðu fagfólki fyrir störfum sínum?**

### Ábyrgðin yfir á kennara

Ef ég þekki sveitarstjórnarmenn rétt munu þeir nú margir í aðdraganda kosninga mæra skólakerfið og taka undir eðlilegar óskir kennara um að laun þeirra verði leiðrétt. Þegar allt er yfirstaðið mun engin leiðrétting eiga sér stað frekar en fyrri daginn. Og í staðinn fyrir að sveitarstjórnarmenn taki á því af ábyrgð munu þeir velta ábyrgðinni yfir á kennara. Segja að vegna þess að þeir neituðu að fara blindandi einhverja danska leið og samþykkja að fjármagna launahækkanir að mestu með því að vinna meira beri þeir sjálfir ábyrgð á sínum bágu kjörum.

Sveitarstjórnarmenn, hvernig væri nú að forgangsraða í þágu menntunar og treysta vel menntuðu fagfólki fyrir störfum sínum?

Það að fækka kennurum eða láta þá vinna meira er ekki að lagfæra laun. Í könnun sem Félag grunnskólakennara og Samband íslenskra sveitarfélaga gerðu ekki fyrir löngu kom fram að kennarar vinna of mikið og verkefni grunnskólanna eru of mörg. Ef eitthvað er þurfa kennarar meiri tíma til að sinna einstökum nemendum til að koma til móts við þarfir þeirra. Það er rétt hjá borgarfulltrúanum Þorbjörgu Helgu Vigfúsdóttur, að það mun ekki bara valda úlfúð meðal kennara að láta þá fjármagna eigin launahækkanir með færri kennurum, heldur væri það algert glapræði faglega, miðað við þau verkefni sem grunnskólinn á að sinna.

# Ef heilbrigðiskerfið hrynur og enginn er nálægt, heyrist þá hljóð?

HEILBRIGÐISMÁL



Arngrímur Vilhjálmsson
formaður Félags íslenskra læknanema í Ungverjalandi



Fjóla Dögg Sigurðardóttir
formaður Félags læknanema



Helga Lillian Guðmundsdóttir
formaður Félags íslenskra læknanema í Danmörku



Jóhanna Rún Rúnarsdóttir
læknanemi í Póllandi

Þann 16. október síðastliðinn minntum við læknanemar á okkur með bréfasendingum til alþingismanna og -kvenna. Við vildum með þeim koma á framfæri að okkur þykir vegið að heilbrigðiskerfinu á Íslandi og að við sjáum hvorki fram á að geta, né vilja, starfa í óbreyttu heilbrigðiskerfi.

Rétt rúmum tveimur vikum seinna sendi Vigdís Hauksdóttir alþingiskona fyrirspurn til mennta- og menningarmálaráðherra þar sem hún spurði sérstaklega um læknanema. Hún vildi fá að vita hvort ráðherra teldi að skilyrða ætti lán einstaklinga sem stunda nám erlendis þannig að komi þeir ekki heim að námi loknu til starfa á Íslandi hækki vextir á lánum þeirra í samræmi við almenna markaðsvexti.

Við skiljum að skortur er á fjármunum til að auka fjárveitingar til heilbrigðiskerfisins og að þeir fjármunir þurfi að koma einhvers staðar frá. Við undirrituð erum þó öll sammála um að þetta sé sennilega ekki besta leiðin til að afla þeirra fjármuna svo ekki sé talað um brot á jafnréttisreglu LÍN og mismunun íslenskra ríkisborgara. Líklega var hugmyndin á bak við fyrirspurnina að reyna að fá íslenska lækna til að vinna frekar fyrir íslenskt heilbrigðiskerfi en erlent og langar okkur að benda á nokkur atriði í því samhengi sem stuðla frekar að því.

### Jákvæð hvatning

Styrkir eða niðurfelling hluta námslána eftir útskrift yrðu jákvæð hvatning fyrir læknanema til að koma til vinnu á Íslandi. Refsingar virka ekki í þessu tilfelli og eru líklegri til að hafa þveröfug áhrif.

Grunnlaun lækna eru lág miðað við aðrar háskólastéttir eftir álíka langt nám. Það er ekki hægt að bera saman laun læknis með 60-70 tíma vinnuviku og annarrar stéttar með 40 tíma vinnuviku. Það segir sig sjálft að slíkir vinnutímar geta komið niður á störfum lækna og heilsu. Launin eru því m.a. ein af ástæðum þess að íslenskir læknar sjá ekki fyrir sér að starfa á Íslandi.

Tækjabúnað þarf að uppfæra. Nýlegar bilanir í myndgreiningartækjum Landspítalans þeyta þjónustunni aftur um tugi ára og samræmast ekki nútíma bráðaheilbrigðisþjónustu. Þessar bilanir og sú staðreynd að erfitt er að fá nauðsynlega varahluti í umrædd tæki ítrekar nauðsyn nýrri tækjabúnaðar. Heilbrigðiskerfið á Íslandi hefur verið fjársvelt til margra ára og afleiðingarnar eru í takt við það. Gamall og lúinn tækjabúnaður, sem erfitt er að lagfæra, og óánægt starfsfólk gerir það að verkum að heilbrigðiskerfið stendur á brauðfótum.

**➜ Styrkir eða niðurfelling hluta námslána eftir útskrift yrðu jákvæð hvatning fyrir læknanema til að koma til vinnu á Íslandi. Refsingar virka ekki í þessu tilfelli og eru líklegri til að hafa þveröfug áhrif.**

Gott heilbrigðiskerfi er nauðsynlegt þjóðfélaginu og skilar af sér heilbrigðari þjóðfélagsþegnum. Það kostar þó peninga að viðhalda heilsu skattgreiðenda og gott heilbrigðiskerfi er ekki hægt að fá á afslætti. Gott heilbrigðiskerfi laðar sjálfkrafa að sér góða lækna sem á móti efla heilbrigðiskerfið enn frekar og þannig koll af kolli. Við viljum að framtíðarsýn íslensks heilbrigðiskerfis sé björt og við trúum því að ríkisstjórnin óski þess líka. Við vonum því að ríkisstjórnin sýni vilja í verki með auknum fjárveitingum til heilbrigðiskerfisins og komi til móts við kröfur lækna í komandi kjarasamningum.

*Með kærri kveðju og von í hjarta.*







# Þremur kennt og öðrum bent

STJÓRNARSKRÁ



Vigfús Geirdal
sagnfræðingur

Í 47. grein stjórnarskrárinnar segir að nýkjörnir þingmenn verði að vinna drengskaparheit að stjórnarskránni eftir að kosning þeirra hefur verið tekin gild. Því mætti ætla að alþingismenn hefðu góða þekkingu á þeim grundvallarlögum sem þeir eru eiðsvarnir að virða og fara eftir.

Nýlegar staðhæfingar þriggja fyrrverandi flokksleiðtoga og ráðherra, þeirra Steingríms J. Sigfússonar, Þorsteins Pálssonar og Össurar Skarphéðinssonar, fá mann því miður til að efast um að svo sé.

### Saka forsetann um þríþætt stjórnarskrárbrot

Allir þrír saka þeir forseta Íslands um að fara gróflega út fyrir verksvið sitt. Séu viðhorf þeirra dregin saman hefur forsetinn gerst sekur um þríþætt brot gegn stjórnarskránni:

1. Hann hefur talað eins og sá sem (framkvæmda)valdið hefur og jafnvel leyft sér að setja ofan í við þá sem hafa völdin, þ.e. ráðherra.
2. Hann afnam þingræðið er hann neitaði að staðfesta Icesave-frumvarpið í síðara tilvikinu.
3. Hann gerði sig sekan um „alvarlegan formgalla“ þegar hann tilkynnti synjun sína á lagafrumvörpum opinberlega í stað þess að gera það á lokuðum ríkisráðsfundum.

Þetta eru alvarlegar ásakanir. Svo alvarlegar, að þingmennirnir Steingrímur og Össur hefðu samvisku sinnar vegna átt að beita sér fyrir því að Alþingi krefðist þess, skv. 11. gr. stjórnarskrárinnar, að forsetinn yrði leystur frá störfum í almennri þjóðaratkvæðagreiðslu.

En hver er fóturinn fyrir þessum ásökunum?

### Hvað er stjórnarskrá?

Stjórnarskrá lýðræðisríkis er ekki eitthvað sem menn fjalla um af léttúð. Nútímastjórnarskrár eru afkvæmi lýðræðisbyltinga 18. og 19. aldar, þegar valdi sem taldi sig ríkja „af guðs náð“ (konungi og kirkju) var kollvarpað og fólkið tók æðsta valdið í sínar hendur. Eðli málsins samkvæmt er stjórnarskrá því leikreglur sem samborgararnir setja þeim sem þeir veita umboð sitt til að fara með hið þrískipta ríkisvald hverju sinni.

Stjórnarskrá Íslands var samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslu árið 1944. Það þýðir að þjóðin er löggjafinn. Það þýðir að stjórnarskráin verður aðeins skilin og túlkuð samkvæmt því sem í henni stendur. Engir hafa meiri rétt en aðrir til að lesa milli ímyndaðra lína, toga hana og teygja í þær áttir sem óskhyggjan vill.

### Forseti Íslands hefur umfangsmeiri völd en víða tíðkast

Stjórnarskráin kveður svo á strax í 2. grein að forsetinn fari bæði með löggjafarvald og framkvæmdavald, ásamt annars vegar Alþingi og hins vegar ríkisstjórn. Þegar ákvæði 29. greinar eru svo höfð í huga, þ.e. vald til að fella niður saksókn, náða menn og veita almenna sakaruppgjöf, þá verður ekki annað sagt en forsetinn fari með dómsvald líka.

Þessi völd forsetans eru undirstrikuð með þeirri staðreynd að handhafar forsetavaldsins eru æðstu fulltrúar löggjafar-, framkvæmdar- og dómsvalds. Það undirstrikar líka völd forseta að hann er þjóðkjörinn.

Það lýsir aðeins takmörkuðum lesskilningi þegar fullyrt er að forsetinn sé valdalaus skv. 11. grein stjórnarskrárinnar, þ.e. „ábyrgðarlaus á stjórnarathöfnum“. Þetta ákvæði segir það eitt að hann verður ekki gerður ábyrgur fyrir gjörðum ráðherra (heldur ráðherrann sjálfur). Það gerir hann heldur ekki valdalausan að hann „lætur ráðherra framkvæma vald sitt“. Síst af öllu er ráðherrum hér veitt vald yfir orðum forseta og gjörðum.

### „Afnám þingræðis“ og „alvarlegur formgalli“?

„Þingræði“ er hvergi nefnt í stjórnarskránni. Það myndi þýða að þingið réði eitt og þjóðhöfðinginn væri valdalaus. En stjórnarskráin kveður á um þingbundna stjórn og jafnframt valdamikinn forseta. Forseti skipar ráðherra, leysir þá frá störfum og ákveður fjölda þeirra, og hann einn hefur vald til að rjúfa þing (að tillögu forsætisráðherra). Vantraust þings á ríkisstjórn nægir því ekki eitt og sér til að fella hana.

Forseti hefur enn fremur stjórnarskrárbundið vald til að synja frumvörpum þingsins staðfestingar og vísa til þjóðarinnar. Undir þeim kringumstæðum verður forsetinn ekki sakaður um að afnema eitthvað sem ekki er í stjórnarskránni. Hann er hins vegar að láta reyna á lýðræðið.

Þess er hvergi getið í stjórnarskrá að forseta beri að tilkynna synjun sína á ríkisráðsfundi. 16. grein stjórnarskrárinnar segir það eitt um ríkisráð að forsetinn sé þar í forsæti(!) og að ríkisstjórnin eigi að bera fyrir hann lög og mikilvægar stjórnarráðstafanir (ekki beinlínis vitnisburður um völd ráðherra yfir forseta).

Það getur ekki talist „alvarlegur formgalli“ að hann tilkynni synjun sína á opinberum vettvangi og tali til þeirra sem málið varðar, þ.e. þings og þjóðar. Alþingi væri vissulega viðeigandi svið fyrir slíkan fund.

Forsetinn hefur sem sagt ekki gerst sekur um nein þau stjórnarskrárbrot eða formgalla sem stjórnmálamennirnir þrír saka hann um.

### Rangtúlkun leysir engan vanda

Stjórnarskrá Íslands er rammalög og sem slík afar skýr. Menn kunna hins vegar að sjá á henni alvarlegar brotalamir. Þeir vankantar verða ekki sniðnir af með rangtúlkun.

Slíkt verður aðeins gert með því að þjóðin setji sér nýja og nútímalega stjórnarskrá, lausa við forna drauga konungs- og kirkjuvalds.

# Orkulindir – enn einu sinni

ORKUMÁL



**Ari Trausti Guðmundsson**
jarðvísindamaður og rithöfundur

**➜ Sennilega eru fá óvirkjuð vatnsföll eftir og um sum jarðhitasvæði eru og verða deilur ef virkja á þau.**

Óljóst tal, ofmat, rangar upplýsingar og/eða eitthvað annað veldur því að fjölmargir útlendingar halda að Ísland sé nærri ónumið orkubú handa meginlandi Evrópu. Ég ræddi við breska þingmenn fyrir nokkrum vikum sem héldu það, 38 breska landfræðinga skömmu síðar, þýskan fjárfesti og meira að segja íslenskan þingmann. Allir héldu að mikil orka biði umheimsins á Íslandi.

Þetta er því ótrúlegri staðreynd þegar þess er gætt að miðað við tæknilega virkjanlegt afl til raforkuframleiðslu (hér og nú) er búið að virkja um 2.600-2.700 MW af 4.500-4.800 MW – og á þá eftir að leysa úr innlendum mótsögnum um vegna ólíkrar afstöðu manna til umhverfisverndar ef verulega lengra er haldið frá núverandi stöðu. Sennilega eru fá óvirkjuð vatnsföll eftir og um sum jarðhitasvæði eru og verða deilur ef virkja á þau. Vissulega er gríðarlegan varma að finna undir Íslandi og mörgum öðrum löndum á 5-15 km dýpi (allt frá Íslandi til Kína og Ítalíu til Chile) en það er óleyst hvernig næst í eitthvað af orkunni.

### Misskilja raunveruleikann

Allar þessar grunnupplýsingar eru til reiðu á mörgum stöðum og sérkennilegt að menn skuli tala opinberlega þannig að útlendingar misskilja raunveruleikann þegar kemur að orkugetu Íslands. Í þessum línum er hvergi vikið að sæstreng til Evrópu, ég bendi á það, og ekki heldur gert ráð fyrir að einhver álveranna hætti starfsemi. Upplýsingamiðlun um raunverulega óvirkjaða orku, sjálfur ramminn miðað við núverandi tæknistig, á auðvitað alls staðar erindi, óháð tilefninu, ef á annað borð er verið að ræða um orkubúið Ísland. Líka um umhverfisvæna orku almennt eða Ísland sem fyrirmynd annarra í nýtingu vistvænnar orku.

Óljósir orkuvalkostir, t.d. stór vindorkubú eða sjávarfallavirkjanir, eru ekkert sennilegri hér til orkuútflutnings en í heimalöndum neytenda; Bretar fara varla að kaupa vindorkurafmagn frá Íslandi. Vistvæn orka snýst enn um sinn um jarðvarma og vatnsföll hér á landi.

Forseti Íslands sagði nýverið í Bretlandi að umræðan snerist ekki eingöngu um hvað Íslendingar ætluðust fyrir í orkumálum heldur einnig hvernig Evrópubúar „hygðust hagnýta sér þá gríðarmiklu hreinu orku sem fyndist í norðrinu“ (lausleg þýðing mín). Varla getur hann átt við vatnsorku eða háhitavirkjanir á Íslandi. Varla gas- eða olíulindir norðan heimskautsbaugs sem, auk óvistvæns eðlis, má ekki vinna að neinu marki ef hindra á frekari aukningu loftmengunar. Hún er komin yfir öll ásættanleg mörk. Varla er átt við hugsanlegar vatnsvirkjanir í jakasetnum austur-grænlenskum fjörðum ef illa fer með rýrnun Grænlandsjökuls. Úranið á Grænlandi? Spyr sá sem ekki veit.

Ég hvet alla sem ræða um orkumál á Íslandi að kynna sér orkutölur, opinberar orkuspár til 2050 og íslenskan raunveruleika ársins 2013. Þessi orð eru ekki sett fram sem óhófleg gagnrýni heldur áskorun.

# Rafrænt einelti

SAMFÉLAG



**Halldóra Mogensen**
varaþingmaður Pírata

**➜ Með nýrri tækni hefur birtingarmynd eineltis þróast í miskunnarlaust skrímsli sem ekki er að finna neina einfalda lausn á.**

Í gegnum tíðina hefur einelti talist hluti af mannlegum raunveruleika, ein af þeim þrautum sem við göngum í gegnum á lífsleiðinni án þess að teljast sérstakt samfélagsmein sem þyrfti að taka á. Á síðustu áratugum hefur þessi skoðun breyst og nú telst einelti í skólum vera mjög alvarlegt vandamál sem krefst lausnar. Með nýrri tækni hefur birtingarmynd eineltis þróast í miskunnarlaust skrímsli sem ekki er að finna neina einfalda lausn á.

Internetið hefur skapað fjölmarga kosti fyrir fólk og hefur í raun gjörbylt samfélagi okkar en það hefur einnig sínar slæmu hliðar: rafrænt einelti og ofbeldi. Samfélagsmiðlar, farsímar og vefsíður eru oft notuð, sérstaklega af ungu fólki, til að leggja jafnaldra í einelti. Ólíkt hefðbundnu einelti er ekki hægt að flýja rafrænt einelti með því að hlaupa heim, eða ganga í burtu frá árásaraðilanum. Gerendur eineltis eiga möguleika á að sækja á fórnarlömbin án þess að þurfa að horfast í augu við þau og sjá tilfinningaleg viðbrögð þeirra. Þegar viðbrögð eru persónulega sýnileg gefa þau gerandanum tækifæri til að átta sig á því að hann hefur gengið of langt og að athugasemdir hans hafa sært.

Ímyndið ykkur hversu auðvelt það er fyrir annars góðviljaða krakka að ganga hreinlega of langt í „hrekknum“ vegna þess að þeir hafa enga leið til þess að meta skaðann fyrr en um seinan. Þetta er gífurlega skaðlegt fyrirbæri, ekki bara fyrir þolendur heldur einnig fyrir gerendur eineltisins sem vakna upp við vondan draum þegar þeir hafa valdið einhverjum verulegum skaða.

### Brýn nauðsyn

Það er augljóslega brýn nauðsýn að fræða komandi kynslóðir um rétta notkun á internetinu, notkun sem stuðlar að virðingu, skilningi og ábyrgð, en þar sem eplið fellur sjaldan langt frá eikinni velti ég því fyrir mér hvort við, sem hönnuðir og þátttakendur í samfélaginu, berum ekki hluta af þessari ábyrgð.

Eins og á öðrum stöðum í samfélaginu er lögð rík áhersla á samkeppni í skólakerfinu okkar. Er „survival of the fittest“-stefnan að leiða okkur í átt að þeirri virðingu, skilningi og ábyrgð sem við erum að sækjast eftir?

Samkeppni í skólastofunum myndar stéttaskiptingu milli gáfaðra og „tossa“, vinsælla og óvinsælla, „kennarasleikja“ og ólátabelgja, skapar ferli sem gerir krökkum erfitt fyrir að skilja hvert annað. Afbrýðisemi á leikvellinum og inni í skólastofunum er oftar en ekki drifkraftur eineltis – ýmist ástæða til að niðurlægja aðra eða upphefja sig. Alltaf er þetta kapphlaup um viðurkenningu annarra sem tekur á sig birtingarmynd „Like“ á Facebook eða ögrandi „snapchat“-mynda. Ef markmiðið er að skapa hvata innan skólakerfisins til að efla samvinnu og samkennd þá virðist það vera frekar borðleggjandi að samkeppnin vinni ekki með okkur heldur virki frekar til að draga fram verstu einkenni í eðli barnanna okkar.

Samfélag okkar er byggt á þeirri hugmyndafræði að samkeppni sé nauðsynleg. Einelti virðist vera birtingarmynd þessarar hugmyndafræði. Ef við viljum kenna börnunum okkar að hafa skilning á náunganum og kærleik til hans, þá er kominn tími til að endurhugsa þjóðfélagsgildi okkar og endurmennta kennara í anda þessara breytinga. Verkefnið er stórt en verðugt, jafnvel eitt brýnasta verkefni sem við stöndum frammi fyrir. Við þurfum að auka samvinnu og rækta hjartað til að skapa betri heim. Internetið er spegill samfélagsins og skólarnir þurfa að taka virkan þátt í því að vera mótandi afl í samfélaginu með því að kenna gildi og framkomu sem við viljum búa við – innan netsins sem utan.

**Rauðir dagar** 18.-22. nóvember

Georg á Kirkjusandi
kl. 16-17 í dag




**Gjöf frá Georg og félögum**
Í dag höldum við fjölskyldudag í öllum útibúum Íslandsbanka og bjóðum upp á skemmtilegar uppákomur og kaffiveitingar. Krakkar sem koma með baukinn sinn fá flottan glaðning.

**Á Kirkjusandi skemmtir Georg börnunum kl. 16-17.**
**Við hlökkum til að sjá þig!**




*Gildir á meðan birgðir endast

**Má bjóða þér nýja mynd í kortin þín?**
Komdu í dag á Kirkjusand eða í útibúið þitt á landsbyggðinni milli kl. 15-17 og láttu taka nýja mynd í kortin þér að kostnaðarlausu.



Við bjóðum góða þjónustu

Íslandsbanki



✝

Ástkær eiginmaður minn,
faðir okkar og sonur,

**GAUTI GUNNARSSON**
**bóndi,**
**Læk, Flóahreppi,**

lést á Sjúkrahúsi Suðurlands á Selfossi föstudaginn 15. nóvember. Útförin fer fram frá Selfosskirkju laugardaginn 23. nóvember kl. 13.30. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir, en þeim sem vildu minnast hans er bent á styrktarreikning í vörslu Kvenfélags Hraungerðishrepps 0152-05-070009, kt. 590592-2349.

**Guðbjörg Jónsdóttir**
**Gísli Gautason**
**Jón Gautason**
**Eyrún Gautadóttir**
**Gunnar Mar Gautason**
**Sigríður Guðjónsdóttir**



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**SIGRÍÐUR ÞÓRDÍS ÞORLÁKSDÓTTIR**
**Lindargötu 57, Reykjavík,**
**áður til heimilis á Siglufirði,**

lést á hjúkrunarheimilinu Grund laugardaginn 16. nóvember. Jarðsungið verður frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 27. nóvember kl. 13.00.

**Þorlákur Ásgeir Pétursson** — **Guðrún Helga Skowronski**
**Ágústa Inga Pétursdóttir** — **Jónas Hallgrímsson**
**Þórdís Kristín Pétursdóttir**
**Þorsteinn Vilhelm Pétursson** — **Þuríður Bogadóttir**
**ömmu- og langömmubörn.**



✝

Ástkær eiginmaður, faðir, afi og tengdafaðir,

**ÞORSTEINN SIGURÐSSON**
**áður til heimilis að Norðurbrún1,**

lést þann 8. nóvember síðastliðinn. Útför hans fór fram í kyrrþey frá Bústaðakirkju þann 15. nóvember síðastliðinn. Þökkum þeim sem sýnt hafa okkur samúð, vináttu og virðingu. Einnig viljum við þakka starfsfólki Landspítala fyrir stuðning og hlýhug.

**Sigríður Margeirsdóttir, Óskar Þorsteinsson, Jón Valgeir Þorsteinsson, Ólafur Freyr Þorsteinsson, Þorsteinn Óskarsson, Elías Geir Óskarsson, Mikael Tendai Jónsson, Daníel Sigursteinn Jónsson, Svana Kristinsdóttir, Katarina Khondee**



✝

Við þökkum öllum þeim sem sýnt hafa
okkur hlýju og samúð vegna andláts
og útfarar elskulegrar móður okkar,
tengdamóður, ömmu,
langömmu og langalangömmu,

**ÓLAFAR VALGERÐAR**
**JÓNASDÓTTUR**
**frá Vogum, Mývatnssveit,**
**Eyrarvegi 25, Akureyri.**

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Skógarhlíðar á dvalarheimilinu Hlíð fyrir hlýhug og góða umönnun.

**Jónas Valgeir Torfason** — **Sigríður A. Whitt**
**Pétur Torfason** — **Ólína Fjóla Hermannsdóttir**
**Kristín Gunnarsdóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**





**Nóvembertilboð**

**30% afsláttur af íslensku blágrýti**
**eingöngu af legsteinum á lager**

Frí uppsetning á höfuðborgarsvæðinu og frí sending út á land á öllum keyptum legsteinum

**Mikið úrval**
**Gerið verðsamanburð**

10% staðgreiðsluafsláttur

Steinsmiðjan Mosaik
Hamarshöfða 4 - sími 587 1960 - www.mosaik.is




**FRÆBBBLARNIR 1981** „... og svo fannst okkur þetta bara svo gaman að við ákváðum að halda áfram.“ MYND: FH

# Ætluðu að ná sér niðri á skólameistara sínum

**Hin goðsagnakennda hljómsveit Fræbbblarnir fagnar 35 ára afmæli sínu annað kvöld. Upphaf sveitarinnar má rekja til uppreisnar gegn skólameistara MK, að sögn Valgarðs Guðjónssonar, söngvara hljómsveitarinnar. Liðsskipan sveitarinnar er nánast óbreytt.**

„Afmælið sjálft er reyndar á mánudaginn, 25. nóvember, en þar sem mánudagar henta illa til partíhalds ákváðum við að halda upp á þetta á föstudaginn í staðinn,“ segir Valgarður Guðjónsson, söngvari Fræbbblanna, sem spiluðu í fyrsta sinn fyrir þrjátíu og fimm árum á menningarhátíð Menntaskólans í Kópavogi, Myrkramessu.

„Þessi menningarhátíð MK var svona aðallega kórsöngur og ljóðalestur, allt hámenningarlegt,“ útskýrir Valgarður. „Einn okkar hafði lent upp á kant við skólameistarann og við ákváðum að krassa partíið með smálátum og gera grín að skólameistara til að ná okkur niðri á honum. Það gekk nú ekki átakalaust að fá að spila þarna, en okkur tókst að þjösna því í gegn að við fengjum að koma fram.“

Markmiðið var ekki að hljómsveitin héldi áfram eftir þá uppákomu en örlögin gripu í taumana og hún er í fullu fjöri enn í dag. „Það komu tveir strákar sem voru að gera sjónvarpsþætti um menntaskólalíf og vildu fá okkur í sjónvarpið,“ útskýrir Valgarður. „Þá náttúrulega urðum við að halda okkur gangandi fram yfir upptökur á þættinum og svo fannst okkur þetta bara svo gaman að við ákváðum að halda áfram.“



**VALGARÐUR GUÐJÓNSSON**

Fræbbblarnir hafa lítið breyst á þessum 35 árum og er liðsskipan nánast sú sama í dag og hún var á Myrkramessunni um árið. Þorsteinn Hallgrímsson spilaði á bassa, Valgarður Guðjónsson söng og til aðstoðar við undirbúning voru þeir Arnór Snorrason og Ríkharður H. Friðriksson. Arnór og Ríkharður gengu báðir fljótlega til liðs við hljómsveitina. Þeir eru allir meðlimir í dag auk þess sem Guðmundur Gunnarsson trommar, Helgi Briem spilar á bassa og Iðunn Magnúsdóttir syngur.

Í tilefni af afmælinu verður opið hús, frítt inn og „gamaldags“ partí á Gamla Gauknum annað kvöld. Fræbbblarnir spila rétt um fimmtíu lög, nýtt efni, lög af „Viltu nammi væna?“ og „Bjór“, öll lögin frá Myrkramessunni og talsvert af annarra hljómsveita efni, lög sem mótuðu hljómsveitina á sínum tíma, að sögn Valgarðs. Gleðin hefst klukkan 23 og stendur fram eftir nóttu.

fridrikab@frettabladid.is



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**GUNDA CECELIE JÓHANNSDÓTTIR**

lést á dvalarheimilinu Hlíð Akureyri þann 9. nóvember. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Sérstakar þakkir fær starfsfólk Víðihlíðar fyrir hlýtt viðmót og góða umönnun.

**Jóhann Björn Þórarinsson** — **Sigríður Ólafsdóttir**
**Edda Björk Þórarinsdóttir** — **Jörundur H. Þorgeirsson**
**Vilhelm Þór Þórarinsson** — **Vigdís H. Viggósdóttir**
**barnabörn og langömmubörn.**



✝

Þökkum hlýhug og kveðjur
vegna andláts og útfarar

**HELGU GUÐRÚNAR**
**GUÐVARÐARDÓTTUR**
**Þórunnarstræti 112, Akureyri.**

**Guðmundur Víðir, Sigríður Steinunn, Sverrir, Guðvarður Már og fjölskyldur.**



✝

Ástkær eiginmaður minn,
faðir okkar og bróðir,

**SNÆBJÖRN ERLENDSSON**

lést á Landspítalanum, deild 11G, mánudaginn 18. nóvember. Útförin fer fram frá Áskirkju föstudaginn 29. nóvember kl. 13.00. Þeir sem vilja minnast hans láti deild 11G á Landspítala njóta þess.

**Sólveig Rögnvaldsdóttir**
**Pétur Heiðar Snæbjörnsson** — **Bára Stefánsdóttir**
**Rut Hallgrímsdóttir** — **Alexander M. Þorleifsson**
**Erlendur Snæbjörnsson**
**Rögnvaldur Fannar Snæbjörnsson**
**og systkini hins látna.**



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamamma,
amma og langamma,

**STEINUNN GUÐMUNDSDÓTTIR**
**KRISTIANSEN**
**áður Njálsgötu 29 og Vesturgötu 7,**
**hjúkrunarheimilinu Eir,**

lést á Landspítalanum Fossvogi 12. nóvember. Útför hennar fer fram frá Hallgrímskirkju föstudaginn 22. nóvember kl. 13.00.

**Þorsteinn Kornelíus Kristiansen**
**Halldór Helgi Kristiansen** — **Auður Magnúsdóttir**
**Þorgerður Mattía Kristiansen**
**Selma Ósk Kristiansen** — **Helgi Kristjánsson**
**Helga Árdís Kristiansen**

**Ingólfur, Rakel og Samúel Kristian Kristiansen Þorsteinsbörn,**
**Einar Halldórsson,**
**Steinunn Björt, Heiðrún Arna og Árdís Björg Óttarsdætur,**
**Baldur og Bryndís Helgabörn,**
**Marteinn Már, Baldur og Bragi Einarssynir**
**Karítas Svana, Aníta Rán og Leon Mikael Elfarsbörn,**
**Helgi Jökull Arnarsson og Harriet Selma Baldursdóttir.**



**ENDURGERÐ BEETLEJUICE**
**Vel getur verið að leikkonan Winona Ryder verði hluti af leikarahópnum í endurgerð myndarinnar Beetlejuice. Þegar er vitað að Michael Keaton tekur við sínu gamla hlutverki en leikstjóri er Tim Burton.**

# GÆÐAVÖRUR MEÐ GOTT NOTAGILDI

**ÓLÁTAGARÐUR KYNNIR** *Verslunin Ólátagarður býður upp á úrval vara fyrir börn. Áhersla er lögð á vandaðar föndurvörur og þar er glæsileg vinnustofa.*

Ólátagarður er hönnunarverslun þar sem seldar eru barnavörur og barnatengdar vörur. Verslunin flytur inn úrval vara frá Danmörku, Frakklandi og fleiri löndum auk þess sem hún selur eigin vörur. Valgerður Magnúsdóttir, annar stofnenda Ólátagarðs, segir markmið eigenda vera að selja gæðavörur sem séu fallegar fyrir augað og hafi gott notagildi. „Við hönnum og framleiðum meðal annars hálfkláraðar og tilbúnar vörur og föndurpakkningar undir heitinu Ólátagarðshönnun. Þessar vörur eru hugsaðar til að skapa með eða fyrir börnin. Með þeim vildum við búa til skapandi heim og erum því með opna vinnustofu í verslun okkar þar sem ólátabelgir á öllum aldri geta komið saman.“

Valgerður segir mikilvægt að hugsa um þarfir foreldra með ung börn og því er Ólátagarður með góða leikaðstöðu, skiptiborð, barnastóla og sófa fyrir brjóstagjöf. „Einnig er hægt að kaupa sig inn á vinnustofu verslunarinnar og þá er föndurhlaðborð innifalið. Í því felst efniviður, aðgangur að verkfærum, litum og útskurðarvél. Á vinnustofunni er einnig hugmyndaveggur sem hefur það hlutverk að veita börnum innblástur í sköpun sinni enda verða þar oft til yndisleg listaverk. Hingað koma heilu fjölskyldurnar og eiga góða föndurstund saman.“

Vinnustofan er auk þess nýtt undir barnaafmæli en þá fylgja með tveir leiðbeinendur sem stýra afmælinu í föndurstund og fara krakkarnir með afraksturinn heim. „Þetta hefur vakið mikla lukku og tala foreldrar um að þeir hafi aldrei upplifað eins róleg barnaafmæli.“ Einnig geta hópar bókað vinnustofuna eina kvöldstund og skapað eitthvað fallegt í barnaherbergin.

Ólátagarður býður upp á gott úrval af föndurpakkningum sem eru ódýrar og einfaldar auk þess sem verslunin er nú að fyllast af jólaföndri fyrir jólahátíðina.

Valgerður segir verslunina nýta Facebook mikið til að kynna vörur sínar og ekki síður til að tengjast landsbyggðinni. „Viðskiptavinir koma margir vel undirbúnir til okkar eftir að hafa kynnt sér vöruúrvalið á vefnum okkar eða Facebook-síðunni. Það er einnig einfalt mál að panta vörur þar.“

Nánari upplýsingar má finna á www.olatagardur.is og á Facebook undir Ólátagarður.



**GOTT FYRIR BÖRNIN** „Þessar vörur eru hugsaðar til að skapa með eða fyrir börnin,“ segir Valgerður Magnúsdóttir, annar eigenda Ólátagarðs. MYND/VALLI





**VINNUSTOFAN** Hægt er að mæta í vinnustofu og föndra eða halda upp á barnaafmæli. MYND/VALLI




one two Luxzuz
2 litir: grátt og brúnt
Stærð 38 - 48
Verð 11.900 kr.
Opið virka daga kl. 11–18.
Opið laugardaga kl. 11–16.
black pepper
FASHION
Laugavegi 178 (Bolholtsmegin) | Sími 555 1516
Kíkið á myndir og verð á Facebook



DRANELLA
BUXUR
Frábær snið
Stretch buxur
Háar í mittið
Stærðir 34 -43
TUZZI
KRINGLUNNI
SÍMI 5688777
Vertu vinur okkar á Facebook

Jólagjafirnar í ár...
Vönduð stillanleg heilsurúm með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu
Reverie
RECOGNIZED FOR EXCELLENCE WOMEN CERTIFIED
IQ - CARE - Heilsukoddinn Verð nú kr. 11.920.- 20% afsl.
Saga / Freyja heilsudýnur á frábæru verði
Rafdrifnir hægindasófar Verð kr. 219.900.-
Rafdrifnir hægindastóllar Verð kr. 119.900.-
REVERIE 3E Essential með IQ heilsudýnum 90x200cm x 2 rúm
**Verð aðeins kr. 399.900.-**
REVERIE 7S með IQ-Care heilsudýnum 90x200cm x 2 rúm
**Verð aðeins kr. 499.900.-**
12 mán. vaxtalausar greiðslur*
20% afsl. Vinsæli viðhaldskoddinn Verð nú kr. 15.920.-
Hágæða sængurverasett Mikið úrval
20% afsl. Vandaðir sloppar dömu/herra
Crabtree & Evelyn LONDON
Mikið úrval Sængur, koddar, lök og hlífðardýnur
Svefn & heilsa
Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00
www.svefn.is
Gerðu gæða- og verðsamanburð
KORTER.IS

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar |** Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal |** Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Sverrir Birgir Sverrisson,** sverrirbs@365.is, s. 512 5432 **Kolbeinn Kolbeinsson,** kolli@365.is, s. 512-5447

# BLÚNDUR VIÐ BAKSTURINN

**ÍSLENSK HÖNNUN** *Brynja Emilsdóttir textílhönnuður hannar bæði fatnað og textílvörur fyrir heimilið undir merkinu Besla.*

„Ég gerði fyrstu svunturnar fyrir tveimur árum og seldi í Krambúðinni á Búðum. Þar gengu þær svo vel og eftirspurnin varð svo mikil að ég fór að vinna að frekari framleiðslu. Nú ég komin með framleiðanda á Indlandi sem þrykkir munstrið og saumar svunturnar fyrir mig," segir Brynja Emilsdóttir textílhönnuður en hún hannar undir merkinu Besla, bæði heimilisvörur svo sem dúka, rúmföt, púða og teppi og fatnað.

Munstrið á svuntunum er unnið upp úr hekluðum blúndudúkum.

„Þetta er sama munstrið og ég nota í ungbarnasængurföt og á borðdúka," segir Brynja. „Fullorðinssvunturnar eru ekta „þjónasvuntur" með löngum böndum sem maður bindur um mittið. Ég hef einnig gert barnasvuntur með Línu langsokkssniði en þær voru hluti af barnalínu þar sem ég endurnýtti gömul efni og saumaði kjóla og kápur."

Nánar má forvitnast um hönnun Brynju á Facebook og á heimasíðu Kirsuberjatrésins, www.kirs.is.



**SVUNTURNAR PRUFUKEYRÐAR** Brynja ásamt dóttur sinni við múffubakstur þar sem Besla-svunturnar skiluðu sínu hlutverki vel.
MYND/JENNÝ GUÐMUNDSDÓTTIR



**FALLEGT Í PAKKA** Fullorðinssvunturnar fást bæði svartar og ljósbrúnar að lit.



**BLÚNDUR** Munstrið er unnið upp úr hekluðum blúndudúkum og silkiþrykkt á bómull.

# JÓLAHLAÐBORÐ Á AÐEINS 1.990 KR.!

**SJÁVARBARINN KYNNIR**

Magnús Ingi Magnússon, veitingamaður á Sjávarbarnum, hefur sett saman einstaklega girnilegt hlaðborð fyrir hópa og fyrirtæki sem er upplagt í jólagleðina á vinnustaðnum, í veislusal eða heima. „Þetta er einfalt og ódýrt jólahlaðborð en á því eru bæði heitir og kaldir klassískir réttir og verð á mann er aðeins 1.990 krónur," segir Magnús Ingi. „Á borðinu eru karrísíld og rauðrófusíld, sjávarréttafantasía, purusteik, hangikjöt og kjúklingur. Meðlætið er ríkulegt; heit sósa, brúnaðar kartöflur, kartöflujafningur, fjölbreytt grænmeti, ferskt salat, kaldar sósur og úrval af brauði." Lágmarksfjöldi er 10 manns en allar nánari upplýsingar er að finna á vef Sjávarbarsins, sjavarbarinn.is.



**2 FYRIR 1**
*af fiski og frönskum gegn framvísun þessa miða. Aðeins 1.990 kr. fyrir tvo.*
*Gildir til 31.12.2013. Sjavarbarinn.is s: 517-3130*

## FÍNERÍ ÚR GALLAEFNI

**HÁTÍSKA**
**Gallaefni hefur sjaldan verið álitið efni í hátískukjól. Það virðist þó vera að breytast því hönnuðir hafa notað efnið á tískusýningum sínum undanfarið. Marc Jacobs notaði gallaefnið á lokasýningu sinni fyrir Louis Vuitton. Olivier Rousteing hannaði nokkra gallakjóla á tískusýningu Balmain fyrir vorið 2014 og Joseph Altuzarra var með fínleg föt á sinni sýningu. Dökkt gallaefni mátti einnig sjá á sýningum Acne Studios, Versace og Derek Lam. Jafnvel hönnuðir Valentino hafa kveikt á perunni og sýndu skósítt ballpils á sinni sýningu.**



*Vandaðir þýskir herraskór úr leðri,*
*skinnfóðraðir. Stórar stærðir*



Stærðir: 40 - 47
*Verð: 16.985.-*
Stærðir: 41 - 48
*Verð: 16.985.-*
Misty skór
Laugavegi 178
*Opið Mánudag-Föstudag*
*Frá klukkan 10:00 - 18:00*
*og laugardaga: 10 - 14*




belladonna
Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is

30-50%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM
VÖRUM AÐEINS
ÞESSA HELGI



Kjóll
áður 16.990
Nú 11.890 kr.
st. 36-48



Kjóll
áður 16.990
Nú 11.890 kr.

FLASH
Laugaveg 54,
sími: 552 5201
Vertu vinur





# Kjóladagar,

## 20% afsláttur af öllum kjólum!

*Ótrúlegt úrval af kjólum í stærðum 36-52.*



**hjá Hrafnhildi**

Opið virka daga frá kl. 10-18

laugardaga frá kl. 10-16

- Engjateigur 5
- Sími 581 2141
- www.hjahrafnhildi.is

Vertu vinur okkar á Facebook

# BÚNINGAR BOÐNIR UPP

**TÍSKA** *Búningar úr kvikmyndinni Hunger Games voru boðnir upp á dögunum. Dýrasti kjóllinn, kristalsskreytti eldkjóllinn, seldist fyrir 36 milljónir króna.*



Verðlaunahönnuðurinn Judianna Makovsky hannaði alla búningana í fyrstu mynd Hunger Games-þríleiksins. Makovsky er þekkt fyrir búningahönnun í myndum á borð við Harry Potter, X-Men: The Last Stand, Seabiscuit og Pleasantville.

Eftir að tökum myndarinnar lauk festi uppboðsfyrirtækið Blacksparrow kaup á öllum búningunum. Á dögunum voru síðan yfir 200 þeirra boðnir upp, áhugamönnum um tísku til mikillar gleði. Á uppboðinu mátti sjá föt sem Jennifer Lawrence klæddist sem Katniss, Josh Hutcherson sem Peeta, Elizabeth Banks sem Effie og Stanley Tucci sem Caesar, auk fjölda annarra búninga sem bæði þekktar og óþekktar persónur léku í.

Búningarnir fóru ekki fyrir lítið. Til dæmis seldist leðurjakki Katniss á 50 þúsund dollara eða 6 milljónir króna. Þess má geta að jakkinn var einnig notaður við mynd númer tvö. Dýrasti kjóll kvöldsins var eldkjóllinn svokallaði sem Katniss klæddist í viðtali við Caesar. Sá er prýddur Swarovski-kristöllum. Hann seldist á 300 þúsund dollara eða 36 milljónir króna.



**UPPSKERAN** Persónurnar Effie Trinket (Elizabeth Banks) og Katniss Everdeen (Jennifer Lawrence). Báðir búningarnir á myndinni voru boðnir upp.



**ELDKJÓLLINN** Rauði kjóllinn er skreyttur Swarovski-kristöllum og seldist á 36 milljónir króna.


# Ný sending

**Mussurnar og aðhaldsbuxurnar komnar**



**Háu aðhaldsbuxurnar komnar**
**Verð áður kr 9.900**
**nú aðeins kr 6.990**
**Stærð small til XXL**



**Siffon mussurnar komnar**
**Áður kr 12.900**
**nú aðeins kr 6.990**
**Stærð medium til XXL**

**COSMO**
**Kringlunni**




## FÖTIN HENNAR ISABELLU

**SÝNING Á FATASAFNI ISABELLU BLOW**

Í gær var opnuð sýning á þjóðsagnakenndu fatasafni Isabellu Blow í Somerset House í Bretlandi. Safnið var keypt á sínum tíma af vinkonu Blow, Daphne Guinnes, til að koma í veg fyrir að það yrði boðið upp af Christie's uppboðsfyrirtækinu. „Mér þótti líklegt að hún hefði sjálf viljað halda þessa sýningu," segir Guinnes sem gat ekki hugsað sér að föt Blow færu út um hvippinn og hvappinn. „Þetta var lífsverk hennar. Mér finnst engin önnur leið betri til að hylla hana en að sýna safnið sem hún hafði mikið fyrir að viða að sér."

Isabella Blow hefur verið talin ein sérvitrasta og framúrstefnulegasta konan innan tískuheimsins. Hún kom til að mynda Alexander McQueen, Philip Treacy, Stellu Tennant og Sophie Dahl á kortið og sat fremst á tískusýningum um heim allan. Isabella Blow framdi sjálfsmorð í maí árið 2007.

Sýningin í Somerset House stendur fram í mars á næsta ári.

# evrópu samvinna

Allir velkomnir!

## Evrópusamvinna í 20 ár!

Uppskeruhátíð samstarfsáætlana ESB

Hafnarhúsinu við Tryggvagötu
föstudaginn **22. nóvember 2013 kl. 14-18**

Íslendingar hafa verið afkastamiklir þátttakendur í evrópskum samstarfsáætlunum sl. 20 ár og á hátíðinni gefst almenningi kostur á að kynna sér um 50 verkefni sem hlotið hafa styrki úr áætlunum ESB.
**Tónlist, bíómyndir, spurningaleikur, áhugaverð verkefni og skemmtilegar uppákomur fyrir alla aldurshópa!**

**14:00 Setning uppskeruhátíðar**

**Leikskólinn Vesturborg,**
börn syngja evrópsk lög – Comeniusar verkefni

**Evrópusamvinna í 20 ár – árangur og ávinningur íslenskra aðila**
Ágúst H. Ingþórsson, forstöðumaður Landskrifstofu menntaáætlunar ESB

**Reynsla og þátttaka Íslenskrar erfðagreiningar í rannsóknaráætlunum ESB**
Unnur Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri rannsókna hjá Íslenskri erfðagreiningu

**Stelpur rokka,**
afrakstur Rokksumarbúða fyrir ungar stelpur – verkefni Evrópu unga fólksins

**Viltu bita af Evrópu?**
Evrópukaka í boði í portinu

*Þóra Arnórsdóttir, fyrrverandi Erasmus nemi stýrir setningu uppskeruhátíðar*

**15:00 Bíómyndabrot,**
brot úr íslenskum bíómyndum – verkefni MEDIA áætlunarinnar

**15:30 Spurningaleikur, „pub-quiz“ um íslensku sauðkindina,**
byggður á efni kennslubókar um sauðfjárrækt - afrakstur Leonardo verkefnis

**16:00 Tónlistaratriði Listaháskóla Íslands** - verkefni Menntaáætlunar ESB

**16:15 Fyrirmyndarverkefni Menntaáætlunar ESB 2012**
Veittar verða gæðaviðurkenningar þeim verkefnum sem valin hafa verið sem fyrirmyndarverkefni Comeniusar, Grundtvig, Leonardo, Erasmus, eTwinning og Evrópumerkisins

*Margrét K. Sverrisdóttir, sérfræðingur hjá Rannís stýrir afhendingu viðurkenninga og Jan Truszczynski, frá framkvæmdastjórn ESB afhendir viðurkenningarnar*

**17:00 Skólahljómsveit Grafarvogs;**
Una paloma blanca / Hvíta dúfan - verkefni Evrópu unga fólksins

**17:30 Schoolovision,**
hópur úr Flataskóla syngur og dansar - eTwinning verkefni

**18:00 Uppskeruhátíð lýkur**

**Sama dag kl 8:30 - 12:00 verður nýjum samstarfsáætlunum ESB ýtt úr vör með opnunarráðstefnu á Hótel Sögu. Upplýsingar og skráning á www.rannis.is**

**www.evropusamvinna.is**

evrópu samvinna

# Evrópusamvinnan eflir og styrkir sjálfstraust Íslendinga

**Íslendingar fengu í kjölfarið á samþykkt EES-samningsins árið 1993 aðgang að ýmsum samstarfsáætlunum Evrópusambandsins á sviði rannsókna-, tækniþróunar-, æskulýðs-, menningar- og menntamála. Síðan hefur bæst við samstarf á sviði jafnréttismála, almannavarna og lýðheilsu. Árangur Íslendinga í þessu samstarfi hefur verið mjög góður, hvort sem er mælt í fjármagni eða fjölda fólks sem hefur tekið þátt í verkefnum. Íslendingar hafa fengið yfir 200 milljónir evra í styrki og meira en 25 þúsund manns verið á faraldsfæti á vegum styrktra verkefna.**



Ágúst Hörtur Ingþórsson

## Erasmus nemar til og frá Íslandi




Ágúst Hjörtur Ingþórsson, forstöðumaður Landsskrifstofu Menntaáætlunar ESB á Íslandi og sviðsstjóri mennta- og menningarsviðs Rannís, er sá aðili á Íslandi sem líklega þekkir þessar áætlanir einna best. Hann hefur verið viðriðinn Evrópusamstarfið sem verkefnastjóri, sérfræðingur, forstöðumaður, fulltrúi menntamálaráðuneytisins við sendiráð Íslands í Brussel og fulltrúi í ýmsum ráðum og nefndum bæði Evrópusambandsins og íslenskra stjórnvalda varðandi Evrópumál.

„Umfang og árangur Íslendinga í Evrópusamstarfi í þessi tuttugu ár hefur farið fram úr okkar björtustu vonum," segir Ágúst. „Við renndum dálítið blint í sjóinn til að byrja með. Sem betur fer tóku íslensk fyrirtæki, skólar, stofnanir og aðrir aðilar fljótt við sér. Árangurinn hefur ekki heldur látið á sér standa. Þátttaka Íslendinga í nánast öllum áætlunum hefur farið stigvaxandi og við höfum aukið við hlut okkar í sístækkandi áætlunum. Þar hefur mest munað um þátttöku í rammaáætlunum á sviði rannsókna- og þróunar en einnig eru mennta- og æskulýðsáætlanirnar nokkuð umfangsmiklar. Svo má ekki gleyma því að margar íslenskar kvikmyndir hafa fengið styrk úr Media-áætlun Evrópusambandsins annaðhvort í framleiðslu eða til dreifingar. Við getum því verið sátt við afrakstur samstarfsins hingað til," segir hann.

Mikill áhugi erlendra aðila á að starfa með íslenskum skólum, fyrirtækjum og stofnunum kom fljótlega í ljós. „Það hefur verið gaman að fylgjast með hve sjálfstraust íslenskra aðila hefur aukist með auknu alþjóðlegu samstarfi. Íslensk fyrirtæki og stofnanir hafa gert sér grein fyrir því að þau hafa heilmikið fram að færa á sama tíma og þau geta líka lært mikið af erlendu samstarfsaðilunum." Ágúst bendir til dæmis á þá skemmtilegu staðreynd að smám saman hafi fleiri erlendir stúdentar komið hingað til lands árlega til að nema við íslenska háskóla en íslenskir nemendur sem sæki nám við erlenda háskóla í gegnum Erasmus-áætlunina. „Þessu áttum við alls ekki von á," segir hann.

## Hlín Pétursdóttir Behrens sópran og Gerrit Schuil píanóleikari halda tónleika í Hannesarholti á föstudaginn, 22. nóvember, sem er fæðingardagur tónskáldsins Benjamíns Britten og dagur heilagrar Sesselju, verndardýrlings tónlistarinnar.

„Það eru hundrað ár frá því Britten fæddist og okkur langar að minnast hans með viðeigandi hætti," segir Hlín Pétursdóttir Behrens sópransöngkona sem heldur tónleika á föstudagskvöld í Hannesarholti á Grundarstíg 10 ásamt Gerrit Schuil píanóleikara. Efnisskráin endurspeglar sérstaklega samstarf Benjamíns Britten og ljóðskáldsins Wystans Hugh Auden, meðal annars með ljóðaflokkunum On this Island og Cabaret Songs.

Hlín kveðst hafa kynnst tónlist Brittens snemma á sínum ferli. „Það vildi þannig til að tvö fyrstu hlutverkin sem ég söng í óperudeild tónlistarháskólans í Hamborg á sínum tíma voru í óperum eftir Britten. Ég fékk að syngja álf í Draumi á Jónsmessunótt og síðan söng ég Miss Jessel í uppfærslu á Turn of the Screw. Þetta voru mín fyrstu kynni af Britten og mér féll strax vel við hann. Hann er svo mikið 20. aldar tónskáld að því leyti að hann setti tónlist sína alltaf í samhengi við tíðarandann. Sum af tónverkum hans bera þess merki að hann var ungur maður eftir fyrri heimsstyrjöldina. Hann var alla tíð mikill friðarsinni."

Í desember í fyrra bauð tónleikahaldari í Hamborg Hlín að syngja á tónleikum helguðum Britten áður en afmælisárið byrjaði og hún fékk undirleikara þar á staðnum. Þá einbeitti hún sér að tónlist Brittens við ljóð W.H. Audens. „Tónleikarnir hétu Eyjarskeggjar við arineldinn, með vísun til þess að ég er eyjarskeggi og Britten og Auden voru báðir Bretar. Á tónleikunum í Hamborg var ég með verk eftir Jórunni Viðar og Tryggva M. Baldvinsson í farteskinu, til að kynna eyjuna okkar."

Á föstudagskvöldið verður hreint Britten-prógramm, að sögn Hlínar. „Við Gerrit Schuil byrjum klukkan 21 á afmælisdaginn sjálfan og gefum fólki þannig nægan tíma til að klára vinnudaginn og borða áður en það kemur, eða að fá sér að borða í Hannesarholti. Svo endurtökum við tónleikana á sunnudaginn, 24. nóvember, klukkan ellefu árdegis."

gun@frettabladid.is

# Spænskir alþýðusöngvar, sígaunaljóð og svertingjasöngvar

## Bylgja Dís Gunnarsdóttir og Helga Bryndís Magnúsdóttir halda tónleika í Hafnarborg annað kvöld, þar sem tónlist úr ólíkum áttum mun hljóma.

Bylgja Dís Gunnarsdóttir sópransöngkona og Helga Bryndís Magnúsdóttir píanóleikari halda tónleika í Hafnarborg í Hafnarfirði annað kvöld klukkan 20. Samstarf þeirra hófst þegar píanóleikari, sem átti að spila með Bylgju Dís eitt sinn, handleggsbrotnaði og Helga Bryndís stökk inn í með aðeins viku fyrirvara. Síðan þá hafa þær unnið að ýmsu saman og nú tefla þær fram efnisskrá sem er í miklu uppáhaldi hjá þeim báðum. Tónleikarnir hefjast með Sjö spænskum alþýðusöngvum eftir Manuel de Falla þar sem píanóið líkir eftir gítarspili og laglínurnar eru seiðandi á spænska vísu. Hin kunnu Sígaunaljóð J. Brahms koma svo þar á eftir. Eftir hlé flytja þær Svertingjasöngva eftir Xavier Montsalvatge sem heyrast sjaldan en eru mjög áhugaverðir og loks eru það negrasálmar eins og Swing Low, Nobody Knows og fleiri.


**SAMVINNA** Bylgja Dís Gunnarsdóttir sópransöngkona og Helga Bryndís Magnúsdóttir píanóleikari hafa unnið saman að mörgum tónleikum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




4 LÍTRAR

Vnr. 86620040-3737
Kópal glitra innimálning, gljástig 10, allir litir, 4 l.

BYKO KLÚBBURINN

KLÚBB verð
**4.990 kr.**
Almennt verð 5.990 kr.

Harris®



Vnr. 83004222
HARRIS rúlla, bakki og penslasett
**1.290 kr.**

9 LÍTRAR




Vnr. 80602509
GJØCO PROFF innimálning, 9 l.
**5.995 kr.**

VERÐVERND BYKO
# LÆGRA VERÐ

# BYKO
BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.

BARNA- OG FULLORÐINSSTÆRÐIR
HLÝ JÓLAGJÖF
MERINO ULL



Vnr. 42311695-712
Undirföt úr merino ull.
Verð frá:
**3.990 kr.**



Vnr. 91800045-48
Hlý prjónahúfa, svört, blá eða grá.
**990 kr.**

Vnr. 16004101-9
Skipadregill, 1m á breidd, nokkrir litir.



KLÚBB verð
**1.490 kr./lm.**
Almennt verð 2.190 kr./lm.



Vnr. 92998261-3
SHOWA THERMO vettlingar, 3 stærðir.
**1.295 kr.**



Vnr. 16150460-3
Motta, 40x60 cm. 4 litir.
**1.250 kr.**

ÞAÐ ER KOMINN VETUR




5 KG
Vnr. 54710126
Gróft salt, 5 kg.
**639 kr.**




25 KG
Vnr. 0225340
Sandur, 25 kg.
**690 kr.**



-15°
Vnr. 42375935
BLÁTIN rúðuvökvi, 3 l poki.
**499 kr.**



Vnr. 55900160
Ísskafa með tréhandfangi.
**3.490 kr.**

Vnr. 55900023
Skófla með tréskafti.
**2.990 kr.**

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.

Verðvernd BYKO tryggir þér lægra verð. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is.

facebook.com/BYKO.is

www.expo.is / EXPO auglýsingastofa

# Karlmennskan krufin

**Haukur Ingvarsson heldur málþing um karlmennsku í bókum þriggja íslenskra höfunda. Segir aðeins hörkutól fella tár í sjónvarpi. Dagskráin er hluti af Bókamessu í Reykjavík sem haldin verður í Ráðhúsi Reykjavíkur um helgina.**

Bókamessan í Reykjavíkurborg er samstarfsverkefni Félags íslenskra bókaútgefenda og Reykjavíkur Bókmenntaborgar UNESCO. Bókamessan er haldin í þriðja sinn í Ráðhúsi Reykjavíkur. Meðal atriða á Bókamessunni er málþing sem Haukur Ingvarsson rithöfundur og fjölmiðlamaður mun stýra um hinar ýmsu hliðar karlmennskunnar í bókum eftir Sjón, Guðmund Andra Thorsson og Sindra Freysson.

„Ég mun fá Sjón, Guðmund Andra og Sindra í spjall til mín. Til hliðsjónar verða þrjár bækur eftir þá sem gerast allar á ólíkum tímum og fjalla allar um karlmennskuna á einn eða annan hátt,“ segir Haukur. Bækurnar þrjár eru Mánasteinn eftir Sjón, Sæmd eftir Guðmund Andra og Blindhríð eftir Sindra Freysson.

„Það sem er áhugavert við bækurnar er að þær endurspegla samfélagið á ólíkum tímaskeiðum. Guðmundur Andri bregður upp fallegri mynd af Reykjavík, Sjón bætir við þá mynd í Mánasteini og svo erum við komin inn í nútímann í bók Sindra. Þarna er því ákveðin þróun, bæði samfélagsþróun en líka menningarþróun sem áhugavert er að lesa um.“

Haukur segir málþingið vera tilraun til að finna rauðan þráð í þessum þremur ólíku bókum.

„Ætli það mætti ekki segja að þetta sé tilraun til að sýna fram á að karlmennskan er ekki bara eitthvað eitt. Hún á sér fjölbreyttar birtingarmyndir, menn geta verið viðkvæmir eða harðir og allt þar á milli. Bók Sjóns fjallar um ungan dreng sem selur sig í vændi í byrjun síðustu aldar í Reykjavík, í bók Guðmundar Andra eru Benedikt Gröndal og Björn M. Olsen í aðalhlutverki sem bundu ekki bagga sína sömu hnútum og samferðamennirnir en bók Sindra Freyssonar fjallar um skyndikynni sem hafa róttæk áhrif á mann í nútímanum,“ segir Haukur.

Á dögunum brast sjálfur Eiður Smári í grát í sjónvarpi allra landsmanna þegar hann tilkynnti að hann hefði leikið sinn síðasta landsliðsleik. Var það dæmi um að hugmyndin um karlmennsku sé að breytast?

„Já, kannski mun þetta augnablik Eiðs Smára bera á góma,“ segir Haukur. „Það hefur kannski verið mikilvæg birtingarmynd þess að karlmenn búa yfir tilfinningum. Það þarf jú sannkallað hörkutól til að þora að fella tár í sjónvarpi.“

simon@frettabladid.is







**KARLMENNI** Haukur Ingvarsson ræðir við Guðmund Andra, Sjón og Sindra Freysson um karlmennsku.
FRÉTTBLAÐIÐ/VALLI OG ARNÞÓR

## Vegleg dagskrá á Bókamessu

Á Bókamessunni verður hægt að kynna sér fjölbreytt úrval lífsstílsbóka en þær hafa verið valdar jólagjöf ársins 2013 af valnefnd Rannsóknarseturs verslunarinnar. Matreiðslubækur, sjálfshjálparbækur og hannyrðabækur verða kynntar á Ráðhúsganginum alla helgina og gestum boðið að smakka á gómsætum réttum, láta skreyta á sér neglurnar og fá góð ráð um förðun og hárgreiðslu. Klukkan 16 báða dagana verður bókmenntadagskrá í Borgarstjórnarsalnum. Auk málþings Hauks Ingvarssonar munu Óskar Árni Óskarsson og Rúnar Helgi Vignisson ræða ást, dauða og djöfulskap í þýðingum. Tveir erlendir höfundar þýddra bóka ársins verða gestir messunnar, þeir Carl Jóhan Jensen frá Færeyjum og norski glæpasagnahöfundurinn Jörn Lier Horst, sem er handhafi Glerlykilsins, norrænu glæpasagnaverðlaunanna, 2013. Báðir verða í höfundaspjalli með þýðendum sínum á laugardeginum.

# Freyja Potter í Dónol

BÆKUR ★★★★☆

**Freyjusaga: Múrinn**
Sif Sigmarsdóttir
**MÁL OG MENNING**

Múrinn eftir Sif Sigmarsdóttur er fyrsta bókin í sagnabálkinum Freyju sögu. Í sögunni er gert ráð fyrir að svokallaðir landflutningar muni eiga sér stað eftir tæpa tvo áratugi (frá því þessi ritdómur er skrifaður) þar sem hafið flæðir upp á land og heimurinn umturnast í kjölfarið.

Sagan gerist í framtíðarborginni Dónol, þar sem illræmdi einvaldurinn Zehn ræður ríkjum. Lífsskilyrðin í Dónol eru framandi íslenskum unglingum. Rafmagn er óþekkt og rottur hlaupa um myrkar og illa þefjandi götur borgarinnar, sem er afgirt með rammgerðum múr. Borgarbúar fá ekki að velja sér starfsvettvang eftir áhugasviði heldur er þeim skipað í lífstíðarstarf þegar þeir eru fimmtán ára.

Aðalsöguhetjan, Freyja, er einmitt á þeim tímamótum þegar sagan hefst. Hún virðist í fyrstu ósköp venjuleg unglingsstúlka sem býsnast kannski ívið mikið yfir ástandinu í borginni og hefur furðulega mikinn áhuga á fortíðinni. Þegar líður á söguna kemur í ljós að hlutverk hennar reynist stærra en hún hafði ímyndað sér.

Bókin er lengi að komast af stað, enda þarf að kynna framandi sögusviðið vandlega fyrir lesandanum, hugsanlega hefði mátt slípa fyrstu kaflana örlítið til. Þegar atburðarásin hins vegar kemst á skrið verður hún æsispennandi. Uppbyggingin er nokkuð dæmigerð og sagan er hressileg blanda af Harry Potter og Hungurleikunum. Hugsanlega mætti segja að Freyja minni stundum ískyggilega mikið á galdrastrákinn knáa.




Sagan er reyndar sögð út frá tveimur sjónarhornum, því inni á milli eru skáletraðir kaflar þar sem við heyrum rödd annars sögumanns. Þessi flækja er vel heppnuð og eykur spennuna.

Höfundi tekst að búa til sannfærandi heim þar sem allt gengur upp og greinilegt er að forsagan, baksagan um tilurð hinnar ímynduðu distópíu, er úthugsuð líka. Lesandinn sekkur þannig inn í heim fantasíunnar í öruggum höndum höfundarins.

Bókin er dæmigerð fantasía og í heild sinni vel skrifuð, aldrei nokkur yfirlætistónn í henni. Hún er spennandi, þrátt fyrir að vera lengi í gang, og hún ætti að höfða til ævintýraþyrstra ungmenna á öllum aldri – og skilja við þau óþreyjufull eftir næstu bók.

Halla Þórlaug Óskarsdóttir

**NIÐURSTAÐA:** Vel skrifuð og spennandi fantasía sem ætti að höfða til ævintýraþyrstra ungmenna.



markhönnun ehf

Gildir **21. - 24.** nóv. 2013




FISKARNIR HAFA...
JÓN KALMAN
**3.959** KR




GLEÐILEGT HÁR
ÍRIS SVEINSDÓTTIR
**3.244** KR

# JÓLABÆKURNAR ERU KOMNAR!




LÉTTUR Í LUND
GUÐNI ÁGÚSTSSON
**4.089** KR




HLUSTAÐ
JÓN ÓTTAR ÓLAFSSON
**4.418** KR




FRÁ HRUNI OG HEIM
STEINGRÍMUR J.
**4.544** KR




NIGELLA
Á ÍTÖLSKUM NÓTUM
**4.214** KR




NAPPI LANDKÖNNUÐUR
**2.399** KR




HELLO KITTY
**1.944** KR




TRÖLLASTRÁKURINN
SIGRÍÐUR ARNARDÓTTIR
**2.713** KR


nettó bækur
Kræsingar & kostakjör

**www.netto.is**
Mjódd · Salavegur · Hverafold · Grandi
Höfn · Grindavík · Reykjanesbær
Borgarnes · Egilsstaðir
Selfoss · Akureyri




# HVAÐ? HVENÆR? HVAR? FIMMTUDAGUR

**Tónleikar**

**21.00** Kristjana Arngrímsdóttir og gestir skemmta á Café Rosenberg 21. nóvember kl. 21.

**22.00** Magnús Einarsson heldur tónleika á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8, fimmtudaginn 21. nóvember kl. 22.

**Fræðsla**

**20.00** Fimmtudaginn 21. nóvember kl. 20 mun Bjarki Jóhannesson, skipulagsstjóri Hafnarfjarðarbæjar, ræða við gesti um gerð aðalskipulags.

**Fyrirlestrar**



**12.05** Guðný Hallgrímsdóttir sagnfræðingur fjallar um bók sína Sagan af Guðrúnu Ketilsdóttur: Einsögurannsókn á ævi 18. aldar vinnukonu fimmtudaginn 21. nóvember kl. 12.05 í sal ReykjavíkurAkademíunnar Hringbraut 121, 4. hæð.

**20.00** Á fyrirlestri Hönnunarmiðstöðvar, þann 21. nóvember, ætlar Nils Wiberg samskiptahönnuður að segja frá starfi sínu við hönnunar- og margmiðlunarstofuna Gagarín. Hann mun ræða þau tækifæri og vandamál sem felast í myndrænni og gagnvirkri miðlun þekkingar. Fyrirlesturinn verður á ensku og fer fram í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi, fimmtudaginn 21. nóvember kl. 20.00.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is*

# Glæpaganga á ensku

## Söguslóðir verka Arnalds Indriðasonar verða skoðaðar í glæpasagnagöngu í miðbæ Reykjavíkur.

Úlfhildur Dagsdóttir bókmenntafræðingur stýrir glæpasagnagöngu á föstudaginn. Í göngunni mun Úlfhildur sýna gestum mikilvæga staði í verkum Arnalds Indriðasonar í tengslum við alþjóðlega glæpasagnahátíð sem fer fram í Reykjavík um helgina.

„Það er alltaf gaman að fjalla um góðar bókmenntir,“ segir Úlfhildur. Gangan hefst við lögreglustöðina við Hverfisgötu. „Við förum á einhverja sex staði. Göngum frá lögreglustöðinni í gegnum Skuggahverfið og endum á Dubliners. Í Napóleonsskjölunum er heilmikil sena sem gerist þar,“ bætir Úlfhildur við. Gangan verður á ensku enda eru gestir flestir erlendir að sögn Úlfhildar. „Ég er búin að finna til textabrot og verð með þrjá leiðsögumenn með mér. Þetta verður örugglega mjög skemmtilegt.“ segir Úlfhildur.

kjartanatli@frettabladid.is



**SÝNIR ARNALD** Úlfhildur Dagsdóttir sýnir söguslóðir verka Arnalds. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# UMDEILDUR BRAUTRYÐJANDI



## KAMBANSKVÖLD Í HANNESARHOLTI

**Sveinn Einarsson segir frá bók sinni á Kambanskvöldi í Hannesarholti, að Grundarstíg 10, í kvöld kl. 20.**

***Sýnd verður heimildarmynd um skáldið.***

Listamaðurinn og stórmennið Guðmundur Kamban var í hópi þekktustu rithöfunda Íslendinga um sína daga.

Sveinn Einarsson fjallar um ævi, störf og arfleifð þessa merka manns sem danskir frelsisliðar myrtu árið 1945.




MÁL OG MENNING

*www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu*



## TÓNNINN GEFINN

Kjartan Atli Kjartansson

# Eðli rappsins: Að halda því alvöru

Líklega er það okkur eðlislægt að sveipa fortíð okkar dýrðarljóma. Við eigum meira að segja fallegt orð yfir það: fortíðarþrá. Maður stendur sig oft að því að horfa til baka, rifja upp æskuna og sakna liðinna tíma. Nintendo-tölvuleikir, Turtles-kallar, bækur eftir Sigrúnu Eldjárn. Allt þetta vekur ljúfar minningar. Eitt sinn náði fortíðarþráin svo miklum tökum á mér að ég varð mér úti um Nintendo-tölvu og fór að spila gamla leiki. Ég hefði betur sleppt því. Því leikirnir voru ekki flottir. Og eiginlega hundleiðinlegir. Þetta skemmdi góðar minningar.



GÍSLI PÁLMI

Aðdáendur rapptónlistar glíma við svipað vandamál. Fortíðarþráin í rappmenningunni er ákaflega sterk. Gjarnan er talað um að „halda því alvöru". Gamla rappið er þá notað sem viðmið fyrir nýja tónlist sem á að vera úrkynjuð. Að mínu mati er þessi frasi um „alvöru rapp" þó algjörlega galinn. Sérstaklega þegar hann er tengdur við gamla tíma.

Þetta má þó ekki misskilja sem svo að Tupac, Notorious B.I.G. og Wu-Tang séu ekki mikilvægir í sögunni. Og að maður geti ekki haft gaman af gamalli rapptónlist. Þetta snýst einfaldlega um eðli rapptónlistarinnar. Hip-hop-menningin er ögrandi í eðli sínu. Rappið er svipað og pönkið. Snýst um að vera vettvangur æskunnar til að tjá sig. Að þróa þetta listform. Rappið á ekki að vera staðnað, það á einmitt að vera andstaðan við stöðnun. Ferskleikinn knýr rappið áfram.

Hér á landi eigum við fulltrúa þessarar nýju kynslóðar. Rapparinn Gísli Pálmi hefur þróað listformið. Hann ögrar, fer sínar eigin leiðir og vekur umtal. Svoleiðis listamenn eru umdeildir. Auðvelt er að mislíka eitthvað sem maður skilur ekki. En þeir sem kafa dýpra, undir yfirborðið, verða ekki sviknir. Rapparar eins og Gísli Pálmi eru eins og flottur Playstation 3-leikur við hliðina á gömlu Nintendo-leikjunum sem eru betur geymdir í minningunni.

## Í spilaranum





**Kaleo** – Kaleo
**Raggi Bjarna** – Falleg hugsun
**Friðrik Ómar** – Kveðja



**FLOTT SVEIT** Hljómsveitin Celsíus var skipuð einvalaliði söngvara. Hún var fyrsta samstarfsverkefni Jóhanns Helgasonar og Helgu Möller. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL RÚNARSSON

# Sveitin Celsíus gefur út 35 ára týnda plötu

**Plata sveitarinnar Celsíus týndist í tvo áratugi en mun nú koma út í desember. Platan var á sínum tíma bönnuð á RÚV, vegna þess að hún var sungin á ensku.**

Jóhann Helgason og félagar hans í hljómsveitinni Celsíus hyggjast gefa út plötu í desember sem var tekin upp fyrir rúmum 35 árum. Platan týndist í hljóðverinu Hljóðrita í Hafnarfirði en fannst í Sýrlandi tveimur áratugum síðar.

„Ég rakst á gömlu upptökurnar okkar fyrir algjöra tilviljun. Þær týndust upp úr 1978 og ég fann þær tuttugu árum síðar. Við höfum ætlað að koma þessu efni út og stefnum á að gera það í desember," segir Jóhann Helgason, einn meðlima hljómsveitarinnar. Að sögn hans var sveitin stofnuð 1976 og ári síðar var hann fenginn í sveitina ásamt Helgu Möller. Ásamt Helgu og Jóhanni skipuðu hana þeir Pálmi Gunnarsson, Birgir Hrafnsson, Sigurður Karlsson, Birgir Guðmundsson og Kristján Guðmundsson.

„Þeir voru búnir að gera einhver lög þegar við Helga komum inn í sveitina. Við héldum áfram að semja og taka upp og náðum að fylla upp í heila breiðskífu," segir Jóhann. En sú breiðskífa kom aldrei út. „Hljómsveitin hætti í lok árs 1977 og meðlimir fóru hver í sína áttina. Platan var tilbúin en kom aldrei út, enda hefðum við líklega ekki fengið mikla spilun," segir Jóhann og vísar í reglur Ríkisútvarpsins í þá daga, en þá mátti ekki spila íslensk lög sem voru sungin á ensku eða öðru erlendu tungumáli.

„Þá var bara RÚV, engin Rás 2, engar aðrar stöðvar. Spólurnar með upptökunum týndust því við höfðum ekki miklar forsendur til þess að gefa þetta út," segir Jóhann. Tvö lög hafa þó komið út með sveitinni á safnskífu. „Við gáfum út lagið Poker sem var sungið af Pálma Gunnarssyni og svo lagið Days Pass Me By sem Helga Möller syngur. Annað efni hefur ekki komið út," bætir Jóhann við. Auk útgáfunnar mun hluti sveitarinnar koma saman 30. nóvember næstkomandi á hátíðartónleikum Helgu Möller, sem heldur upp á 40 ára söngafmæli um þessar mundir.

kjartanatli@frettabladid.is



**SPILAR MEÐ HELGU** Jóhann Helgason kemur fram með Helgu Möller á hátíðartónleikum hennar 30. nóvember.

➜ Platan var tilbúin en kom aldrei út, enda hefðum við líklega ekki fengið mikla spilun.

## 14.11.2013 ➜ 20.11.2013



### LAGALISTINN

| | | | |
|---|---|---|---|
| ▶ | 1 | **Steinar** | **Up** |
| ▲ | 2 | Baggalútur og Jóhanna Guðrún | *Mamma þarf að djamma* |
| ▲ | 3 | One Republic | *Counting Stars* |
| ▲ | 4 | Jón Jónsson | *Feel For You* |
| ▲ | 5 | Kaleo | *Glass House* |
| ▼ | 6 | Drangar | *Bál* |
| ▼ | 7 | Miley Cyrus | *Wrecking Ball* |
| ▼ | 8 | Lorde | *Royals* |
| ▲ | 9 | Nýdönsk / John Grant | *Sweet World* |
| ▲ | 10 | Tilbury | *Northern Comfort* |



### TÓNLISTINN

| | | | |
|---|---|---|---|
| ▲ | 1 | **Baggalútur** | **Mamma þarf að djamma** |
| ▲ | 2 | Pálmi Gunnarsson | *Þorparinn* |
| ▶ | 3 | Helgi Björnsson | *Helgi syngur Hauk* |
| * | 4 | Kaleo | *Kaleo* |
| * | 5 | Sigríður Thorlacius | *Jólakveðja* |
| ▲ | 6 | Dr. Gunni og vinir hans | *Alheimurinn* |
| ▲ | 7 | Drangar | *Drangar* |
| ▼ | 8 | Emilíana Torrini | *Tookah* |
| ▼ | 9 | Ásgeir Trausti | *Dýrð í dauðaþögn* |
| ▼ | 10 | Sálin hans Jóns míns | *Glamr* |

**Skýringar** ▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku * Nýtt á lista
Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Vísir.is. vísir

**Þátttakendur í Lagalistanum** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, K100,5, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elko, tonlist.is.

COCO´S 3 ÁRA
20% - 40%
afmælisafsláttur
af ÖLLUM! vörum fimmtudag til mánudags
Léttar veitingar í boði fimmtudag
milli 17 – 20.00
Kíktu í heimsókn og gerðu frábær kaup!



Nýtt kortatímabil!
2BIZ
fransa
ZE-ZE CONCEPT
Desigual
COCO'S
vertu vinur
Cocos í Grafarvogi, hverafold 1-3 s: 5773800


ÚLPUDAGAR
20% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM ÚLPUM
TIL MÁNUDAGS
THE NORTH FACE
CATMANDOO
ZO•ON ICELAND
DIDRIKSONS1913
Grundsund SWEDEN
SURFANIC
ROXY
HH
HELLY HANSEN
66° NORTH
ÚTILÍF
GLÆSIBÆ
KRINGLUNNI
SMÁRALIND
utilif.is

# nettó

Í JÓLASKAPI




**www.netto.is**

| Mjódd · Salavegur · Hverafold · Grandi · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |



HANGILÆRI
M/BEINI - KJÖTSEL
-30 %
1.889
ÁÐUR 2.698 KR/KG



LAMBAHRYGGUR
FERSKUR
1.884
ÁÐUR 2.298 KR/KG

markhönnun ehf



FROSIÐ LAMBALÆRI
SNEITT Í POKA
1.743
ÁÐUR 2.050 KR/KG

Fljótlegt&gott



HAKKBOLLUR
KJÖTBANKINN 1 KG
-25%
899
ÁÐUR 1.198 KR/KG

Lífrænt




RAPUNZEL
SÚKKULAÐI - 7 TEGUNDIR
399
KR/PK




SÆNGURVER
ÝMSAR TEGUNDIR
3.198
KR/PK

**Tilboðin gilda 21. - 24. nóvember**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

## AFMÆLISBARN DAGSINS



**Leikkonan Goldie Hawn er 68 ára í dag**

Helstu myndir: Private Benjamin, Foul Play, Overboard og Cactus Flower

BÍÓFRÉTTIR

# Endurkoma einföldu félaganna

Dumb and Dumber To, framhald Dumb and Dumber, kemur í bíó á næsta ári.

Dumb and Dumber To, framhald grínmyndarinnar Dumb and Dumber, kemur í bíó í nóvember á næsta ári samkvæmt upplýsingum frá Paramount.

Leikstjórabræðurnir Peter og Bobby Farrelly skrifa handritið líkt og í þeirri fyrri og grínleikararnir Jim Carrey og Jeff Daniels snúa aftur sem einföldu tvímenningarnir Lloyd og Harry.

Í framhaldsmyndinni skella félagarnir sér í ferðalag til að finna barn sem Harry átti í fortíðinni en fékk ekki að vita um það fyrr en mörgum árum seinna.

Dumb and Dumber var frumsýnd árið 1994 og var fyrsta leikstjórnarverkefni Farrelly-bræðra. Viðbrögð við myndinni voru blendin en síðustu ár hefur hún skipað sér í flokk költbíómynda og á milljónir aðdáenda um heim allan.

- lkg



**ÓBORGANLEGIR** Lloyd og Harry koma sér í ýmis vandræði.



**SJARMÖR** Javier bregður sér í hlutverk svartskeggs.

## Leikur Svartskegg

Spænski hjartaknúsarinn Javier Bardem mun leika illmennið Svartskegg í nýrri bíómynd um Pétur Pan samkvæmt heimildum Variety.

Warner Bros stendur nú í viðræðum við Joe Wright um að leikstýra myndinni sem gerð verður eftir handriti Jason Fuchs. Joe hefur meðal annars leikstýrt myndunum Anna Karenina og Hanna.

Enn hvílir mikil leynd yfir söguþræðinum en handritið er byggt á sígildu sögunni um Pétur Pan eftir J.M. Barrie.

- lkg

## Meira af dásamlegu lífi

Framhald af klassíkernum It‘s a Wonderful Life frá árinu 1946 er nú í bígerð og mun heita It‘s a Wonderful Life: The Rest of the Story samkvæmt Variety.

Í framhaldinu fylgjumst við með George Bailey, afabarni George Bailey úr upprunalegu myndinni. Hann er ekki góður maður og því sýnir engill, sem leikinn er af Karolyn Grimes, honum hversu góður heimurinn væri án hans.

Grimes lék dóttur George Bailey í fyrri myndinni og viðræður eru hafnar við Jimmy Hawkins og Carol Coombs, sem einnig léku í fyrri myndinni, um að leika í þeirri nýju. Enginn leikstjóri er kominn fyrir verkefnið en áætlað er að myndin verði jólamyndin árið 2015.

- lkg

## FRUMSÝNINGAR

**Tvær myndir frumsýndar á morgun**

## ÍSLAND Í BRENNIDEPLI

**Stand Up Guys, grín- og glæpamynd**

Stórleikararnir Al Pacino, Christopher Walken og Alan Arkin fara hér á kostum sem fyrrverandi glæpafélagar sem hittast á ný eftir 28 ára aðskilnað. Myndin gerist á einum sólarhring og hefst á því að einn af félögunum losnar úr fangelsi eftir að hafa dúsað á bak við lás og slá í 28 ár fyrir vopnað rán. Félagarnir ákveða að rifja upp gamla tíma og mála bæinn rauðan en glæpaforinginn Claphans setur strik í reikninginn.

**The Fifth Estate, spennuþriller**

Myndin fjallar um uppljóstranir Julians Assange og samstarfsfólks hans á vefsíðunni Wikileaks og titringinn sem þær uppljóstranir ollu og valda enn. Ísland og Íslendingar koma talsvert við sögu í myndinni sem er að hluta til tekin upp hér á landi. Ein af aðalpersónum myndarinnar er þingmaðurinn Birgitta Jónsdóttir sem Carice van Houten leikur og fer leikkonan Hera Hilmarsdóttir með hlutverk í myndinni. Í öðrum hlutverkum eru Benedict Cumberbatch, sem leikur Julian Assange, Daniel Brühl, Stanley Tucci og Laura Linney.



# Frá andláti til grafar

**Heimildarmyndin Dauðans alvara er frumsýnd í Bíói Paradís í kvöld. Myndin segir frá ferlinu sem á sér stað frá andláti til grafar en leikstjóri myndarinnar, Áslaug Baldursdóttir, fékk hugmyndina þegar hún var að ljúka meistaranámi.**

„Hugmyndin kom til mín þegar ég var að ljúka meistaranámi í hagnýtri menningarmiðlun í Háskóla Íslands. Mig langaði að tengja lokaritgerðina mína um dauða í íslensku samfélagi við raunverulegt verkefni. Ég hafði aðeins verið að fikta í heimildarmyndagerð og fékk þá hugmynd að gera mynd um útfararþjónustu aðallega vegna þess að ég hafði ekki séð neitt því líkt hér á landi. Auk þess hefur ekki verið nein alvöruumfjöllun um hvað gerist frá andláti til grafar hér á landi. Mér fannst áhugavert að opna þá umræðu í staðinn fyrir að líta á þetta sem tabú,“ segir Áslaug. Hún leikstýrir heimildarmyndinni Dauðans alvara en í henni er sagt frá því ferli sem á sér stað frá andláti til grafar. Áslaug setti sig í samband við Útfararþjónustuna í Reykjavík og voru viðbrögðin betri en hún átti von á.

„Rúnar Geirmundsson og synir hans hjá Útfararþjónustunni í Reykjavík voru tilbúnir að leyfa mér að mynda og ég var með þeim í um það bil viku. Ég fékk mjög mikinn aðgang að öllu og þeir treystu mér vel fyrir efninu. Þetta er fræðsluheimildarmynd. Ég læt myndefnið tala og ég tala ekki sjálf inn á myndina. Þeir sem horfa á myndina eiga ekki að hafa neinar spurningar um ferlið þegar sýningunni er lokið. Það er margt sem maður veit ekki um þetta ferli en þetta er eitthvað sem allir þurfa að kljást við einhvern tíma á lífsleiðinni, því miður.“

Myndin er fimmtíu mínútur að lengd en styttri útgáfa af henni var sýnd á Skjaldborgarhátíðinni síðasta sumar.

„Þar fékk ég rosalega góðar viðtökur frá fólki á öllum aldri sem kom mér eiginlega á óvart.“

Dauðans alvara er frumsýnd í dag í Bíói Paradís og verður auk þess sýnd bæði laugardag og sunnudag. Ekki er ljóst hvort sýningarnar verða fleiri en Áslaug hefur áhuga á að gera fleiri heimildarmyndir í framtíðinni.

„Þetta er fyrsta heimildarmyndin sem ég klára og ég hef mikinn áhuga á að gera fleiri myndir. Þetta er ástríða hjá mér og mér finnst þetta virkilega gaman og gefandi.“

liljakatrin@frettabladid.is



**ÁSTRÍÐA** Dauðans alvara er fyrsta kláraða heimildarmynd Áslaugar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




**TÁKNRÆNT PLAKAT** Myndin er frumsýnd í kvöld í Bíói Paradís.

➜ Það er margt sem maður veit ekki um þetta ferli en þetta er eitthvað sem allir þurfa að kljást við einhvern tímann á lífsleiðinni, því miður.




XYLITOL
WRIGLEY'S
Extra
white
SWEET MINT
sugarfree gum
10 PIECES
BORÐA
DREKKA
TYGGJA
WRIGLEY'S
Extra
Tannlæknafélag Íslands mælir
með notkun xylitols sem
aðalsætuefnis í tyggigúmmíi




# Klárlega þörf á fróðleiksbók fyrir stráka

Bjarni Fritzson og Kristín Tómasdóttir með bók sem er stútfull af upplýsingum og skemmtun fyrir stráka.

„Það var klárlega kominn tími á svona fróðleiksbók fyrir stráka,“ segir Bjarni Fritzson sem gaf nýverið út bókina Strákar ásamt Kristínu Tómasdóttur. Bjarni er líklega best þekktur sem atvinnumaður og þjálfari í handbolta en Kristín hefur um árabil unnið að æskulýðsmálum og er einnig reyndur höfundur. Bókin er sú fyrsta sem Bjarni skrifar en Kristín er hins vegar reynslubolti í faginu.

„Ég hef skrifað þrjár stelpubækur og hafði hugsað um það lengi að skrifa strákabók og fannst alveg frábært að fá Bjarna með mér í þetta,“ segir Kristín.

Bókin fjallar um líf stráka frá öllum mögulegu hliðum.

„Við vildum hafa bókina fulla af áhugaverðum fróðleiksmolum en hafa hana skemmtilega í senn,“ segir Bjarni. Ýmsir þekktir einstaklingar leggja hönd á plóg til að fá víðari innsýn í efnið og miðla reynslu sinni. Páll Óskar Hjálmtýsson tónlistarmaður, Guðmundur Jörundsson fatahönnuður, Alfreð Finnbogason knattspyrnumaður, Logi Bergmann fjölmiðlamaður og ýmsir fleiri flottir og ólíkir strákar miðla reynslu sinni.

„Unglingar þurfa upplýsingar á þessum árum frá tíu til tuttugu ára því sjálfsmyndin er svo mikið að breytast og fylgja því margar spurningar og reynum við að koma með upplýsingar sem gætu hjálpað til við að svara slíkum spurningum,“ segir Kristín. - glp


**FRÁBÆRT TEYMI** Bjarni Fritzson og Kristín Tómasdóttir sátt með bókina. MYND/SIGFÚS MÁR PÉTURSSON

# Hárvöxtur minn kemur þér ekki við

„Róleg á brúsknum, týndirðu rakvélinni?“ Svo glaðleg var kveðjan er ég teygði úr mér í hlýrabolnum með annað brjóstið hangandi út. Brjóstið er löngu orðið almannaeign þar sem börnin nærast á því í tíma og ótíma og fataskápurinn sniðinn að þeirri þörf þeirra til að fá fullt aðgengi þegar þeim hentar. Svo brjóstið var ekkert til að hneykslast á, en brúskurinn var það. Ég læt nú vera að þetta hafi verið brúskur, þetta var meira svona þriggja daga broddar, eða það sem telst kynþokkafullt á andliti karlmanns. Ef þessi sami vöxtur hefði verið á píkunni þá hefði mér verið sýndur skilningur því annaðhvort væri ég að láta vaxa til að komast í vax, eða ég væri að leyfa húðinni að jafna sig á milli rakstra. Það er greinilega ekki sama hvar hárið vex.

Ég brást að sjálfsögðu við að skilyrtum hætti dömunnar og afsakaði mig í bak og fyrir og snarklemmdi handarkrikana saman. En svo ruggaði heilinn sér varlega við höfuðkúpuna, eins og til að kanna hvort það væri ekki örugglega einhver við stjórnvölinn. „Æ veistu, þetta eru bara hár og ég get ekki séð að þú þurfir að hafa áhyggjur af mínum hárvexti, hann ætti ekki að vera þitt áhyggjuefni.“ Mér sýndist hún ætla fleygja F-orðinu í mig.

Píkuhár er svo kapítuli út af fyrir sig. Ég var spurð út í það í fræðslu nýverið: „Æ, ert þú svona femínisti með loðna píku?“ Ég skil ekki hvernig það gerðist að hárvöxtur skilgreindi baráttu kvenna fyrir jafnrétti. Ég er alveg jafn femínísk eftir brasilískt vax á píkunni og með órakaða handarkrika. Hárvöxturinn skilgreinir ekki hver ég er, hvað ég kýs eða hvernig kynlíf ég stunda, þetta eru bara hár. Ég segi það aftur, HÁR. Reyndar ber að taka fram að háreyðing kvenna var samstillt átak snyrtivöru- og markaðsfyrirtækja á seinustu öld. „Snillingar“, sem langaði til að græða pening, fóru að birta myndir af „loðnum“ konum og stimpla þær druslur og sóðabrækur. Alvörudömur rökuðu sig hátt og lágt, hitt var ógeð. Það voru svo femínistar sem sögðu nei takk. Minn hárvöxtur kemur þér ekki við. Ég myndi gjarnan vilja klappa þessum kynsystrum mínum á bakið og þakka þeim fyrir, en staðreyndin er sú að hár er enn tabú, sérstaklega hjá konum. Ung stúlka lýsti fyrir mér óttanum við höfnun frá bólfélaganum ef hann yrði var við nokkrar krullur. Til að setja það í raunhæft samhengi þá spurði ég hana hvort hún myndi hafna lim með nokkrar krullur í kringum punginn? Henni fannst þetta ekki samanburðarhæft því það eru strákar, það er allt öðru vísi. Eins og okkar krullur séu geislavirkar og særi fingur. Ég spyr þig, eru þeirra hár frábrugðin okkar?

**KYNLÍF TAKTU ÞÁTT!**
Sendu Siggu Dögg póst og segðu henni frá vandamáli úr bólinu. Lausnin gæti birst í Fréttablaðinu.
kynlif@frettabladid.is




**SAMSTILLT ÁTAK** „Reyndar ber að taka fram að háreyðing kvenna var samstillt átak snyrtivöru- og markaðsfyrirtækja á seinustu öld.“


**KOMA FRAM Í KVÖLD** Pan er hér til vinstri en hann kemur fram ásamt föður sínum, Óskari Thorarensen, til hægri.

# Íslensk raftónlist ómar í Berlín

Tónleikar í tengslum við íslenska raftónlistarhátíð haldnir í Berlín í kvöld.

Íslenska raftónlistarhátíðin Extreme Chill Festival verður haldin í Berlín á næsta ári, en undanfarin fjögur ár hefur hún verið haldin í félagsheimilinu á Hellissandi. Í tengslum við hátíðina verða haldnir tónleikar í kvöld á skemmtistaðnum Urban Spree í miðbæ Berlínarborgar og munu íslenskir tónlistarmenn koma fram.

„Til okkar koma Stereo Hypnosis og Futuregrapher. Þetta verður örugglega magnað kvöld, flottir tónlistarmenn og góður skemmtistaður sem er afar vinsæll á meðal listafólks hér í Berlín,“ segir Pan Thorarensen skipuleggjandi hátíðarinnar. Pan segir að hugmyndin um að færa hátíðina út fyrir landsteinana hafi kviknað í fyrra.

„Við erum búin að vera á Hellissandi í fjögur ár og okkur langaði að halda upp á fimm ára afmælið með sérstökum hætti. Okkur langaði að kynna íslenska raftónlist í útlöndum og koma á samböndum milli íslenskra og erlendra raftónlistarmanna,“ segir Pan. Hann segir að ákvörðunin hafi vakið athygli á meðal fastagesta. „Einhverjir voru svekktir yfir að komast ekki á hátíðina, en allir sýndu þessu skilning.

> **Til okkar koma Stereo Hypnosis og Futuregrapher. Þetta verður örugglega magnað kvöld**

Ég hef heyrt af miklum áhuga fólks heima að koma út til Berlínar þegar hátíðin verður haldin í júlí á næsta ári.“ Auk þess að halda tónleika í kvöld mun Pan standa fyrir tónleikum í Berlín í janúar, mars og maí. Sem verða liður í kynningu fram að hátíðinni. Hátíðin verður svo aftur haldin á Hellissandi 2015.

kjartanatli@frettabladid.is

# Býflugnarækt fer afar vel saman við ávaxtarækt

Margrét Ísólfsdóttir er býflugnabóndi á Hvolsvelli. Hún sinnir býflugunum yfir sumartímann í einn til tvo klukkutíma á viku.

Býflugur hafa verið ræktaðar á Íslandi í nokkur ár með nokkrum árangri. Um það verður fjallað í fyrirlestri Ástríðar Pálsdóttur í Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði á Keldum í dag klukkan 12.20 til 13.00. Blaðamanni Fréttablaðsins lék forvitni á að vita hvernig þessi ræktun gengur fyrir sig og talaði við nýbakaða býflugnabóndann Margréti Ísólfsdóttur. Hún hóf býflugnarækt í sumar ásamt manni sínum eftir að þau fluttu á Hvolsvöll. Til þess að búa sig undir ræktunina sóttu þau yfirgripsmikið námskeið hjá Býflugnafélagi Íslands.

„Á námskeiðinu lærir maður hvernig á að rækta býflugur og umgangast þær, halda búunum á lífi og rækta drottningar.“

Býflugnafélag Íslands sér um innflutning á býflugum frá Álandseyjum. Það er eina landið sem er laust við mítil sem er padda sem lifir á býflugum. Fyrir nokkrum árum varð hrun í býflugnastofninum á heimsvísu, sem hefur mikil áhrif á matvælaframleiðslu, því að býflugur sjá um að frjóvga akra. „Það eru uppi getgátur um að ástæðan hafi verið eiturefni sem var úðað á akrana. Þessi eiturefni eru ekki notuð við íslenska matvælaframleiðslu og þetta hrun hefur ekki komið til Íslands.“ Margrét bendir á að býflugnaræktun fari vel saman við aðra ræktun.

„Það getur aukið uppskeru um þrjátíu til fjörutíu prósent.“ Margrét nýtir sér þetta og ræktar epli, perur, kirsuber, plómur, jarðarber og ýmiss konar salöt meðfram býflugunum.

Umstangið í kringum býflugnaræktunina fer eftir því hversu mörg bú maður er með, að sögn Margrétar. „Við erum bara með eitt bú sem maður þarf að hugsa um í um það bil klukkutíma eða tvo á viku. Það þarf einungis að sinna þessu yfir sumartímann. Yfir veturinn leggjast býflugurnar í hálfgerðan dvala sem heitir klasi.“

ugla@frettabladid.is


**FJÖLSKYLDUSPORT** Margrét Ísólfsdóttir, Þórður Freyr Sigurðsson og Þórdís Ósk Þórðardóttir stunda fjölskyldusportið. MYND/ERLA BERGLIND SIGURÐARDÓTTIR

# DEBENHAMS

*BB*

*Skin Perfecting Cream*
*sólvarnarstuðull (SPF) 25*
*Endurnærir. Verndar. Fullkomnar.*

Einstaklega falleg húð.

Einstök samblanda af dagkremi og farða. Dregur úr roða, gefur raka og orku ásamt því að veita ljóma, ferskleika og útgeislun. Clarins er í 1. sæti þegar kemur að lúxus-húðsnyrtivörum á Evrópumarkaði**.

***Heimild: European Forecasts*




CLARINS KYNNING
Í DEBENHAMS
21. – 27. NÓVEMBER.
GLÆSILEGUR KAUPAUKI
FYLGIR MEÐ
BB KREMUM FRÁ CLARINS.






CLARINS

Finndu okkur á facebook

Gerðu lífið skemmtilegra

DEBENHAMS – SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

# Sól í Tógó halda uppboð til styrktar barnaheimili í Tógó

Margir þjóðþekktir listamenn gefa vinnu sína. Olíumálverk af norsku vorblómi eftir Eggert Pétursson er meðal verkanna á uppboðinu.



Samtökin Sól í Tógó standa fyrir myndlistaruppboði í Hannesarholti þann 30. nóvember næstkomandi. Alda Lóa Leifsdóttir hjá samtökunum Sól í Tógó segir að markmiðið með uppboðinu sé að safna fyrir því sem upp á vantar til að byggja húsnæði fyrir börnin sem njóta verndar samtakanna. Margir þjóðþekktir listamenn gefa vinnu sína á uppboðið, en ágóðinn rennur allur til samtakanna.

Eggert Pétursson myndlistarmaður er einn þeirra sem gefa mynd á uppboðið. Fréttablaðið hafði samband við hann. Eggert segist hafa slegið til vegna þess að honum leist vel á málefnið og það vildi svo til að hann var einmitt að leggja lokahönd á pínulítið olíumálverk (18×18 sentimetrar) sem honum fannst hæfa tilefninu.

Myndin sem verður boðin upp á myndlistaruppboðinu er af blómi. „Aldrei þessu vant er þetta norskt blóm en ekki íslenskt. Ég dvaldi mikið síðasta vetur í Noregi og var aðeins að skoða það sem ég fann. Þetta er lítið, blátt skógarblóm sem birtist á vorin þegar snjóa leysir og heitir „bláveis“,“ segir Eggert.

Sól í Tógó fékk styrk frá Þróunarsamvinnustofnun til að byggja húsnæði yfir þessa krakka sem eru um hundrað talsins. Húsnæðið á að vera tilbúið í mars. Þegar hefur verið keypt landsvæði og byggður veggur í kringum eignina. Veggurinn hindrar annað fólk í að byggja á landinu. „Ef maður festir sér hús þarna er ekki nóg að vera með pappírana upp á það. Maður þarf að byggja vegg til þess að koma í veg fyrir að aðrir byggi hús á landareigninni í leyfisleysi,“ segir Alda.

ugla@frettabladid.is






**ÚT UM ALLT** Sigur Rós er nú á síðasta hluta tónleikaferðlags síns um heiminn. NORDICPHOTOS/GETTY

## Síðasti hluti Sigur Rósar

Hljómsveitin Sigur Rós hóf um liðna helgi síðasta hluta af tónleikaferðlagi sínu um heiminn. Fram undan eru tónleikar víða um Evrópu en sveitin hefur verið á tónleikaferðalagi frá því í júlí árið 2012. Sveitin hefur farið um allan heim og verið að kynna nýjustu plötu sína sem ber nafnið Kveikur. Stór hljómsveit, ellefu manns, er á sviðinu á tónleikaferðalaginu.

Sigur Rós hefur gefið út sjö breiðskífur og er Kveikur fyrsta plata sveitarinnar eftir að Kjartan Sveinsson hljómborðsleikari hætti í sveitinni, fyrir utan fyrstu plötu sveitarinnar, Von.

- glp



**SAFNAÐI Á NETINU** Íris fékk aðstoð Karolinafund við að gefa út sína nýjustu plötu, Penumbra. MYND/NANNA DÍS

## Fékk aðstoð við fjármögnunina

Tónlistarkonan ÍRiS hefur sent frá sér hljómplötuna Penumbra. Plötuna fjármagnaði ÍRiS sjálf en prentunin var fjármögnuð í gegnum fjármögnunarsíðuna Karolinafund.

Hún er tekin upp í Sundlauginni, sem er stúdíó Sigur Rósar, og einnig í Gróðurhúsinu og var líka hljóðblönduð þar.

Á plötunni leikur ÍRiS sér með andstæður í tónlist og tvinnar hefðbundin hljóðfæri á borð við selló, píanó og antíkhljóðfæri saman við ýmsa rafhljóðgjafa. Niðurstaðan verður lifandi samsetning sem er í senn lífræn og rafræn. Nafn plötunnar er tilvísun í þessa nálgun, en Penumbra táknar það svæði þar sem algjört myrkur og algjört ljós mætast, eða í þessu tilviki, þar sem andstæður í tónlist mætast.

Platan hefur fengið prýðisdóma og gaf til að mynda Iceland Review plötunni fimm stjörnur.

- glp

Matfugl

10 ára afmæli 2003 - 2013



**Við fögnum 10 ára afmæli og bjóðum því lausfrystar íslenskar kjúklingabringur og kjúklingaleggi með sérstökum afmælisafslætti í eftirtöldum verslunum**

...á meðan birgðir endast




Þú færð lausfrystar kjúklingabringur
og lausfrysta kjúklingaleggi í frystum eftirtalinna verslana

Íslensk framleiðsla

KRÓNAN

BÓNUS

FK FJARÐARKAUP

kostur

Iceland

TAKTIK/4089/12NOV13

# Frægir sem létust árið 2013

Ólöf Skaftadóttir
olof@frettabladid.is

**Hæfileikaríkir listamenn, farsælir stjórnmálamenn, fjölmiðlamenn, kaupsýslumenn og virtir gagnrýnendur létust á árinu sem er að líða. Hér er stuttlega farið yfir feril nokkurra þeirra.**



## HARRY REEMS
**F. 27. 8. 1947 † D. 19. 3. 2013**

Reems var amerísk klámmyndastjarna, best þekktur fyrir hlutverk sitt í kvikmyndinni Deep Throat frá árinu 1972. Hann var ein skærasta stjarna klámmyndaiðnaðarins á áttunda áratugnum en settist í helgan stein árið 1989. Reems, sem hét réttu nafni Herbert Streicher, lést 19. mars í Salt Lake City í Utah.



## RAY MANZAREK
**F. 12. 02. 1939 † D. 20. 05. 2013**

Hljómborðsleikari og stofnandi The Doors lést 20. maí, 74 ára gamall. Manzarek átti stóran þátt í hinum sérstæða hljómi Doors, með spili á Vox Continental-orgel sitt. Doors er líkast til þekktust fyrir söngvara sveitarinnar, Jim Morrison, sem var einn af tákngervingum hippakynslóðarinnar.



## DENNIS FARINA
**F. 29. 2. 1944 † D.22. 7. 2013**

Farina var þekktur leikari í sjónvarpi og kvikmyndum. Hann var ef til vill hvað best þekktur fyrir hlutverk sín sem Jimmy Serrano í Midnight Run, Ray „Bones" Barboni í Get Shorty og sem rannsóknarlögreglumaðurinn Joe Fontana í Law & Order. Hann lést 22. júlí, 69 ára gamall.



## DAVID FROST
**F. 7. 4. 1939 † D. 31. 8. 2013**

Breski sjónvarpsmaðurinn David Frost lést 31. ágúst, 74 ára að aldri. Hann lést úr hjartaáfalli um borð í skemmtiferðaskipinu Queen Elizabeth. Frost öðlaðist heimsfrægð þegar hann tók viðtal við Richard Nixon, fyrrverandi forseta Bandaríkjanna, á áttunda áratug síðustu aldar þar sem Nixon baðst afsökunar á þætti sínum í Watergate-hneykslinu. Ferill hans hófst árið 1962 þegar hann stýrði þættinum That Was the Week That Was fyrir breska ríkisútvarpið BBC.



## ROGER EBERT
**F. 18. 6. 1942 † D. 4. 4. 2013**

Kvikmyndagagnrýnandinn Roger Ebert lést 4. apríl, sjötugur að aldri. Ebert, sem hefur skrifað fyrir Chicago Sun-Times í 46 ár, missti röddina og stóran hluta kjálkans vegna uppskurðar sem hann þurfti að gangast undir vegna krabbameins árið 2006. Hann hafði glímt við meinið allt frá árinu 2002. Síðustu árin gat hann hvorki borðað né drukkið. Ebert vann fyrstur kvikmyndagagnrýnenda til Pulitzer-verðlauna árið 1975.



## JAMES GANDOLFINI
**F. 18. 9. 1961 † D. 19. 6. 2013**

Gandolfini var ef til vill best þekktur fyrir hlutverk sitt sem Tony Soprano í The Sopranos. Gandolfini dó úr hjartaáfalli 19. júní, aðeins fimmtíu og eins árs gamall. Hann var staddur í fríi í Róm á Ítalíu ásamt syni sínum þegar hann lést.



## LEE THOMPSON YOUNG
**F. 1. 2. 1984 † D. 19. 8. 2013**

Leikarinn og fyrrverandi Disney-stjarnan Lee Thompson Young lést 19. ágúst, aðeins 29 ára að aldri. Að sögn kynningarfulltrúa hans framdi hann sjálfsmorð. Lee lék titilhlutverkið í Disney-seríunni The Famous Jett Jackson seint á tíunda áratug 20. aldar. Hann fór líka með hlutverk í þáttum á borð við Friday Night Lights, Smallville, Scrubs og nú síðast í Rizzoli & Isles.



## ELMORE LEONARD
**F. 11. 10. 1925 † D. 20. 8. 2013**

Bandaríski glæpasagnahöfundurinn lést 20. ágúst, 87 ára að aldri, í kjölfar heilablóðfalls. Leonard skrifaði 45 skáldsögur á ferli sínum og vann að þeirri 46. þegar hann lést. Þekktustu bækur hans eru þær sem urðu síðar að kvikmyndum og má þar nefna Get Shorty, Out of Sight, Mr. Majestyk og Rum Punch, en þá síðastnefndu kvikmyndaði leikstjórinn Quentin Tarantino undir nafninu Jackie Brown.



## CAL WORTHINGTON
**F. 27. 11. 1920 † D. 8. 9. 2013**

Var eitt sinn eiginmaður Önnu Mjallar Ólafsdóttur, en hann lést 92 ára að aldri 8. september. Cal var þekktur bílasali í Bandaríkjunum og hagnaðist vel á sölunni. Hann gekk að eiga Önnu Mjöll í apríl árið 2011. Hjónabandið varð ekki langlíft og í lok árs komu fréttir af því að Anna Mjöll hefði sótt um skilnað frá honum. Um fimmtíu ára aldursmunur var á hjónunum.



## MARGARET THATCHER
**F. 13. 10. 1925 † D. 8. 4. 2013**

Fyrrverandi forsætisráðherra Bretlands lést úr heilablóðfalli 8. apríl, 87 ára að aldri. Thatcher barónessa var forsætisráðherra Bretlands á árunum 1979-1990. Hún varð fyrsta konan til að gegna því embætti á Bretlandi. Hún varð þingmaður árið 1959 og lét af þingmennsku 1992. Thatcher gegndi líka embætti menntamálaráðherra árið 1970. Árið 1975 bauð hún sig svo fram í leiðtogasæti breska Íhaldsflokksins gegn þáverandi leiðtoga, Edward Heath. Undir hennar stjórn vann flokkurinn þingkosningar árið 1979, 1983 og 1987.



## CORY MONTEITH
**F. 11. 5. 1982 † D. 13. 7. 2013**

Monteith var hvað þekktastur fyrir að leika Finn Hudson í þáttunum Glee. Hann lést eftir að hafa tekið of mikið af heróíni og drukkið áfengi í óhóflegu magni á hótelherbergi í Vancouver 13. júlí. Hann hafði háð opinbera baráttu við fíkn sína og hafði farið oft í meðferð, síðast í apríl á þessu ári.



## LOU REED
**F. 2. 3. 1942 † D. 27. 10. 2013**

Hinn heimsþekkti tónlistarmaður Lou Reed lést 27. október, 71 árs að aldri. Reed er hvað þekktastur fyrir störf sín sem gítarleikari, söngvari og lagahöfundur Velvet Underground. Hann átti einnig farsælan sólóferil. Tónlistarmaðurinn kom hingað til lands árið 2004 og hélt tónleika í troðfullri Laugardalshöll.

# ÚTSÖLU-MARKAÐUR

INTERSPORT

MIÐHRAUNI 2 GARÐABÆ / EKKI MISSA AF ÞESSU

# HEFST Í DAG!




GOLF-VÖRUR

SKÓR

FRÁBÆRT VERÐ!

Gerðu góð kaup fyrir jólin!

ÍÞRÓTTA-FATNAÐUR

**ÚTSÖLUMARKAÐUR INTERSPORT** / MIÐHRAUNI 2, 210 GARÐABÆ / **OPIÐ: MÁNUDAGA - LAUGARDAGS 13:00 - 18:00.** LOKAÐ SUNNUDAG.

LAUGARÁS BÍÓ




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| THE COUNSELOR | 8, 10:30 | 16 |
| CARRIE | 10:30 | 16 |
| PHILOMENA | 5:50, 8, 10:10 | 12 |
| AULINN ÉG 2 - ÍSL TAL | 5:50 2D | L |
| FURÐUFUGLAR - ÍSL TAL | 6 2D | L |
| CAPTAIN PHILLIPS | 8 | 14 |

SAMBÍÓIN




| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| ENDER'S GAME | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 10 |
| ENDER'S GAME VIP | KL. 5:30 - 8 | VIP |
| ESCAPE PLAN | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 16 |
| THOR - DARK WORLD 3D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| THOR - DARK WORLD VIP 2D | KL. 10:30 | VIP |
| BAD GRANDPA | KL. 5:50 - 8 | 12 |
| GRAVITY 2D | KL. 10:10 | 12 |
| PRISONERS | KL. 6 - 9 | 16 |
| **SAMBÍÓIN EGILSHÖLL** | | |
| ENDER'S GAME | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 10 |
| ESCAPE PLAN | KL. 8 - 10:30 | 16 |
| THOR - DARK WORLD 3D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| BAD GRANDPA | KL. 5:50 - 10:10 | 12 |
| GRAVITY 3D | KL. 8 | 12 |
| **SAMBÍÓIN KRINGLUNNI** NÚMERUÐ SÆTI | | |
| ENDER'S GAME | KL. 5:30 - 8 -10:30 | 10 |
| ESCAPE PLAN | KL. 8 - 10:30 | 16 |
| THOR - DARK WORLD 2D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| DISCONNECT/HEILABROTINN | KL. 5:20 | 12 |
| **SAMBÍÓIN KEFLAVÍK** | | |
| ENDER'S GAME | KL. 8 - 10:30 | 10 |
| ESCAPE PLAN | KL. 10:20 | 16 |
| THOR - DARK WORLD 3D | KL. 8 | 12 |
| **SAMBÍÓIN AKUREYRI** | | |
| ENDER'S GAME | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 10 |
| ESCAPE PLAN | KL. 10:30 | 16 |
| THOR - DARK WORLD 3D | KL. 5:30 - 8 | 12 |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




| SMÁRABÍÓ | AUKAKRÓNUR 5% | |
|---|---|---|
| THE COUNCELOR | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| THE COUNCELOR LÚXUS | KL. 5 - 10.30 | 16 |
| THE STARVING GAMES | KL. 6 - 8 - 10 | 10 |
| CARRIE | KL. 8 - 10.15 | 16 |
| FURÐUFUGLAR 2D | KL. 3.20 - 5.40 | L |
| FURÐUFUGLAR 3D | KL. 3.20 | L |
| CAPTAIN PHILIPS | KL. 5 - 8 | 14 |
| INSIDIUS CHAPTER 2 | KL. 10.45 | 16 |
| TÚRBÓ 2D ÍSL.TAL | KL. 3.30 | L |

| HÁSKÓLABÍÓ | AUKAKRÓNUR 5% | |
|---|---|---|
| BLACKFISH | KL. 6 - 8 | 12 |
| SKYTTEN | KL. 10.15 | 12 |
| PHILOMENA | KL. 5.45 - 8 | 14 |
| CAPTAIN PHILIPS | KL. 10 | 12 |
| GRAVITY 3D | KL. 8 - 10.15 | 16 |
| KONAN Í BÚRINU | KL. 10 | 12 |
| MÁLMHAUS | KL. 5.45 | 12 |
| HROSS Í OSS | KL. 6 - 8 | 12 |

| BORGARBÍÓ | NÁNAR Á MIÐI.IS | |
|---|---|---|
| THE COUNCELOR | KL. 8 - 10.10 | 16 |
| THE STARVING GAMES | KL. 6 | 10 |
| CARRIE | KL. 10.30 | 16 |
| CAPTAIN PHILIPS | KL. 8 | 14 |



**BARNSHAFANDI** Ginnifer á von á barni með unnusta sínum.

## Fyrsta barn á leiðinni

Leikkonan Ginnifer Goodwin á von á sínu fyrsta barni með unnusta sínum, Josh Dallas. Parið leikur saman í sjónvarpsþáttunum Once Upon a Time. Ginnifer og Josh hafa verið saman síðan í mars á síðasta ári og tilkynntu um trúlofun sína í október síðastliðnum, aðeins nokkrum dögum eftir að Josh bað sinnar heittelskuðu.

Ginnifer var áður trúlofuð leikaranum Joey Kern en Josh var kvæntur leikkonunni Löru Pulver. Þau skildu árið 2011 eftir fjögurra ára hjónaband.

- lkg

## Þetta er staðan

**BAKÞANKAR**
Dóra DNA



Forsætisráðherra plataði sig inn í embætti sagði einhverja vitleysu, var tekinn trúanlega og er lentur í embættinu og þar með eigin gamanmynd. Síðan þá hefur hvert djókið rekið annað. Mismunandi skór með Obama, missti af *grand entrance* Margrétar Danadrottningar í Þjóðleikhúsinu á meðan hann var á klósettinu og borðaði svo snittur af svo mikilli áfergju að lífverðir hennar voru næstum búnir að snúa hann niður og berja hann. Homer Simpson er forsætisráðherra. Þetta er staðan.

**ÉG** vona svo innilega að skuldir heimilanna verði lækkaðar og að Sigmundur Davíð rúnti niður laugaveginn á Cadillac með Lite bjór í annarri og laxabrauð í hinni, öskrandi HVERNIG FÍLIÐI MIG NÚNA. Því þá og aðeins þá vinna allir.

**EN** á meðan það eru ekki allir algjörlega sammála því að lækka skuldir heimilanna þá verður það fáránlega erfitt. Þetta er ekki kalt mat, þetta er staðan.

**SKILABOÐIN** í niðurstöðu prófkjörs Sjálfstæðisflokksins eru skýr: Við þolum ekki konur, við þolum ekki ungt fólk, við þolum ekki nútímann, við hötum framtíðina, okkur er nokkuð sama um Reykjavík, við dýrkum karla í of stórum jakkafötum og við elskum völd Þetta er staðan.

**ÉG** get samt ekki annað en haldið með Halldóri Halldórssyni. Af augljósum ástæðum.

**ELSKU** strákarnir okkar töpuðu í Zagreb. Við elskum þá samt. Útrásarvíkingarnir gerðu ekkert af sér, aldrei, enginn. Stjórnarandstaðan er í fríi, þau eru öll að gefa út bækur til að endurskrifa síðasta kjörtímabil. Íslendingar munu aldrei ganga í Evrópusambandið. Aldrei nokkurn tíma. Frekar göngum við í Varsjárbandalagið. Staðan.

**STJÓRNMÁLAAFL** Besta flokksins mælist með yfir 30% fylgi í Reykjavík. Framtíðin er björt í Reykjavík. Það er staðan.

**STAÐAN** er ruglingsleg. Það er erfitt að sjá hver er að sigra. Hún er 14-2. Og það er algjörlega afstætt fyrir hverjum.

# Tilvonandi stýrimenn með Erpi í brúðkaupsferðalag

**Erpur Eyindarson verður fararstjóri í útskriftarferð Stýrimannaskólans til Kúbu í janúar og verða sömu staðir og Jay-Z og Beyoncé fóru á í brúðkaupsferðalagi sínu heimsóttir. Hann stendur einnig fyrir Kúbanskri kvikmyndaviku sem hefst í kvöld í Bíói Paradís. Á hátíðinni verða kúbanskar stórmyndir sýndar.**

„Þetta verður í fyrsta skipti sem ég fer til Kúbu sem fararstjóri," segir Erpur Eyvindarson tónlistarmaður, sem verður fararstjóri í útskriftarferð Stýrimannaskólans til Kúbu í janúar. „Menn vita að ég þekki allt sem er að gerast hjá ungu fólki á Kúbu. Ég þekki allt sem er sérstakt, allt sem er ekki í alfaraleið. Þeir hjá Stýrimannaskólanum höfðu því samband við mig. Þessi ferð verður rosaleg," segir Erpur. Hann er nú þegar búinn að skipuleggja ferðalagið ansi gaumgæfilega.

„Við förum í nokkra leiðangra. Ég tek byltinguna fyrir, við skoðum líka starfsemi mafíunnar fyrir byltingu og svo munu strákarnir fá Jay-Z- og Beyoncé-túrinn. Við munum heimsækja sömu staði og hjónin heimsóttu í brúðkaupsferð sinni. Ég er búinn að komast að því hvað þau átu og drukku og strákarnir fá smjörþefinn af því," bætir Erpur við.



**ÞEKKIR KÚBU** Erpur Eyvindarson er öllum hnútum kunnugur á Kúbu.

Erpur hefur rík tengsl við Kúbu. Hann hefur dvalið þar langtímum saman og þekkir landið vel.

„Ég hef verið þarna samtals hátt í tvö ár af lífi mínu. Ég hef ferðast mikið um landið, finnst það nauðsynlegt," segir Erpur og rifjar upp tíma á sérstökum stað: „Nýlega var ég í borginni Baracoa í austurhluta landsins. Það er ótrúlega fallegur staður. Ekkert ferðamannabull. Bara huggulegur, heimilislegur og notalegur staður. Maður labbar um í hálftíma og er þá kominn inn í frumskóg. Hreinlega magnað að upplifa þetta."

Erpur er ekki eingöngu að fara með Íslendinga til Kúbu, hann er einnig að koma með part af Kúbu til Íslands. „Í dag hefst Kúbönsk kvikmyndavika í Bíói Paradís. Sýndar verða sex frábærar kvikmyndir sem allir verða að sjá," segir Erpur. Hann hefur kynnt sér kúbanska kvikmyndagerð afar vel. „Það er magnað hvað Kúbaninn er duglegur að dæla út myndum. Kvikmyndaiðnaðurinn á Kúbu tók stakkaskiptum eftir byltinguna. Fyrir það voru menn kannski í mesta lagi að taka upp klámmyndir á hótelherbergjum. En eftir byltinguna hafa komið út margar stórmyndir," segir Erpur. Kvikmyndaskólinn á Kúbu er virtur og þekktur um allan heim.

„Skólinn er mikið sóttur af fólki frá Suður-Ameríku og í raun af fólki víða að úr heiminum. Bara núna í fyrradag hitti ég stelpu frá Chile sem hafði farið í skólann." Kvikmyndavikan hefst með formlegum hætti í Bíói Paradís klukkan 19 í kvöld. Kúbönsk tónlist verður leikin og meðal annars verður boðið upp á kúbanskt romm og annað góðgæti.

kjartanatli@frettabladid.is



**FALLEG BORG** Baracoa á Kúbu er einn af uppáhaldsstöðum Erps.

BÍÓ ★ PARADÍS EUROPA CINEMAS




SJÁ SÝNINGARTÍMA Á WWW.BIOPARADÍS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...
bannað er að mismuna börnum eftir því hvað foreldar þeirra gera.


MARK LANEGAN
with special guest Duke Garwood
AUKATÓNLEIKAR
1.DESEMBER 2013
FRÍKIRKJAN Í REYKJAVÍK
Miðasala hafin
RÁS 2
midi.is
IMITATIONS
In Stores Sep 17
BLACK PUDDING
In Stores Now
www.marklanegan.com / @MarkLanegan / facebook.com/marklanegan

## Hallbera sagði nei við fjögur félög



Hallbera Guðný Gísladóttir, landsliðskona í fótbolta, ætlar að taka sér sinn tíma til að finna sér nýtt lið en hún hætti á dögunum hjá sænska liðinu Piteå þar sem hún hefur spilað undanfarin tvö ár.

„Ég hef ekkert ákveðið ennþá. Ég er búin að segja nei við fjögur lið í Noregi og Svíþjóð. Mér finnst norska deildin ekki alveg nógu spennandi. Það er ekki útilokað að ég komi heim en ég er ekki búin að ákveða það,“ sagði Hallbera við Fréttablaðið í gær.

„Ég ætla að sjá hvað er í boði og ef það er eitthvað spennandi þá skoða ég það. Ef að það er eitthvað sem ég er ekki spennt fyrir þá er alveg eins gott að koma heim. Ég er með umboðsmann sem sér um þetta og hann sendir mér reglulega upplýsingar um hvaða félög eru að tala við hann,“ sagði Hallbera. **- óój**

## Ég er svolítið stressaður

**FÓTBOLTI** „Mér líður mjög vel og ég er líka svolítið stressaður. Þetta er risaskref fyrir mig,“ segir Hólmbert Aron Friðjónsson sem í gær skrifaði undir fjögurra ára samning við skoska stórliðið Celtic.

Þessi tvítugi framherji sló í gegn með Fram í Pepsi-deildinni í sumar og er nú kominn til besta liðs Skotlands sem tekur árlega þátt í Meistaradeildinni.

„Ég fer út 4. desember og kem svo heim um jólin. Fer svo aftur út rétt fyrir áramót. Þetta verður mikil barátta og ég þarf að leggja hart að mér. Ég fæ vonandi tækifæri ef ég verð duglegur og stend mig vel á æfingum.“

Þjálfari liðsins er harðjaxlinn Neil Lennon og Hólmbert segist hafa átt gott spjall við hann.

„Hann er mjög ánægður með mig og vill fá mig í hópinn sem fyrst. Hann segist hlakka til að fá mig og vonandi fæ ég bara að spila sem fyrst fyrir hann,“ segir Hólmbert en hann gerir sér grein fyrir því að samkeppnin er mikil.

„Ég labba ekkert inn í liðið, ég veit það vel. Ég mun setja mér markmið á næstu dögum en ég vil fá að spila.“

Framherjinn ungi segir að síðustu dagar hafi verið mikið ævintýri.

„Þetta er búið að vera svakalegt. Gott að þessi mál eru öll í höfn. Ég er svona smám saman að meðtaka það sem var að gerast. Þetta er bara alveg frábært.“ **- hbg**



**HÓLMBERT ARON FRIÐJÓNSSON.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**FANN MIKIÐ TIL** Pálína Gunnlaugsdóttir meiddist í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

## Pálína endaði leik í sjúkrabíl

**KÖRFUBOLTI** Haukakonur fögnuðu sínum fjórða sigri í röð í Dominos-deild kvenna í körfubolta í gærkvöldi þegar liðið vann 86-68 sigur á Grindavík og tók um leið af þeim þriðja sætið.

Lele Hardy var með 31 stig og 20 fráköst fyrir Hauka, Margrét Rósa Hálfdanardóttir skoraði 14.

Pálína Gunnlaugsdóttir, besti leikmaður úrvalsdeildar kvenna undanfarin tvö tímabil og núverandi leikmaður Grindavíkur, meiddist illa á hné í leiknum en Grindavík tapaði þarna þriðja leik sínum í röð.

Sjúkraþjálfari Keflavíkurliðsins vissi ekki um alvarleika meiðslanna í samtali við blaðamann Vísis og Fréttablaðsins en bjóst ekki við að Pálína hefði slitið krossband. Hún var flutt í burtu af leikstað í sjúkrabíl. **- óój**

## Lars áfram með landsliðið

**FÓTBOLTI** Lars Lagerbäck og Heimir Hallgrímsson verða áfram með íslenska karlalandsliðið í næstu undankeppni ef marka má mat Geirs Þorsteinssonar, formanns KSÍ, á stöðu mála en Geir segir að ætlunin sé að ganga frá nýjum tveggja ára samningi á næstunni.

„Það eru allar líkur á því að Lars Lagerbäck verði áfram landsliðsþjálfari,“ sagði Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ, í fréttum Stöðvar 2 í gær. **- óój**

## Norðurlandaþjóðir á HM í fótbolta

HM 2014 - Engin
HM 2010 - Danmörk (24. sæti)
HM 2006 - Svíþjóð (14. sæti), Svíþjóð (13. sæti)
HM 2002 - Danmörk (10. sæti)
HM 1998 - Danmörk (8. sæti), Noregur (15. sæti)
HM 1994 - Svíþjóð (3. sæti), Noregur (17. sæti)
HM 1990 - Svíþjóð (21. sæti)
HM 1986 - Danmörk (9. sæti)
Hm 1982 - Engin

**ÞESSAR ÞJÓÐIR VERÐA Á HM 2014**

**Evrópa (13):** Holland, Ítalía, Belgía, Sviss, Þýskaland, Rússland, Bosnía, England, Spánn, Grikkland, Króatía, Portúgal og Frakkland.

**Suður-Ameríka (6):** Brasilía, Argentína, Kólumbía, Síle, Ekvador og Úrúgvæ.

**Norður- og Mið-Ameríka (4):** Kosta Ríka, Bandaríkin, Hondúras og Mexíkó.

**Asía og Eyjaálfa (4):** Japan, Ástralía, Íran og Suður-Kórea.

**Afríka (5):** Nígería, Fílabeinsströndin, Kamerún, Gana og Alsír.

# Mjög góð lending fyrir mig

**Landsliðsmaðurinn Rúnar Kárason hefur yfirgefið herbúðir Rhein-Neckar Löwen og mun spila með öðru úrvalsdeildarliði, Hannover-Burgdorf, út þessa leiktíð. Hann kveður Löwen sáttur þó svo hann hefði gjarna viljað fá að spila meira hjá Guðmundi Guðmundssyni. Rúnar mun fá að spila mikið hjá Hannover.**

**HANDBOLTI** „Hluti af þessu starfi er að hlutirnir breytast oft fljótt. Ég átti von á þessu en hélt samt að það myndi ekki gerast fyrr en í janúar,“ segir Rúnar Kárason sem mjög óvænt er orðinn leikmaður þýska úrvalsdeildarliðsins Hannover-Burgdorf.

Hann fer þangað frá liði Guðmundar Guðmundssonar, Rhein-Neckar Löwen, en spilatíminn hjá Löwen var afar takmarkaður.

„Þetta er mjög góð lending fyrir mig. Þetta er gott lið í sjöunda sæti deildarinnar og aðeins tveim sætum fyrir neðan Löwen. Hérna á ég möguleika á því að spila mun meira. Ég er því mjög sáttur.“

Rúnar fékk póst frá Hannover á föstudeginum og svo var búið að ganga frá skiptunum á sunnudag. Rúnar var á sínum tíma fenginn til þess að leysa Alexander Petersson af hólmi þar sem hann væri meiddur. Hann kom svo til baka.

„Þegar Lexi kom til baka fékk umboðsmaðurinn minn þau skilaboð að þeir vildu losna við mig. Vildu ekki vera að greiða þremur mönnum sem spila sömu stöðu. Ég get alveg skilið það.“

### Ósáttur við fá tækifæri

Spánverjinn Guardiola hefur aðallega verið í því að leysa Alexander af hólmi og það var Rúnar ekki sáttur við.

„Gummi mat það þannig að ég væri síðri en Spánverjinn en ég er einstaklega ósammála honum þar. Mér fannst ég ekki fá þau tækifæri sem ég átti skilið að fá. Þegar ég síðan fékk að spila þá spilaði ég vel. Ég skammast mín ekki fyrir eina sekúndu sem ég spilaði fyrir Löwen. Auðvitað var svekkjandi að fá ekki fleiri tækifæri og ég er viss um að ef ég hefði fengið jafn mörg tækifæri og Guardiola þá hefði ég leyst það betur en hann,“ sagði Rúnar ákveðinn en hann er þrátt fyrir lítinn spilatíma alls ekkert ósáttur við Guðmund þjálfara.

„Hann leyfði mér að fara og ég átti allt eins von á því að hann myndi ekki leyfa mér það. Hann yrði það stressaður að eitthvað myndi gerast með meiðsli leikmanna. Við skiljum í góðu. Hann var mjög fagmannlegur og greindi mér alltaf frá stöðu mála. Hann er góður þjálfari.“




**BJART FRAM UNDAN** Rúnar fer nú til félags þar sem hann fær að spila meira en hann hefur gert hjá Löwen. Hann fær því að sanna sig almennilega í vetur og veitir ekki af þar sem hann verður samningslaus næsta sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### Tók Grétar Sigfinn á þetta

Þegar Rúnar fékk ekki tækifæri ákvað hann að leggja harðar að sér í stað þess að leggjast niður og grenja.

„Ég tók bara Grétar Sigfinn á þetta. Það var ekkert annað í stöðunni. Þeir sáu það, þjálfararnir, að það var meiri kraftur í mér. Ég æfði aukalega og það hjálpaði mér þegar ég fékk tækifæri næst. Ég hef svo haldið áfram að æfa svona vel. Mér leið mjög vel hjá Löwen og féll vel inn í hópinn. Þetta var virkilega skemmtilegur tími sem ég sé ekkert eftir.“

Skyttan örvhenta var samningsbundin Löwen til loka ársins. Hannover tekur við þeim samningi þannig að Rúnar er alltaf samningslaus næsta sumar.

„Þarna fæ ég að spila mikið og get sýnt mig eitthvað í deildinni fyrir framhaldið. Þeir voru að missa tvo örvhenta leikmenn og eiga að spila fimm leiki á næstu fjórtán dögum. Það verður því nóg að gera. Ég er graður í að spila og hlakka bara til.“

### Flutt frítt í boði Löwen

Rúnar er nýorðinn faðir og á um mánaðargamlan son. Hann þarf því að rífa fjölskylduna upp á nýjan leik. Sjálfur er hann kominn til Hannover en von er á konu hans og barni í næstu viku.

„Þar sem Löwen vildi losna við mig þá munu þeir bera allan kostnað af flutningnum. Það koma því menn og pakka og taka svo allt upp á hinum staðnum.“

Það eru líka góð tíðindi fyrir landsliðið að Rúnar sé að fara að spila á fullu en of margir landsliðsmenn okkar eru að spila lítið.

„Ég mun spila átta leiki fyrir jól en kem samt í góðu formi enda æfa allir vel hjá Gumma. Ég næ að stimpla mig inn fyrir landsliðið. Ég er mjög spenntur fyrir því og það var mjög leiðinlegt að missa af síðasta verkefni en þá var sonur minn að fæðast. Ég vona svo sannarlega að ég komist með liðinu á EM í janúar,“ segir Rúnar en hann spilar sinn fyrsta leik fyrir Hannover um næstu helgi. **henry@frettabladid.is**

# Engar frændþjóðir á HM í fótbolta í Brasilíu

**Það hefur ekki gerst í meira en þrjá áratugi að engin Norðurlandaþjóð sé með á heimsmeistaramótinu.**

**FÓTBOLTI** Nú er orðið ljóst hvaða 32 þjóðir taka þátt í tuttugustu heimsmeistarakeppninni í fótbolta sem fer fram í Brasilíu næsta sumar en síðustu þjóðirnar tryggðu sér farseðilinn í umspilsleikjum í vikunni.

Íslenska karlalandsliðið hefur aldrei verið svona nálægt því að tryggja sér sæti á HM og var í raun næst því af Norðurlandaþjóðunum að komast á HM. Svíar voru líka í umspilinu en töpuðu báðum leikjum sínum á móti Cristiano Ronaldo og félögum í Portúgal.

Það verða því engar frændþjóðir á HM en þetta er í fyrsta sinn í 32 ár sem engin Norðurlandaþjóð nær að komast í gegnum undankeppni heimsmeistarakeppninnar. Danir, Svíar eða Norðmenn hafa verið með á síðustu sjö heimsmeistaramótum eða allt frá því að danska dínamítið sló í gegn á HM í Mexíkó 1986. Danir voru einu fulltrúar Norðurlandanna á HM í Suður-Afríku fyrir að verða fjórum árum.

Svíar og Danir voru næstir því að komast á HM á Spáni 1982. Svíar voru aðeins einu stigi á eftir Norður-Írum í sínum riðli og það dugði ekki Dönum að sigra verðandi heimsmeistara Ítala með þremur mörkum gegn einu á lokasprettinum því þeir enduðu fjórum stigum á eftir Ítölum. Ísland endaði þá í 4. sæti í sínum riðli (á undan Tyrklandi) en heimamenn Finnar og Norðmenn urðu neðstir í sínum riðli. **- óój**

**Í FRÍI Í SUMAR** Svíinn Zlatan Ibrahimovic er hugsanlega skærasta knattspyrnustjarnan sem missir af HM í Brasilíu næsta sumar. MYND/AFP






Harðviðarval ehf | Krókhálsi 4 | 110 Reykjavík | Sími 567 1010 | www.parket.is








# Okkar fjögurra blaða Eiður Smári

Fréttablaðið hefur tekið saman tíu stærstu stundirnar á mögnuðum sautján og hálfs árs landsliðsferli knattspyrnumannsins Eiðs Smára Guðjohnsen sem kvaddi landsliðið með tárin í augunum í Króatíu á þriðjudagskvöldið. Byrjunin og endirinn voru í heimsfréttunum.

**FÓTBOLTI** Á þriðjudagskvöldið voru liðin 17 ár, 6 mánuðir og 26 dagar síðan Eiður Smári Guðjohnsen spilaði sinn fyrsta A-landsleik og það er hætt við því að íslenska þjóðin hafi klökknað með honum þegar hann brotnaði niður í beinni sjónvarpsútsendingu og tilkynnti að hann væri búinn að spila sinn síðasta landsleik.

Það er samt við hæfi að Eiður Smári hætti með landsliðinu á hæsta stalli í sögu þess þótt markmiðið hafi alltaf verið að enda landsliðsferilinn á HM í Brasilíu næsta sumar. Hann lokaði dyrunum á landsliðsferlinum samt með sviðsljós heimsins á sér en allur heimurinn fylgdist með hvort litla Íslandi tækist að setja heimsmet og komast á HM alveg eins og heimurinn fylgdist með sögulegri stundi í Eistlandi á síðustu öld þegar feðgarnir Eiður Smári og Arnór Guðjohnsen spiluðu næstum því saman með íslenska landsliðinu.

Eiður Smári kveður landsliðið sem langmarkahæsti landsliðsmaður sögunnar. Hann bætti markamet Ríkharðs Jónssonar á endanum um sjö mörk og er kominn upp í fjórða sætið yfir leikjahæstu landsliðsmenn Íslands enda kominn með 78 A-landsleiki á ferilskrána.

Eiður Smári upplifði vissulega hæðir og lægðir með íslenska landsliðinu en hann var í liðinu á þremur góðæristímum – í frábæru gengi liðsins undir stjórn Guðjóns Þórðarsonar, sigursælu liði sumarið 2003 undir stjórn Ásgeirs Sigurvinssonar og Loga Ólafssonar og loks hjálpaði hann framtíðarlandsliði Íslands alveg að þröskuldi þess að komast á sitt fyrsta stórmót.

Það er af nógu að taka af frábærum stundum Eiðs Smára með íslenska landsliðinu en hér á síðunni smá sjá tíu magnaðar stundir frá mögnuðum landsliðsferli. Það þarf síðan mikið til að taka Eið Smára af stallinum sem besta landsliðsmann Íslands frá upphafi.

ooj@frettabladid.is



**1. 24. apríl 1996, Tallinn í Eistlandi**
Eiður Smári kemur inn á sem varamaður fyrir föður sinn í 3-0 sigri á Eistlandi. Þeir áttu að fá að byrja saman í næsta leik en það varð aldrei að því þar sem Eiður Smári meiddist mjög illa á ökkla í unglingalandsleik í maí og Arnór Guðjohnsen spilaði sinn síðasta landsleik árið eftir.





**2. 4. september 1999, Laugardalsvöllur**
Annar landsleikurinn og sá fyrsti eftir ökklabrotið í maí 1996, 40 mánuðum áður. Eiður Smári kemur inn á sem varamaður á 75. mínútu og skorar sitt fyrsta landsliðsmark á lokamínútunni þegar hann skallar inn fyrirgjöf frá Bjarna Guðjónssyni.



**3. 16. ágúst 2000, Laugardalsvöllur**
Fyrsti landsleikur Eiðs Smára í byrjunarliði A-landsliðsins. Ísland vinnur Svía 2-1, sinn fyrsta sigur á Svíum í 49 ár eða frá 4-3 sigri á Svíþjóð á Melavellinum 1951. Eiður Smári fiskar vítið sem ræður úrslitum en Helgi Sigurðsson skoraði sigurmarkið úr vítaspyrnunni.



**4. 16. október 2002, Laugardalsvöllur**
Eiður Smári skorar tvö mörk í 3-0 sigri á Litháum og komu þau bæði í seinni hálfleiknum. Hann fékk tækifæri til að skora þrennu eftir að hafa verið felldur í vítateignum tveimur mínútum fyrir leikslok. Eiður Smári skaut hins vegar hátt yfir mark Litháa úr spyrnunni.



**5. Sumarið 2003 á Laugardalsvelli, í Vilnius og í Þórshöfn**
Íslenska landsliðið vinnur þrjá fyrstu leiki sína eftir að Eiður Smári fær fyrirliðabandið. Liðið vinnur 2-1 sigur á Færeyjum bæði á Laugardalsvelli og í Þórshöfn og í millitíðinni vinnur liðið 3-0 sigur út í Litháen. Þetta var í fyrsta sinn sem Ísland vinnur þrjá leiki í röð í keppni. Eiður Smári skorar tvö mörk í þessum leikjum og leggur upp önnur þrjú.

**6. 18. ágúst 2004, Laugardalsvöllur**
Eiður Smári skorar fyrra markið í 2-0 sigri á Ítölum fyrir framan 20.204 áhorfendur en þetta áhorfendamet stendur enn þann daginn í dag. Eiður skoraði þarna framhjá Gianlugi Buffon en tæpum tveimur árum seinna urði Ítalir heimsmeistarar undir stjórn Marcello Lippi sem stjórnaði ítalska landsliðinu þarna í fyrsta sinn.



**7. 2. september 2006, Belfast**
Eiður Smári skorar þriðja markið í 3-0 útisigri á Norður-Írum í fyrsta leik Íslands í undankeppni EM 2008. Þetta var 17. landsliðsmark Eiðs Smára í hans 41. landsleik og hann jafnaði þar með markamet Ríkharðs Jónssonar sem hafði átti metið frá árinu 1947.



**8. 13. október 2007, Laugardalsvöllur**
Eiður Smári skorar tvö mörk í 2-4 tapi á móti Lettlandi og á nú markamet landsliðsins einsamall en hann hafði þá ekki skorað fyrir landsliðið í eitt ár og sex leikjum. Ríkharður Jónsson var ekki lengur á toppi listans en hann hafði þá verið markahæsti landsliðsmaður Íslands í 60 ár.



**9. 6. september 2008, Ósló**
Eiður Smári skorar stórglæsilegt mark beint úr aukaspyrnu og tryggir íslenska landsliðinu 2-2 jafntefli á móti Norðmönnum á Ullevaal-leikvanginum í fyrsta leiknum í undankeppni HM 2010. Eiður Smári var næstum því búinn að leggja upp sigurmarkið líka en Veigar Páll Gunnarsson átti þá skot í innanverða stöngina og út á 86. mínútu leiksins.



**10. 5. september 2009, Laugardalsvöllur**
Eiður Smári tryggir íslenska liðinu 1-1 jafntefli á móti Norðmönnum í undankeppni HM 2010 með fallegu skallamarki. Þetta var 60. landsleikur Eiðs Smára sem átti frábæran leik og 24. landsliðsmarkið hans. Eiður Smári skoraði ekki í síðustu 18 landsleikjum sínum.

## Uppklappið

**Haustið 2013 á Laugardalsvelli, í Bern og í Osló**
Eiður Smári hjálpar ungu og upprennandi íslensku landsliði að ná sögulegum árangri með því að komast í fyrsta sinn í umspil um sæti á HM. Hann spilar byrjar fjóra af fimm síðustu leikjum liðsins í keppninni en síðasti landsleikurinn er 2-0 tapleikur á móti Króatíu í Zagreb.




## JÓLABAKKINN

Hamborgarhryggur og kartöflusalat / Jólasíldarsalat
Dönsk lifrarkæfa, sveppir og beikon.




## PEKING ÖND

Steikt Peking önd með Peking sósu, gúrkum, blaðlauk og salatblöndu í mjúkri tortilla köku.




## KÖKUBAKKINN

Eplakaka / Súkkulaðikaka / Gulrótarkaka.




## GAMLI GÓÐI

Hangikjöt, eggjasalat og fínt brauð. Roastbeef, remúlaði, steiktur laukur og fínt brauð. Rækjusalat og fínt brauð.




## EÐALBAKKI

Hangikjöt, piparrótarsósa, salatmix og kornbrauð. Beikon, egg, steiktir, ferskir sveppir og fínt brauð. Kjúklingur, rautt pesto, sýrður rjómi, paprika, salatmix og kornbrauð.




## TORTILLA VEISLUBAKKI

Reykt skinka, egg, jöklasalat. Tikka masala kjúklingur, jöklasalat. Kjúklingaskinka, smurostur, ofnbakaðir tómatar, salatmix.




## TORTILLA OSTABAKKI

Spínat, rauðlaukur, fetaostur, lauksósa. Lúxusskinka, smurostur, salatmix. Reyktur lax, rjómaostur, salatmix.




## LÚXUSBAKKI

Reyktur lax, jöklasalat, chantillysósa, fínt brauð. Kjúklingur, egg, lauksósa og kornbrauð. Kalkúnn, beikon, tómatar, sinnepssósa og kornbrauð.




## TORTILLA HEILSUBAKKI

Heilhveititortilla, hummus, paprika, salatmix. Heilhveititortilla, reyktur lax, salatmix, rjómaostur. Tómattortilla, spínat, fetaostur, rauðlaukur, lauksósa.




## ÁVAXTABAKKI

Vínber, melónur, ananas, appelsínur, perur og fleiri góðir ávextir allt eftir árstíðum og framboði.




## DESERTBAKKI

Vatnsdeigsbollur fylltar með vanillukremi.
Kókostoppar með súkkulaði.



# PANTAÐU SÓMA VEISLUBAKKA Í SÍMA 565 6000 EÐA Á SOMI.IS

**Fyrir fimm eða fimmhundruð.**

Sóma veislubakkar eru tilvaldir í hvers konar veislur, t.d. í afmælisboðið, starfsmannapartíið eða hvenær sem fimm eða fleiri koma saman.

Pantanir þurfa að berast fyrir **kl. 15.30 daginn áður**, alla virka daga.
Pantaðu í síma **565 6000** eða á **somi.is**.

SÓMI

Gilsbúð 9, 210 Garðabæ,
sími, 565 6000, fax 565 6084,
somi@somi.is, www.somi.is

*Frí heimsending á höfuðborgarsvæðinu gildir aðeins ef pantaðir eru 4 eða fleiri bakkar.

# DAGSKRÁ

## Í KVÖLD



### Stöð 2 kl. 20.10
**Doktor**

Sjónvarpskonan Telma Tómasson og læknirinn Teitur Guðmundsson leiða saman hesta sína í nýjum og fróðlegum þáttum, þar sem helstu veikindum, kvillum og sjúkdómum sem hrjá nútímamanninn eru gerð skil á áhugaverðan og fróðlegan hátt.



### Stúdíó A
**SJÓNVARPIÐ KL. 21.20**

Íslenskar hljómsveitir og tónlistarmenn flytja ný lög í myndveri RÚV. Í þessum þætti koma fram Sálin, Leaves, Monotown og Berndsen. Umsjónarmaður er Ólafur Páll Gunnarsson og upptöku stjórnar Helgi Jóhannesson.



### Man. Utd – Barcelona
**STÖÐ 2 SPORT KL. 20.00 25.11.98**

Rifjaðir eru upp bestu leikir ensku stórliðanna í Meistaradeildinni á undanförnum árum.



### Eat Pray Love
**SKJÁR EINN KL. 22.00**

Vönduð kvikmynd, byggð á metsölubók, með Juliu Roberts í aðalhlutverki. Liz uppgötvar skyndilega að hún er föst í vonlausu hjónabandi. Hún leggur land undir fót í þeim tilgangi að finna sig á nýjan leik.

### X-ið kl. 07.00
**Harmageddon**

Harmageddon er morgunþátturinn á X977, alla virka daga klukkan 7-10. Harmageddon er hrikalegur útvarpsþáttur þar sem púlsinn er tekinn á öllu því helsta sem gerist í þjóðfélaginu. Harmageddon er eins alvarlegur og hann er fyndinn.




AVIGNON



Breidd 208 - kr. 188.900

CAJUN



Breidd 230 kr. 182.000

ÁSTRÍÐA FYRIR SÓFUM

BOMBAI



Breidd 240 - kr. 226.000

EDGE



Breidd 280x200 - kr. 253.000

LÍNAN

LINAN.IS BÆJARLIND 16 KÓPAVOGUR SÍMI 5537100


## STÖÐ 2

**07.00** **Barnatími Stöðvar 2**
**08.10** **Malcolm In The Middle**
**08.30** **Ellen**
**09.15** **Bold and the Beautiful**
**09.35** **Doctors**
**10.15** **60 mínútur**
**11.00** **Hell's Kitchen**
**11.45** **Touch**
**12.35** **Nágrannar**
**13.00** **Inkheart**
**14.45** **The O.C**
**15.35** **Ofurhetjusérsveitin**
**16.00** **Hundagengið**
**16.25** **Ellen**
**17.10** **Bold and the Beautiful**
**17.32** **Nágrannar**
**17.57** **Simpson-fjölskyldan**
**18.23** **Veður**
**18.30** **Fréttir**
**18.47** **Íþróttir**
**18.54** **Ísland í dag**
**19.11** **Veður**
**19.20** **Stelpurnar**
**19.45** **The Michael J. Fox Show** *(3:22)* Frábær gamanþáttur með Michael J. Fox í aðalhlutverki. Hér leikur hann persónu sem byggð er á honum sjálfum.
**20.10** **Doktor** Sjónvarpskonan Telma Tómasson og læknirinn Teitur Guðmundsson leiða saman hesta sína í nýjum og fróðlegum þáttum, þar sem helstu veikindum, kvillum og sjúkdómum sem hrjá nútímamanninn eru gerð skil á áhugaverðan og fróðlegan hátt.
**20.40** **Masterchef USA** *(20:20)*
**21.25** **Person of Interest** *(15:22)*
**22.10** **The Kennedy Detail**
**23.40** **Ástríður**
**00.10** **Spaugstofan**
**00.35** **Homeland**
**01.25** **Boardwalk Empire**
**02.20** **Morlocks**
**03.45** **Inkheart**
**05.30** **Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**15.40** **Meistaradeild Evrópu. Ajax - Celtic**
**17.20** **Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur**
**17.50** **Austurríki - Bandaríkin**
**19.30** **Sportspjallið** Vikulegur þáttur í umsjón íþróttafréttamanna 365.
**20.10** **England - Þýskaland**
**21.50** **Svíþjóð - Portúgal**
**23.35** **Þór Þorlákshöfn** Sverrir Bergmann kynnist öllum liðunum í Dominosdeild karla í körfubolta.
**00.10** **Sportspjallið**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**17.20** **PL Classic Matches. Arsenal - Man. United, 2002**
**17.50** **Stoke - Tottenham**
**19.30** **Premier League World**
**20.00** **Man. Utd. - Barcelona - 25.11.98** Rifjaðir upp bestu leikir ensku stórliðanna í Meistaradeildinni á undanförnum árum.
**20.30** **Man. Utd. - Newcastle**
**22.20** **Man. Utd. - Everton**
**00.00** **England - Írland**

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Auðlindakistan **21.30** Fiskikóngurinn

## STÖÐ 3

**16.50** **The Great Escape**
**17.30** **Smash**
**18.15** **Super Fun Night**
**18.35** **Game tíví**
**19.00** **Bunheads**
**19.40** **The X-Factor US** *(17:26)*
**21.05** **Shameless** *(11:12)*
**21.55** **The Tudors** *(1:10)*
**22.50** **Grimm** *(1:22)*
**23.35** **Strike back** *(10:10)*
**00.20** **Bunheads**
**01.00** **The X-Factor US**
**02.25** **Shameless**
**03.15** **The Tudors**
**04.10** **Tónlistarmyndbönd**

## Krakkastöðin

**07.00** Lukku láki **07.24** Ofurhundurinn Krypto **07.45** UKI **07.50** Hvellur keppnisbíll **08.00** Dóra könnuður **08.23** Mörgæsirnar frá Madagaskar **08.45** Doddi litli og Eyrnastór **08.55** Sumardalsmyllan **09.00** Áfram Diego, áfram! **09.24** Latibær **09.36** Svampur Sveins **10.00** Ævintýri Tinna **10.22** Ávaxtakarfan **10.35** Strumparnir **11.00** Lukku láki **11.24** Ofurhundurinn Krypto **11.45** UKI **11.50** Hvellur keppnisbíll **12.00** Dóra könnuður **12.23** Mörgæsirnar frá Madagaskar **12.45** Doddi litli og Eyrnastór **12.55** Sumardalsmyllan **13.00** Áfram Diego, áfram! **13.24** Latibær **13.36** Svampur Sveins **14.00** Ævintýri Tinna **14.22** Ávaxtakarfan **14.35** Strumparnir **15.00** Lukku láki **15.24** Ofurhundurinn Krypto **15.45** UKI **15.50** Hvellur keppnisbíll **16.00** Dóra könnuður **16.23** Mörgæsirnar frá Madagaskar **16.45** Doddi litli og Eyrnastór **16.55** Sumardalsmyllan **17.00** Áfram Diego, áfram! **17.24** Latibær **17.36** Svampur Sveins **18.00** Ævintýri Tinna **18.22** Ávaxtakarfan **18.35** Strumparnir **19.00** GoldiLocks and the 3 Bears Show **20.20** Sögur fyrir svefninn

## GULL

**17.55** **Strákarnir**
**18.25** **Friends**
**18.45** **Seinfeld**
**19.10** **Modern Family**
**19.35** **Two and a Half Men** *(1:24)*
**20.00** **Auglýsingahlé Simma og Jóa** *(4:9)* Auglýsingar gegna mikilvægu hlutverki í öllum samfélögum.
**20.30** **Tekinn**
**20.55** **Svínasúpan**
**21.20** **The Drew Carey Show** *(16:24)*
**21.45** **Curb Your Enthusiasm** *(1:10)*
**22.15** **The Kennedys** *(8:8)*
**23.00** **Twenty Four** *(10:24)*
**23.45** **Game of Thrones** *(9:10)*
**00.40** **A Touch of Frost.**
**02.25** **Auglýsingahlé Simma og Jóa**
**02.55** **Tekinn**
**03.20** **Svínasúpan**
**03.45** **The Drew Carey Show**
**04.10** **Curb Your Enthusiasm**
**04.40** **Tónlistarmyndbönd**

## BÍÓ

**10.35** **Dolphin Tale**
**12.25** **Johnny English Reborn**
**14.10** **The Best Exotic Marigold Hotel**
**16.15** **Dolphin Tale**
**18.10** **Johnny English Reborn**
**19.55** **The Best Exotic Marigold Hotel**
**22.00** **What's Your Number**
**23.45** **Town Creek**
**01.20** **Season Of The Witch**
**02.55** **What's Your Number**

## RÚV

**16.20** **Ástareldur** *(Sturm der Liebe)*
**17.10** **Kóalabræður**
**17.20** **Skrípin**
**17.25** **Stundin okkar**
**17.55** **Táknmálsfréttir**
**18.05** **Kiljan**
**18.45** **Íþróttir**
**19.00** **Fréttir**
**19.30** **Veðurfréttir**
**19.35** **Kastljós**
**20.05** **Villt og grænt** *(4:8) (Fýll)* Úlfar Finnbjörnsson er einn þekktasti villibráðarkokkur landsins og í nýrri þáttaröð sýnir hann áhorfendum hvernig best er að elda og nýta villibráð á sem fjölbreyttastan og bestan máta. Í þessum þætti fer hann á fýlaveiðar með Mýrdælingum og síðan í fýlaveislu.
**20.35** **Innsæi** *(5:10) (Perception)* Dr. Daniel Pierce er sérvitur taugasérfræðingur sem hjálpar yfirvöldum að upplýsa flókin sakamál. Meðal leikenda eru Eric McCormack, Rachael Leigh Cook og Arjay Smith. Bandarísk þáttaröð.
**21.20** **Stúdíó A** *(3:6)* Íslenskar hljómsveitir og tónlistarmenn flytja ný lög í myndveri RÚV. Í þessum þætti koma fram Sálin, Leaves, Monotown og Berndsen. Umsjónarmaður er Ólafur Páll Gunnarsson og upptöku stjórnar Helgi Jóhannesson.
**22.00** **Tíufréttir**
**22.15** **Veðurfréttir**
**22.20** **Ólga í undirheimum** *(2:4) (The Take)*
**23.05** **Downton Abbey** *(4:9) (Downton Abbey)*
**23.55** **Kastljós**
**00.20** **Fréttir**
**00.30** **Dagskrárlok**

## SKJÁREINN

**06.00** **Pepsi MAX tónlist**
**08.00** **Cheers**
**08.25** **Dr.Phil**
**09.10** **Pepsi MAX tónlist**
**14.40** **The Voice**
**17.10** **Gordon Ramsay Ultimate Cookery Course**
**17.40** **Dr.Phil**
**18.20** **America's Funniest Home Videos**
**18.45** **America's Next Top Model**
**19.30** **Cheers**
**19.55** **Solsidan** *(5:10)* Endursýningar á þessum frábæru sænsku gamanþáttum sem slógu í gegn meðal áskrifenda Skjás Eins.
**20.20** **Happy Endings** *(13:22)*
**20.45** **Parks & Recreation** *(13:22)*
**21.10** **Scandal** *(1:7)* Vandaðir þættir sem fjalla um yfirhylmingu á æðstu stöðum í Washington. Olivia er aðalpersóna þáttanna og starfaði áður sem fjölmiðlafulltrúi í Hvíta húsinu.
**22.00** **Eat Pray Love** Vönduð kvikmynd byggð á metsölubók með Juliu Roberts í aðalhlutverki.
**00.20** **Under the Dome**
**01.10** **Excused**
**01.35** **In Plain Sight**
**02.25** **Green Room With Paul Provenza**
**02.55** **The Client List**
**03.40** **Blue Bloods**
**04.30** **Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** Eurosport **08.10** OHL Classic 2013 **11.10** OHL Classic 2013 **14.10** OHL Classic 2013 **17.10** OHL Classic 2013 **20.10** Inside the PGA Tour **20.35** OHL Classic 2013 **23.35** OHL Classic 2013 **02.35** Eurosport

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

# JÓLAILMURINN 2013 FRÁ HERU BJÖRK

**Ilmur af jólum II er hugljúfur og hátíðlegur jóladiskur. Skyldueign á hverju heimili.**

**Fáðu diskinn sendan heim í kvöld**




**2.319**

**FULLT VERÐ** ~~2.899~~

## ÞÚ GÆTIR UNNIÐ MIÐA Á STÓRTÓNLEIKA!

**Nokkrir heppnir kaupendur fá miða á stórtónleikana *Ilmur af jólum* í Grafarvogskirkju þann 8. desember. Þar munu Hera Björk, Eyþór Ingi, Margrét Eir og Pétur Örn syngja lög af disknum og fleiri hátíðleg jólalög ásamt gospelröddum og 50 manna kór undir stjórn Óskars Einarssonar.**



## SENDUM FRÍTT HEIM STRAX Í KVÖLD

innan höfuðborgar-svæðisins.

*Vinsælar gjafir hjá Heimkaupum*

| | | | |
|---|---|---|---|
| Dolce Gusto kaffivél | Berglind Snorra Uppsteyt eyrnalokkar | Erik Bagger skál | |
| PS3 – FIFA 14 | Samsonite snyrtitaska | Canon myndavél IXUS 125 HS | Siku steypubíll |
| Anna Rósa handáburður | Adidas BP Power II bakpoki | Stafræn ljósmyndun – skref fyrir skref | Ostabakki + 3 áhöld |

Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / 550 2700

**heimkaup.is** Örugg vefverslun | Hagstætt verð | Hraðsending | Sendum um allt land

HEIMKAUP

PIPAR\TBWA • SÍA • 133418

**BESTI BITINN**



**Ég mæli með nýja staðnum úti á Granda sem heitir Coocoo's Nest. Þar er mjög metnaðarfullur kokkur við eldavélina og ástríða í hverjum munnbita.**

Björg Magnúsdóttir rithöfundur

# Trentemöller og Diplo á Sónar

Fleiri listamenn hafa bæst í hóp þeirra sem fram koma á Sónar-hátíðinni í febrúar.

„Listinn yfir þá listamenn sem fram koma er að verða mjög sterkur,“ segir Björn Steinbekk, framkvæmdastjóri tónlistarhátíðarinnar Sónar Reykjavík. Danski popp- og raftónlistarsnillingurinn Trentemöller kemur fram á hátíðinni í ár en hann hefur átt viðburðaríkt ár.

„Frá því Trentemöller kom fram á fyrstu Sónar Reykjavík-hátíðinni fyrr í ár hefur hann gefið út sína þriðju breiðskífu og tónleikaskífuna Live in Copenhagen sem inniheldur mikið af hans bestu verkum. Einnig hitaði hann upp fyrir Depeche Mode á Delta Machine-tónleikaferð sveitarinnar í Evrópu,“ útskýrir Björn.

Eitt stærsta nafn danstónlistarinnar í dag, listamaðurinn og plötusnúðurinn Diplo, kemur einnig fram á hátíðinni í ár. „Það er frábært að fá hann hingað og er spennandi að setja plötusnúð eins og Diplo í bílakjallara Hörpu.“

Þá ætlar söngvarinn Högni Egilsson að frumflytja sólóverkefni sitt HE á Sónar. Fyrsta sólóbreiðskífa HE lítur síðan dagsins ljós síðar á næsta ári. Högni kemur einnig fram á hátíðinni með hljómsveitinni Hjaltalín og Gluteus Maximus.

Mikill áhugi er fyrir hátíðinni á erlendum vettvangi. Ein líflegasta tónleikasveit landsins, FM Belfast, hefur einnig staðfest komu sína á hátíðina í ár og mun koma fram í einum af stóru sölunum í Hörpu.

„Við búumst við metfjölda erlendra gesta á hátíðina í ár og hafa rúmlega fjögur hundruð miðar selst til erlendra gesta nú þegar,“ segir Björn. - glp



**KEMUR FRAM** Trentemöller kemur fram ásamt hljómsveit á Sónar í febrúar. MYND/EINKASAFN






**SAMSTARFSVERKEFNI** Á vit er samstarfsverkefni Íslenska dansflokksins, Gus Gus, Hörpu og Listahátíðar í Reykjavík. MYND/EINKASAFN

# Gus Gus fékk stjörnumóttökur í Rússlandi

Þyri Huld dansari ferðaðist með bandinu Gus Gus til Síberíu og Moskvu. Hópurinn þurfti að fá leyfi til að troða upp í Norilsk, einni menguðustu borg heims.

Þyri Huld Árnadóttir dansari ferðaðist til Síberíu og Moskvu með hljómsveitinni Gus Gus, meðal annars til bæjarins Norilsk, sem aðkomufólk fær alla jafna ekki leyfi til að sækja heim. Þar og víðar héldu Gus Gus og Íslenski dansflokkurinn í sameiningu tónlistar- og danssýninguna Á vit.

Ferðin til Norilsk var listamönnunum sérstaklega eftirminnileg. „Við þurftum að fá sérstakt leyfi til að fá að vera þarna,“ segir Þyri Huld. Bærinn er meðal annars þekktur fyrir að höfuðstöðvar Norillag-gúlagsins voru við bæjarmörkin. Þar fer fram stór hluti af allri nikkelframleiðslu heimsins og af þeim sökum er borgin ein af tíu menguðustu borgum veraldar.

„Það er ekki eitt grænt grasstrá í margra kílómetra radíus út frá borginni. Hins vegar voru herbergin full af plöntum sem sátu á stólum inni á hótelinu okkar.“ Þyri segir sýninguna hafa fengið afar góðar viðtökur. „Gus Gus er mjög stórt nafn í Rússlandi. Þau eru algjörar stjörnur.“

Eftir þessa sérstæðu reynslu hópsins í Síberíu tók við meiri íburður í höfuðborg Rússlands.

„Þar vorum við að sýna á einkaklúbbi í einkapartíi fyrir flotta fólkið í Moskvu sem var algjör andstæða við það sem við áttum að venjast í Norilsk. Það var eins og að koma inn í annan heim, svakalega góður matur og allt gert fyrir okkur.“

> **Þar vorum við að sýna á einkaklúbbi í einkapartíi fyrir flotta fólkið í Moskvu sem var algjör andstæða við það sem við áttum að venjast í Norilsk.**

Þyri Huld segir að í Á vit sé listformum blandað saman í meira mæli en oft er gert. Sýningin sé algjör blanda af tónleikum og danssýningu og erfitt sé að greina muninn þarna á milli.

„Venjulega í dansinum er tónlistin fyrst búin til og við dönsum svo eftir henni en þarna má segja að söngvararnir séu hluti af dansverkinu.“

Þyri ber hljómsveitinni afar vel söguna og segir samstarfið hafa verið ánægjulegt. „Það var ótrúlega gaman að fá þetta tækifæri til að gera verk með Gus Gus, enda eru þau öll frábærir listamenn.“

Hópurinn frumsýndi verkið á Listahátíð í Reykjavík 2012 og hefur einnig farið til Danmerkur með sýninguna. Fyrir þau sem misstu af sýningunni á Listahátíð bendir Þyri á að ekki sé ástæða til að örvænta því Á vit verði sýnt aftur á Íslandi á næsta ári.

Um þessar mundir er Þyri á ferðalagi um Belgíu, Frakkland og Þýskaland að sýna verk sem heitir H, an Incident og er eftir belgískan höfund sem heitir Kris Verdonck. Sýningin er unnin í samstarfi við Shalala. Í janúar frumsýnir hún síðan nýtt íslenskt dansverk sem heitir Óraunveruleikir í Kassanum í Þjóðleikhúsinu ásamt Urði Hákonardóttur og Valgerði Rúnarsdóttur.

ugla@frettabladid.is



**VERÐLAUNUÐ** Þyri Huld fékk ásamt öðrum dönsurum Íslenska dansflokksins Grímuverðlaunin árið 2012 í flokknum Danshöfundur ársins. MYND/EINKASAFN






FABRIKAN

habitat

TEKK COMPANY

Tekk-Company og Habitat | Kauptúni | Sími 564 4400 | vefverslun á www.tekk.is

Við erum á Facebook

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
vísir
Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Jóhanna framkvæmdastýra

**Jóhanna Pálsdóttir** hefur hafið störf sem framkvæmdastýra hjá veffyrirtækinu WEDO sem hefur gert vefsíður fyrir mörg stórfyrirtæki hér á landi, þar á meðal Nova, Sagafilm og WOW air. Jóhanna hefur áralanga reynslu í viðskiptalífinu og gegndi meðal annars stöðu markaðsstjóra fyrir Scottish Media Group og Capital Radio í Bretlandi. Þá var hún markaðsstjóri hjá Íslenska dansflokknum og framkvæmdastýra Elite Fashion Academy. **- lkg**



### Eiður vinsæll á Facebook

Meira en tuttugu og fjórum þúsundum líkar við Facebook-síðu sem var stofnuð til heiðurs **Eiði Smára Guðjohnsen** eftir landsleik Króatíu og Íslands í fyrrakvöld. Aðeins um tveimur klukkustundum eftir að síðan Takk fyrir okkur Eiður Smári var stofnuð hafði tæplega tíu þúsundum líkað hún. Hjálpaði þar vafalítið til hjartnæmt viðtal fréttamanns Sjónvarpsins við Eið Smára eftir leikinn, þar sem hann tilkynnti með tárin í augunum að hann væri sennilega hættur að spila með landsliðinu eftir farsælan feril. Miðað við hversu „lækin“ bætast hratt við má telja líklegt að aðdáendum hennar eigi eftir að fjölga um mörg þúsund á næstunni. Stofnendur síðunnar hafa einnig hvatt til þess að Eiður Smári fái að spila kveðjulandsleik og hver veit nema KSÍ verði við þeirri beiðni. **- fb**



## Mest lesið vísir

1 Ótrúleg mynd stuttu eftir slysið
2 Var með lögguna í símanum á meðan þjófarnir börðu hann
3 Viðbrögð Gumma Ben við rauða spjaldinu
4 Ákærður fyrir dýraníð
5 360° myndir komnar á já.is
6 Gæti misst af tveimur milljörðum - Miðinn ósóttur


Í SPOR JÓNS LÆRÐA




Nánar á www.hib.is

HIÐ ÍSLENSKA BÓKMENNTAFÉLAG



